

Bændablaðið

3. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 6. febrúar ● Blað nr. 412 ● 20. árg. ● Upplag 31.000

Lambatittlingarnir slógu í gegn – færri fengu en vildu þessa nýjung í súrmetinu

„Þeir kláruðust strax,“ segir Ingvar Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska, en fyrirtækið bauð upp á súrsaða lambatittlinga nú í byrjun þorra, sem er nýjung sem féll greinilega í kramið hjá landsmönnum.

„Það er ljóst að það var meiri eftirspurn eftir þessari nýstárlegu vöru en við bjuggumst við. Margir vildu fá að prófa þetta en þeir voru því miður færri sem fengu,“ bætir hann við. Í ljósi hins mikla áhuga á súrsuðum lambatittlingum hyggst Norðlenska bæta í framleiðsluna að ári.

Landsmenn hafa verið iðnir við að sækja þorrablót undanfarnar helgar og sporðrennt ógrynni af matvælum sem kennd eru við þennan árstíma, þorran. Þannig gerir SS ráð fyrir að selja um 100 tonn af þorramat nú og Kjarnafæði um 50 tonn, en upplýsingar um magn fengust ekki frá Norðlenska. Ingvar segir þær



trúnaðarmál en magnið sem frá fyrirtækinu fari í ár sé svipað og verið hefur undanfarin ár.

Almennt er fólk fastheldið þegar þorramatur er annars vegar og jafnan eru hrútspungarnir vinsælastir, sem og sviðasultan, bæði ný og súr. Nýjungar líta þó af og til dagsins ljós, til dæmis lambatittlingarnir súru. SS býður einnig upp á nýjungar í ár og má þar nefna rúsínuslátur, sem raunar byggir á gamalli hefð, og einnig Bolabita sem er þurrkað nautakjöt og þykir smellapassa á þorrahlaðborðin. /MPÐ

Líkur á að kólnandi veðurfar setji norðurslóðaverkefni í uppnám

Vísbendingar eru um að kólnað geti hressilega á norðurhveli jarðar á næstu þrem til fjórum áratugum vegna minni virkni á sólinni. Sumir erlendir sérfræðingar tala jafnvel um að lítill ísöld geti verið í aðsigi.

Trausti Jónsson, sérfræðingur í veðurfarsrannsóknum, telur vitneskju skorta til að slá einhverju föstu. Eigi að síður sé óráð að fara

að selja ávinning hlýnunar lands og sjávar hér á landi eins og hún sé endanlega til frambúðar.

Þáll Bergþórsson veðurfræðingur telur möguleika á að það fari kólnandi á næstu 30 ár. Hann telur að sveiflur í hafismyndun séu stærsti orsakabátturinn og sagan sýni að þar sé nú komið að breytingum. /HKr.

– Sjá umfjöllun á bls. 20–21



Salan á þorramat hjá SS á Hvolsvelli losar um 100 tonn á þessari þorravertíð. Hér eru þau Steindór Sigursteinsson og Silvia Stoyanova að að vinna við súrmatinn í kjötvinnslu SS. Þá hefur SS hafið framleiðslu á vöru sem nefnist Bolabiti. Það er þurrkað nautakjöt í loftskiptum umbúðum og smakkast að sögn ekki ólíkt harðfiski. Bolabiti mun verða áfram á boðstólum eftir að þorravertíðinni sleppir.

– Sjá umfjöllun á bls. 12

Álft og gæs hefur fjölgað ört og gerir vaxandi usla í ræktarlöndum bænda sem leita úrræða til að bregðast við:

Dæmi eru um að stór hluti af ökrum bænda hafi eyðilagst

– Bændur leita heimilda til að veiða álft en líka er rætt um aðrar leiðir, meðal annars samstarf við Norðmenn um lausn á málinu

Birkir Arnar Tómasson, bóndi á Móeiðarhvoli við Eystri-Rangá á Suðurlandi, segir löngu tímabært að hefja grisjun á álfastofninum á Íslandi vegna þess gríðarlega tjóns sem álft og einnig gæs valdi í kornræktinni. Birkir er ásamt eiginkonunni Ból Önnu Þórisdóttur tamingakonu með um 70 mjólkurkýr og segist hafa lagt 100 hektara undir kornrækt á síðasta sumri. Þar af hafi álfтин gjöreyðilagst um 10% akranna og etið korn og skemmt af öðru eins til viðbótar.

„Það voru bæði álft og gæs að skemma hjá mér uppskeruna en álfтин þó miklu meira,“ segir Birkir. „Gæsin var bara hér í einu stykki en hitt var skemmt af álft. Þar eyðilagði álfтин alveg 10 hektara og skemmdi annað eins til viðbótar. Það var ekki einu sinni viðlit að slá hálminn á þessum tíu hekturum. Hann var allur slitinn og niðurtraðkaður og skítur úti um allt.“

Ekki bara þörf heldur nauðsyn

„Það er ekki bara þörf á að grisja

álfastofninn, heldur nauðsyn. Það þýðir ekkert hjá mönnum að tala um það á tyllidögum að auka framleiðslu og gera ekkert í því að halda fuglinum í skefjum. Svo horfir maður á fuglinn alla daga éta upp framleiðsluna. Ég held að það sé sjálfhætt í kornræktinni nema að því marki sem maður getur varið með góðu móti fyrir ágangi. Það þýðir ekkert að halda áfram kornrækt með óbreyttu sniði ef ekkert má gera varðandi fuglinn, það er útilokað.“

Grétar Már Þorkelsson á Höfn í Hornafirði hefur umsjón

með úttektum og forðagæslu hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Hann hefur gert samantekt um tjón sem álftir og gæsir ollu á síðasta ári á kornökrum bænd á Suðurlandi. Hann segir að tjónið hafi verið mest í Árnessýslu og þar hafi fuglarnir eyðilagst mikið og allt upp í 70% kornakra þar sem mest var.

Þarf að skoða í samhengi

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, dýravistfræðingur og sviðstjóri dýrafræðisviðs hjá Náttúrufræði-

stofnun Íslands, segir ljóst að anda- og gæsastofnar séu í miklum vexti á norðurhveli jarðar. Erfitt sé þó að alhæfa um tjón af völdum fugla á ökrum og túnum og hvað þeir séu að éta mikið. Líta þurfi á þetta í stóra samhenginu, m.a. við árlegar sveiflur í ræktun vegna veðurs og hvert hlutfallslegt tjón bænda sé beinlínis vegna ágangs af fugli. Hann segir þó ljóst að álfтин sé stór og mikill fugl sem þurfi mikið fóður. Þá troði hún mikið niður og eyðileggi þar sem hún fari inn á akra.

– Sjá nánar á bls. 25-27 /HKr.

Fréttir

Sjálfsseignarstofnun Lbhí: Stjórn BÍ vill skoða aðkomu að málinu

Stjórn Bændasamtaka Íslands vill skoða að komið verði á fót sjálfsseignarstofnun um rekstur Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Samþykkti stjórnin samhljóða að fela formanni og framkvæmdastjóra að skoða kosti og galla slíkrar stofnunar.

Fjallað var um þessi mál í starfshópi um málefni Lbhí sem sveitarfélagið Borgarbyggð stofnaði til. Þar er einnig talið brýnt að fá heimild ríkisins til að selja ýmsar jarðir og aðrar eignir skólans til þess að jafna uppsafnaðan rekstarhalla undanfarinna ára.

Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ, segir að þær tillögur sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur kynnt um ýmsar eignatilfærslur og ný verkefni henti í raun þrýðilega fyrir sjálfsseignarstofnun eða sjálfstæðan ríkisháskóla. Sameining við HÍ sé allt annað mál.

„Það ber þó að fagna því að ráðherrann vill liðka til fyrir verkefnum og fjármögnun þeirra, en við þurfum sjálfstæðan landbúnaðarháskóla sem hefur á sínum snærum öflugt starfsnám í garðyrkju og búfræði. Að slíta starfsmenntanámið frá háskólanáminu væri mikil afturför.“

Byggðastofnun: Lán vegna jarðakaupa eða kynslóðaskipta

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar hinn 6. desember 2013 var samþykkt að bjóða upp á sérstök lán til jarðakaupa til að greiða fyrir kynslóðaskiptum í landbúnaði.

Lánin verða verðtryggð jafngreiðslulán til allt að 25 ára með 5% vöxtum. Möguleiki er á að semja um að aðeins verði greiddir vextir fyrstu þrjú árin. Skilyrði fyrir slíku láni er að á viðkomandi jörð sé stundaður búskapur í atvinnuskyni og þar sé föst búseta.

Ekki er lánað vegna viðskipta einkahlutafélags og eigenda þess, eða vegna innbyrðis viðskipta hjóna eða sambýlisfólks.

Sauðfjárafurðir: Flutt út fyrir rúma 3,5 milljarða 2013

Útflutningsverðmæti sauðfjárafurða varð rúmir 3,5 milljarðar árið 2013, sem er talsverð aukning miðað við 2012, þegar það var rúmir þrír milljarðar. Aukningin er því tæp 16% á milli ára. Magnaukning er hins vegar ríflega 20% (1.300 tonn), en minnst af því er kjöt.

Hækkun kjötverðs á milli ára er sjö prósent, svipuð og afurðaverðshækkun til bænda síðastliðið haust.

Innmatur hækkar verulega milli ára. Bæði hækkar hann mest milli ára og magnið eykst verulega.

Í kjötafurðum er Noregur mikilvægasti markaðurinn eins og áður. Hong Kong er komið í annað sæti í krafti mikils magns, þá Bandaríkin, Færeyjar og Bretland.

Verð á ónunnum gærum endaði á svipuðum slóðum og 2012 eftir lækkunar framan af.

Stórkostleg lækkun á unnum gærum skýrist af stórauðum útflutningi á sútuðum gærum á kostnað mokaðskinnsgæra, sem lækkar meðalverðið mikið. Mokaðskinnsgæru eru margfalt verðmætari og magnið á þeim hefur ekki minnkað. Ullarvörurnar standa hins vegar lakast.



Undirrituðu sáttmála um upprunamerkingar. Frá vinstri: Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, Björgólfur Jóhannsson, formaður SA, og Jóhannes Gunnarsson, formaður NS. Undirritunin fór fram í höfuðstöðvum Sölufélags garðyrkjumanna, en félagið hefur löngum verið í fararbroddi í upprunamerkingum á sínum vörum.

Leggjast á eitt við að bæta upprunamerkingar matvæla

– sjálfsögð réttindi að vita hvaðan maturinn kemur segja forsvarsmenn BÍ, SA og NS

Bændasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins og Neytendasamtökin hafa skrifað undir sáttmála um upprunamerkingar á matvælum þar sem kveðið er á um vilja þeirra til að standa saman að bættum upprunamerkingum. Samtökin telja það sjálfsögð réttindi neytenda að vita hvaðan maturinn þeirra kemur.

Samstarfsaðilarnir þrír hafa hleypt af stokkunum átaksverkefni til að fylgja eftir þessu stefnumáli sínu og mun það standa yfir út árið 2014. Það voru formennirnir Sindri Sigurgeirsson, Björgólfur Jóhannsson og Jóhannes Gunnarsson sem skrifuðu undir sáttmálann fyrir hönd sinna samtaka.

Verkefnastjórn samstarfsaðilanna þriggja mun vinna að vitundarvakningu meðal matvælaframleiðenda og innflytjenda á matvælum og hvetja þá til að merkja upprunaland matvörunnar



með skýrum hætti. Unnið verður að leiðbeinandi tillögum um merkingar og neytendur hvattir til að kynna sér uppruna matvæla.

Sáttmálinn var undirritaður í höfuðstöðvum Sölufélags garðyrkjumanna. Ástæða þess að sá staður var valinn er sú að Sölufélagið hefur upprunamerkt

Sáttmáli um upprunamerkingar

Bændasamtök Íslands, Neytendasamtökin og Samtök atvinnulífsins fagna þeirri umræðu sem uppi hefur verið um mikilvægi þess að að neytendum sé ávallt ljóst hvert er upprunaland matvörunnar sem þeim stendur til boða, bæði í verslunum og veitingahúsum hérlendis.

Samtökin hvetja matvælaframleiðendur og innflytjendur að standa vel að merkingum á uppruna matvæla og hvetja neytendur til þess að láta sig þetta mikilvæga málefni varða og krefjast upprunamerkinga á öll matvæli.

Það er vilji samtakanna að markmið þeirra um upprunamerkingar matvæla nái fram að ganga og að allir leggist á eitt um að svo megi verða.

vörur sínar í rúman áratug og lengi fylgt ströngum reglum um gæðaeftirlit. Markmið SFG er að upplýsa sína viðskiptavini um

það hvaðan vörurnar komi sem samræmist vel markmiðum sáttmála samtakanna þriggja.

/TB

Atvinnuvegaráðuneytið:

Skorið niður á landbúnaðarskrifstofu

– hagræðingarkrafa á stjórnarráðið hittir skrifstofu matvæla, landbúnaðar og byggðamála illa fyrir

Fækkað hefur verið um sex stöðugildi í atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu og tóku þær breytingar gildi um síðustu mánaðamót. Ástæðan er hagræðingarkrafa sem lögð var á öll ráðuneyti í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Niðurskurðurinn nemur fimm prósentum og lagði fjárlaganefnd hann til við aðra umræðu fjárlaga. Sparnaðurinn verður um 330 milljónir króna í stjórnarráðinu öllu.

Störfum í atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu fækkar sem áður segir um sex og er það gert með þeim hætti að fjórum starfsmönnum hefur verið sagt upp, einn er hættur og tveir starfsmenn fara í hálf t starf. Niðurskurðurinn í kemur býsna hart niður á skrifstofu matvæla, landbúnaðar og byggðamála. Þannig hefur Kristni Hugasýni, sérfræðingi og fyrrverandi hrossaréktarráðunauti Bændasamtakanna, verið sagt upp störfum. Þá hefur starfshlutfall

Nielsar Árna Lund verið fært niður í fimmtíu prósent, en hann hefur starfað um árabíl í ráðuneytinu, meðal annars sem skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytisins á sínum tíma. Sömu sögu er að segja um Halldór Runólfsson, skrifstofustjóra skrifstofu matvæla, landbúnaðar og byggðamála og fyrrverandi yfirdýralækni. Hann mun láta af embætti skrifstofustjóra og mun sinna sérfræðistörfum í hálfu starfi í ráðuneytinu. Rétt er einnig að nefna að Ingimar Jóhannsson, sérfræðingur á skrifstofu sjávarútvegs- og fiskeldis, sem lengi hefur starfað að fiskeldismálum, hefur einnig látið af störfum. Því er um allmiklar breytingar að ræða sem snerta landbúnað beint.

Ekki búið að klára skipulagsbreytingar

Þórir Hrafnsson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir að ekki sé búið að ákveða endanlega hvernig staðið

verði að skipulagsbreytingunum þó búið sé að segja upp starfsfólki.

„Það er of snemmt að segja til um hvernig þessar skipulagsbreytingar munu líta út í ráðuneytinu. Ástæða breytinga á starfsmannahaldi nú helgast af því að ákveðið var að klára þau mál fyrir mánaðamót en enn á eftir að klára útfærslu á heildarmyndinni.

Það liggur fyrir að það þarf að klára þessar breytingar hratt og örugglega en ég vil þó ekki setja fram neinar tímasetningar í þeim efnum.“

Framhaldið ekki ljóst

Spurður hvort auglýsa eigi stöðu skrifstofustjóra skrifstofu matvæla, landbúnaðar og byggðamála að nýju þegar Halldór Runólfsson víkur úr þeim stól segi Þórir það ekki ákveðið. Þá ítrekaði hann að eftir væri að klára útfærslu breytinganna

þegar hann var spurður hvort skrifstofa matvæla, landbúnaðar og byggðamála myndi starfa áfram í óbreyttri mynd.

„Menn horfa til allra þátta í rekstri ráðuneytisins. Skrifstofan mun sinna sínum verkefnum hér eftir sem hingað til og verkefni flytjast milli starfsmanna, í það minnst fyrst um sinn.“

Framsóknarflokkurinn boðaði að breytingar yrðu gerðar á ráðherraskipan um síðustu áramót og ráðherrum flokksins fjölgað. Enn bolar þó ekki á þeim breytingum og Sigurður Ingi Jóhannsson gegnir enn embættum bæði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem og umhverfisráðherra.

Spurður hvort til standi að skipta upp atvinnuvegaráðuneytinu segir Þórir að ekki hafi verið teknar neinar ákvarðanir í þeim efnum. „Það hefur engin opinber umræða farið fram í þá átt.“

/fr

Við vitum að allt getur gerst í landbúnaði

Eins og bændur og búalið vita eru nær engin takmörk fyrir því sem getur komið upp á. Sérfræðingar fyrirtækjapjónustu VÍS bjóða sérsniðna tryggingavernd

eftir breytilegum þörfum þeirra sem starfa í landbúnaði. Þannig getur þú einbeitt þér að því sem þú gerir best. **VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís



Fréttir



Vinna saman að matarhátíð í Hörpu. Eirný Sigurðardóttir, eigandi Búrsins, Jón Haukur Baldvinsson, verkefnisstjóri Food & Fun, Thelma Sigurðardóttir, verkefnastjóri ráðstefnusviðs Hörpu, og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna.

Mynd / TB

Setningarathöfn Búnaðarþings í fyrsta sinn í Hörpu:

Samvinna um matarhátíð í Hörpu

Það verður líf og fjör í Hörpu laugardaginn 1. mars næstkomandi, en þá verður haldin sannkölluð matarhátíð í þessu stærsta félagsheimili Íslendinga.

Bændasamtök Íslands munu setja Búnaðarþing með formlegum hætti í hádeginu í salnum Silfurbergi við hátíðlega athöfn. Landbúnaðarverðlaunin verða afhent og gestum boðið upp á ferska hádegishressingu. Allir eru velkomnir á setningarathöfnina, en að þessu sinni verður lögð sérstök áhersla á að bjóða starfsfólki í fyrirtækjum sem tengjast landbúnaði að samgleyðast með bændum þennan dag.

Á sunnudaginn hefjast hefðbundin þingstörf Búnaðarþings á Hótel Sögu, en áætlað er að þingið standi fram til þriðjudagsins 4. mars.

Kokkakeppni Food & Fun

Eftir setningarathöfn Búnaðarþings verður kokkakeppni Food & Fun í Norðurljósalnum, þar sem fólk getur fylgst með matreiðslumönnum etja kappi í sínu fagi. Jón Haukur Baldvinsson, verkefnisstjóri Food & Fun, lofar góðri stemningu á kokkakeppninni. „Á sama tíma verða sextán veitingahús, sem taka þátt í Food & Fun, með matarkynningar og bjóða gestum að bragða á fjölbreyttum réttum. Það verða tónlistaratriði og við munum svo sannarlega endurspegla þá jákvæðu heildarupplifun sem fylgir Food & Fun.“

Unnið er að því að fá afurðafyrirtæki bænda og vélasala til þess að leggja hátíðinni lið og sýna hvað þau hafa upp á að bjóða. Grillvagn sauðfjárbænda verður fyrir utan Hörpuna ásamt hamborgarabílnum Tuddanum úr Kjósinni.

Vonast eftir þúsundum gesta á matarmarkað

Ljúfmetisverslunin Búrið heldur víðfrægan matarmarkað í Hörpunni á sama tíma og Búnaðarþing og Food & Fun. Jólamarkaður Búrsins sló eftirminnilega í gegn í desember þegar 16 þúsund gestir streymdu í húsið til að kaupa sér mat beint frá frumframleiðendum. Eirný Sigurðardóttir, sem stýrir markaðnum ásamt Hléðisi Sveinsdóttur, á von á mörgum viðskiptavinum, en markaðurinn verður haldinn bæði á laugardag og sunnudag. „Það er mikil eftirspurn hjá neytendum að koma á matarmarkaði þar sem framleiðendum og vörum þeirra er hampað með þessum hætti. Það sem mig langar að sýna er rjóminn í íslenskrí matvælaframleiðslu og þarna geta neytendur hitt framleiðendur milliliðalaust.“ Eirný segir að stór hópur komi að markaðnum og fjölbreyttur matur verði í boði, til dæmis súkkulaði, mjólkurvörur frá Örnun, nautakjöt, karamellur, sultur, svínakjöt og ótalmargt fleira.

/TB

Skýrsla um hagkvæmni þess að kynda byggðina í Grímsey með viðarkögglum:

Nægt framboð af grisjunarviði úr norðlenskum skógum

Niðurstöður skýrslu sem nefnist Könnun á hagkvæmni þess að kynda upp byggðina í Grímsey með viðarkögglum eða kurlri benda ótvírætt til þess að kurlkyndistöð geti verið vænlegur kostur í Grímsey. Slík stöð muni spara þjóðarbúinu útgjöld, minnka útblástur mengandi efna og koltvísýrings og auka lífsgæði eyjarskeggja.

Skógrækt ríkisins, Norðurlands-skógar, Skógræktarfélag Eyfirðinga og Akureyrarbær fengu styrk úr Orkusjóði árið 2011 til að kanna hagkvæmni þess að setja upp viðarkyndistöð í Grímsey, en Grímseyingar kynda hús sín með olíu. Skýrslan kom út nýverið og er höfundur hennar Rúnar Ísleifsson skógræktarráðunautur.

Fjárfesting upp á 85 milljónir

Alls eru í Grímsey 30 íbúðarhús og 10 hús þar sem stundaður er atvinnurekstur. Áætlað er að um 500 kílóvatta afl þurfi til að kynda þetta húsnæði og um 100 kílóvött að auki til að kynda upp grunnskólann á staðnum og sundlaugin. Orkuþörfin er metin á 1.800 til 2.000 metavattstundir á ári. Samkvæmt úttekt sem gerð var á vegum Verkfræðistofu Norðurlands er stofnkostnaður við uppsetningu hitaveitukerfis með viðarkyndistöð um 130 milljónir króna, en frá þeirri tölu má draga eingreiðslu frá hinu opinbera og heimlagningargjöld. Fjárfestingin gæti því numið um 85 milljónum króna.

Um 170 þúsund lítrar af olíu eru nýtt til að kynda húsin í eynni upp. Ríkissjóður niðurgreiðir olíukostnað Grímseyinga um 8 milljónir króna á ári.

Ríkið gæti sparað 5 milljónir á ári

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni myndi viðarkyndistöð með fjarvarmaveitu geta framleitt hverja kílóvattstund á 10 til 13 krónur, en tæplega 18 krónur kostar að framleiða hverja kílóvattstund



Grímsey.

Mynd / Einar Friðþjófsson



Skógarhögg í Vaglaskógi.

með olíu. Ríkið gæti sparað sér allt að 5 milljónir króna á ári í niðurgreiðslur verði þessi kostur fyrir valinu, en tekið er fram í skýrslunni að enn eigi eftir að kanna ýmsa fleti málsins áður en ákvörðun verður tekin eða ráðist í þetta verkefni.

Fram kemur einnig að nægt hráefni er til staðar í norðlenskum skógum og mun til framtíðar litið aukast með aukinni grisjunarþörf. Sem stendur fer nær allur trjáviður sem til fellur við grisjun í fjórðungnum í járnblendiverksmiðju

Elkem á Grundartanga þar sem hann er nýttur sem kolefnisgjafi. Markaður fyrir viðinn er lítill norðan heiða, en myndi breytast yrði hann nýttur sem orkugjafi í Grímsey.

Þörfin áætluð um 650 rúmmetrar af föstum viði

Áætlað er að árlega næstu tíu árin muni falla til um 1250 rúmmetrar af föstu viðarefni við grisjun í norðlenskum skógum í eigu Skógræktar ríkisins. Skógræktarfélag Eyfirðinga gæti þurft að grisja um 1400 rúmmetra og þá er áætlað að um 1000 rúmmetrar falli til hjá skógarbændum og öðrum skógar eigendum á Norðurlandi. Samanlagt er því hægt að grisja á hverju ári um 90 ha af skógi og raunhæft að áætla að um 3.500 rúmmetrar að viði falli þannig til árlega. Sem er meira en nóg til að kynda öll hús í Grímsey. Talið er að til þess þurfi um 650 rúmmetra af föstum viði.

Mikill ávinningur myndi fylgja því að skipta um orkugjafa í Grímsey, fara úr olíu yfir í innlendan orkugjafa, viðarkurl. Þannig mætti spara gjaldeyri, draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og jafnvel skapa störf við skógarhögg og viðarvinnslu.

/MPÞ

Sala á þorramat jókst eftir hrun

– segir Ólafur M. Þórisson, markaðsstjóri Kjarnafæðis

„Við erum léttir, ljúfir og kátir,“ segir Ólafur M. Þórisson, markaðsstjóri hjá Kjarnafæði. „Þorinn er alltaf skemmtilegur, við byrjum að leggja línurnar í lok sumars, þannig að tíminn sem fer í undirbúning er langur og því mjög gaman þegar Þorinn gengur í garð!“

Ólafur segir áætlað að Kjarnafæði selji af alls kyns þorramat um 50 tonn þegar allt er talið. Þar af er súrmatur um 15 til 20 tonn. Hann segir að sala á þorramat hafi tekið kipp strax eftir hrun, en árin á undan hafði heldur dregið úr sölnunni. „Það er eins og fólk hafi í ríkari mæli leitað í íslenskan mat og íslenskar hefðir eftir hrúnið, í það minnsta jókst sala á þorramat sem heldur hafði verið að dala á góðærisárunum,“ segir hann.

Hollur matur

Hann segir eldra fólk vant því að borða súrmat, en síður það yngra. Þó hafi sú hefð skapast að bjóða upp á þorramat í leikskólum og hafi mælt vel fyrir. Einnig segir Ólafur að víða á þorrablótum sé boðið upp á t.d. saltkjöt og bjúgu auk hinna hefðbundnu þorramatvæla. „Það



Súru hrútsþungarnir eru afar vinsælir.

má líta á það sem nokkurs konar inngönguleið fyrir yngra fólk, þetta er gamaldags íslenskur heimilismatur og vel við hæfi að bjóða upp á slíkan mat svo þeir sem ekki eru gefnir fyrir þetta súra fái eitthvað í gogginn líka,“ segir hann.

„Við höfum bent á að súrmaturinn er hollur, en sýran í mysunni dregur í sig allt salt. Súrmaturinn er því saltlaus og að auki fullur af vítamínum. Það gerir mönnum því bara gott að gæða sér á honum eftir allt reykt og saltaða kjötið yfir hátíðarnar,“ segir Ólafur.

Pungarnir vinsælir

Sala á þorramat hefst yfirleitt þó

nokkuð fyrir bódadag, viku til tíu dögum fyrr, en Ólafur segir að langmest sé salan tvær fyrstu helgar þorrans. „Það er gríðarlegt magn sem fer út fyrir og um þessar tvær fyrstu helgar, en svo fer að draga úr þó að auðvitað kaupi fólk bita og bita allan þorran.“

Hrútsþungar og sviðasulta eru vinsælustu matvælin í þorrabökkum landsmanna, svo hefur alltaf verið segir Ólafur og gerir ekki ráð fyrir mikill breytingu þar á.

Þrátt fyrir þessi orð Ólafs virðist nýjungin þeirra „lambatittlingarnir“ hafi rækilega slegið í gegn og stimplað sig inn í þorramatsflórana. Þeir seldust upp á augabragði eins og greint er frá á forsiðu. /MPÞ



Sæluathvarf – „Svefntunna“

Stærð: 4x2.2 m. Svefn- og seturými. Svefnherbergi: 2x2 m hannað fyrir eina stóra rúmdýnu. Bekkir og felliborð í seturými. Opnanlegur gluggi í svefnrými, val um mismunandi glugga. Einföld og góð lausn til að auka gistirými á ódýran hátt. Tunnan er einnig fánleg sem Saunatunna eða Heitur pottur.

Hentar vel þar sem ekki er heitt vatn eða rafmagn. Hagstæð verð.

BLIKKÁS – FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funi.is – www.blikkas.is

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandsþóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Baðstofurómantík

Við Íslendingar eigum merkilega en sviptingasama sögu. Á fyrstu öldum búsetunnar voru skrifaðar sögur hérlandis sem eru enn hluti af heimsmenningunni, en um þremur öldum eftir landnám réðum við ekki lengur við að stjórna okkur sjálf. Við lifðum hins vegar lengi á fornri frægð Íslendingasagnanna, ekki síst þegar náttúran var sem hryssingslegust fyrr á öldum. Atvinnuhættir og þjóðfélagið allt breyttist löngum lítið frá ári til árs og jafnvel milli alda. Sögurnar urðu nánast goðsagnir á tímabili eins og þegar Halldór Laxness lætur Jón Hreggviðsson ítrekað segja í Íslandsklukkunni að Gunnar á Hlíðarenda, forfaðir sinn, hefði verið tólf álnir á hæð – sem jafngildir sex og hálfum metra.

Þegar breytingar urðu loksins þegar komið var fram á 20. öld voru þær mjög örar. Ekki hafa mörg lönd breyst jafn hratt á jafn skömnum tíma. Þeir sem núna eru komnir á efri ár geta rifjað upp hreint ótrúlegan viðsnúning á þjóðfélaginu. Ekki er langt síðan þjóðin kom út úr torfbæjunum og fór að tileinka sér breytta lífnaðarhætti samfara tæknibyltingu á flestum sviðum. Búsetumynstrið hefur breyst gríðarlega, íbúafjöldinn er nærri fjórfalt meiri en fyrir 100 árum, lífskjör, innviðir, almenn velferð og allar aðstæður gjörbreyttar.

Þessu öllu höfum við aðlagast með undraskjótum hætti. Við höfum reynt að nýta þau tækifæri sem við höfum fengið og það hefur að mestu gengið vel þótt það sé og verði alltaf



Glaumbær í Skagafirði. Ekki er langt síðan þjóðin kom út úr torfbæjunum og fór að tileinka sér breytta lífnaðarhætti samfara tæknibyltingu á flestum sviðum. Landbúnaðurinn þarf áfram að sækja fram á komandi árum. Mynd / HKr.

umdeilt. Þó að ekki líki öllum vel það sem breyst hefur er lítið um að lagt sé til að snúið sé aftur til fortíðar. Þó að þeir sem fæddust í torfbæ minnst þess sennilega á jákvæðan hátt er það engu að síður staðreynd að þeir eru ekki lengur byggðir til búsetu og það yrði snúið fyrir nútíma Íslendinga að taka þá hætti upp að nýju sem fylgdu þeim húsakynnum.

Í gegnum miklar breytingar

Landbúnaðurinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar eins og annað í þjóðfélaginu. Landbúnaður fyrri tíma byggði á handverkferum og mörgum höndum til að nota þau. Framleiðslan var fyrst og fremst til að fæða og klæða fólkið sem bjó þar sem hún varð til. Sú litla umframframleiðsla sem varð til var nýtt til að kaupa það sem alls ekki var hægt að framleiða heima við, eins og salt, sykurl, kornvöru og fleira. Þegar fólk fór í auknum mæli að flytja sig úr sveitunum í þorp og bæi við ströndina gekk það ekki lengur upp og vélvæðingin

hóf innreið sína. Þegar sífellt fleiri störfuðu ekki lengur við að framleiða mat ofan í sjálfa sig þurfti á sama hátt að breyta framleiðsluháttum í sveitum í grundvallaratriðum til að sinna þeim þörfum. Meirihluti framleiðslunnar var nú seldur af bæ, ræktunarmöguleikar urðu meiri sem og uppskeran, bæði af gróðri og afurðum búsmalans. Sú þróun hefur haldið áfram fram á okkar daga. Landbúnaðurinn hefur sífellt leitað leiða til að bæta gæði, hagkvæmni og afkomu bænda um leið.

Það starf mun og verður að halda áfram en um leið þarf alltaf að hafa í huga hvað neytendur raunverulega vilja. Áherslur þeirra breytast eins og annað. Lengi framan af var öll áhersla á að verðið væri alltaf sem lægst. Sú krafa er enn fyrir hendi en áhugi á framleiðsluháttum, dýravelferð, uppruna og öðrum aðferðum sem notaðar eru við úrvinnslu matvæla hefur aukist verulega á síðustu misserum. Því ber að fagna. Allt sem eykur tengsl og skilning milli bænda og neytenda hjálpar landbúnaðinum að þróast í takt við tímann og sinna

markaðnum betur. Ef neytendur kalla til dæmis eftir meira framboði af lífrænum vörum þarf greinin að taka það alvarlega og neytendur þurfa líka að sýna því skilning að sú framleiðsla kostar meira.

Á sama tíma hefur reglusetning og eftirlit yfirvalda einnig margfaldast, með tilheyrandi kostnaði. Gerðar eru miklar kröfur um hvernig staðið er að málum og það er ekkert einfalt mál lengur að strokka smjör, búa til ost eða slátra gripum heima á bæ, að minnsta kosti ef ætlunin er að selja afurðirnar. Það er heldur ekki í samræmi við nútímaþróun að beita sauðfé á vetrum og treysta á að það fái nóg að éta með því að róta í gegnum snjóinn. Það er bara ekki boðlegt lengur, hvorki gagnvart skepnunum né gróðrinum. Það er heldur ekki neikvæð þróun að kúr gangi lausar í fjósum og ráði sjálfar hvenær þær vilja láta mjólka sig, fremur en að vera bundnar á sama básinn allan veturinn og mjólkaðar eftir tíma fjósamannsins.

Sókn og frekari þróun

Landbúnaðurinn þarf áfram að sækja fram á komandi árum. Við eignum að framleiða stærri hlut af innanlandsneyslu matvæla hérlandis, en við eignum að gera það í góðum tengslum við neytendur, með skýrum upprunamerkingum og gagnsæjum framleiðsluháttum. Við eignum alla möguleika til þess með því að halda áfram að þróast í takt við samfélagið og horfa til framtíðar en það er engin framtíð í fortíðinni.

/SSS

Fyrsta fjórhjóladrifna dráttarvélin á Íslandi?

Þorsteinn Kjartansson, frá Svelgsá í Helgafellssveit á Snæfellsnesi, hafði samband við Bændablaðið með fyrirspurn um fyrstu fjórhjóladrifnu dráttarvélnar sem fluttar voru til landsins.

„Veit einhver hvenær fyrsta fjórhjóladrifna dráttarvélin kom til Íslands? Einnig af hvaða tegund hún var, hver kaupandinn var eða á hvaða bæ hún fór,“ spyr Þorsteinn.

Þorsteinn segist líka hafa áhuga á að vita hvernig sú vél hafi verið tollafgreidd. Ástæðan fyrir fyrirspurninni er að árið 1968 kom hingað til lands fjórhjóladrifin Deutz D 4006A dráttarvél sem sýnd var á landbúnaðarsýningu í Laugardalshöllinni sama ár. Þar sem vélin var fjórhjóladrifin segir Þorsteinn að tollayfirvöld hafi ekki viljað skrá hana sem dráttarvél heldur sem iðnaðartæki sem bar háa tolla. Þess vegna hafi bændur ekki treyst

sér til að kaupa vélin. Í kjölfar fyrirspurna fengust yfirvöld þó til að láeka tolla og varð verðið á vélinni þá skaplegra. Segir Þorsteinn að þegar svo var komið hafi frændi hans Bergsveinn Þorsteinsson bóndi á Svelgsá keypt dráttarvélin, sem Þorsteinn telur vera fyrstu fjórhjóladrifnu dráttarvélin á landinu. Hann segir hins vegar að það hafi verið véfengt við sig og því vilji hann komast að því hvort menn geti lagt fram upplýsingar um eitthvað annað. Reyndar var viðtal við Þorstein og Guðmund bróður hans í Bændablaðinu 27. maí 2008. Þar er líka mynd af þeim bræðrum við vélin nýpupperða.

Viðtal við bræðurna Guðmund og Þorstein Kjartanssyni sem birtist í Bændablaðinu 27. maí 2008.

Alt er fertugum fært!

Bræðurnir Guðmundur og Þorsteinn Kjartanssynir frá Svelgsá í Helgafellssveit gerðu nu í öndverðum maí stans á Hvanneyri á reisu sinni með nýpupperða Deutz-dráttarvél D 4006A.

Nú eru það engin tilfelli að menn geri upp gamlar dráttarvélar. Deutz þessi er hins vegar meikur fyrir það að þarna fer fyrsta framdrifs-dráttarvélin sem til landsins kom, að því er kunnugir þessum.

Deutzinn góði kom nýr til landsins vegna Landbúnaðarsýningarinnar í Reykjavík 1968. Dráttarvélin vakti mikla athygli bænda, en kostaði einn og tveir dráttarvélar þá. Hann seðist því ekki fyrir en árið eftir en þá hafði tekist að fá ögn leiknaða tulla af aðdrifsdráttarvélum. Þá var það sem Bergsveinn Þorsteinsson, frændi bræðranna og bóndi á Svelgsá, keypti gripinn. Var vélin notað til jarðvinnu á mörgum hájum í Helgafellssveit og þótti atvagns vinnutæki. Leið enda ekki á löngu þar til framdrif var orðið staðalbúnaður á flestum stærri dráttarvélum bænda.

Þeir bræður Guðmundur og Þorsteinn eignuðust vélin fyrir nokkrum árum og hafa nú gert

hana listilega vel upp. Að verki lúku ákvaða þeir að aka vélina sömu leið og hún fór fyrir tæpum 40 árum: úr Reykjavík vestur að Svelgsá, um Hvalfjörð og yfir gömlu Hvítárbú. Eftir heids-áningu á Svelgsá hugðust þeir halda inn Skógarströnd og um Dali, allt til Pálmálandar við Miðfjarðarvatn, en þar er sveitasetur þeirra bræðra.

Heim komnir í Pálmáland bringlu þeir bræður og gáfu undirrinnum glögga skylda um framvindu Deutz-forðarinnar. Þeir höfðu hafi samlegan meðvind vestur Myrar og allt til Helgafellssveitar, hvar þeir við Svelgsá, þar sem dráttarvélin átti lengst af heimili og varnarþing, minnst salla ára þegar Deutzinn var sú eina dráttarvél á landinu er að hafi á framhjólum líka.

Eftir fleiri áningar í hinni fornu heimavætt beutisýndarinnar græna, m.a. á Narfeyri, sem föstr- að einn mesta starfðráðing þjóðarinnar, héldu þeir í austurari til niverandi heimahaga í Hvanngingi. Tók þá heldur að anda í mót. Öx andbyr jafnt því sem fleiri kílómetrar af Dalavegi voru undir dekk lagðir. Fyrir svo að Þorsteinn, sá er alla leiðina öx, hafði bráti



Bræðurnir Guðmundur og Þorsteinn Kjartanssynir lagðu 400 km að baki á sögunum á þessari nýpupperða Deutz-dráttarvél, sem talin er fyrsta framdrifsvélin sem kom til landsins.

hæðina sem viðbit, rétt eins og

þjatur í Sumarhúsum eftir reid-

ina á hveimarfinum. Mátta bræður

því leita Deutz hælis á bæ einum í

Laxárdal framanverðum, þar sem

nóttin leið af án tilfunda.

Vætt var orðið fullþjór af næsta

degi er Þorsteinn var aftur settur

undir stýri og hafði sett stefnu á

fjórhjóladrifna dráttarvél sem þeir telja vera þá fyrstu á Íslandi, geta haft samband við Þorstein í síma

551-9971, eða sent upplýsingar til Bændablaðsins á netfangið hk@bondi.is

/HKr.

LOKAORÐIN

Ryðgaður nagli

Ákveðnir miðlar hafa hamast eins og rjúpur við staura undanfarna mánuði við að upplýsa auman almenning um gríðarlegan áhuga Íslendinga fyrir því að ganga í Evrópusambandið. Skoðanakönnun eftir skoðanakönnun hefur dunið yfir landsmenn sem eiga að sýna þennan einlæga áhuga. Þegar rýnt er betur í þessa snilldarlegu matreiðslu á tölum viðist þó lítið bitastætt í súpunni, annað en ryðgaður innfluttur Evrópunagli.

Ágætt dæmi um þetta er „forsíðuskúbb“ ónefnds fjölmiðils sem hefur verið iðinn við að reyna við Evrópukolann. „Þar er fyrirsögnin; „Um fjórðungur vill ganga í ESB“, eða 26,2 prósent. – Já, mikið rétt og þarna er heldur engu beinlínis logið um niðurstöður skoðanakönnunar sem liggur að baki þessari fyrirsögn. Spurningin er hins vegar um matreiðsluna. Af því að bragðið var greinilega ekki rétt af naglasúpunni, þá varð auðvitað að strú út í þetta „dassi“ af pólitísku rétttrúnaðarkryddi sem hentar málstaðnum.

Lítum aðeins betur á könnunin sjálfa. Þar kemur fram að 16,3% eru frekar hlynnt aðild að ESB og aðeins 10% eru mjög hlynnt aðild. Aftur á móti eru 29,6% mjög andvíg aðild og 19% frekar andvíg. Það gerir samanlagt 48,6% og 25,2% eru óákveðnir. Hver er þá fréttin út úr skoðanakönnuninni? Er hún ekki sú að mikill meirihluti þeirra sem afstöðu taka vill ekki ganga í Evrópusambandið?

Hvað sem segja má um þetta ágæta ríkjasamband, þá eru þar vissulega gerðir margir góðir hlutir. Það þýðir samt ekki endilega að við verðum að taka öllum tilskipunum ESB sem heilögu og óumbreytanlegu orði Guðs. Samt höfum við gert það í stórum stíl við innleiðingu ótrúlegustu reglugerða. Er sannarlega kominn tími til að fara að líta á allt það pappírsgangan og reyna að vinda ofan af ómældri vitleysu í þeim efnum.

Það sem upphaflega var tolla-bandalag Evrópuríkja er smám saman að breytast í fjölþjóða sambandsríki. Slíkt ríki hlýtur að lúta þeirri þjóð sem er efnahagslega og pólitískt sterkust á hverjum tíma. Þar hafa þjóðverjar mikla yfirburði, og svo mikla, að meira segja 60 milljóna þjóðin Bretar telur sig ekki hafa þar innan veggja ásættanlegt vægi. Sú fullyrðing að rödd íslenska samfélagsins, með sína 320 þúsund félagsmenn að baki, muni spila stóra rullu á leiksviði yfir 500 milljóna manna í Brussel hljómar því ekki sérlega sannfærandi.

/HKr.

Líf og starf



Allar gangtegundir íslenska hestsins eru sýndar og kynntar í leikhúsinu með úrvals hrossum og knöpum.


Myndir / MHH

Hestaleikhús í hestagarðinum Fákaseli á Ingólfshvoli í Ölfusi

Hestagarðurinn Fákaseli á Ingólfshvoli í Ölfusi hefur verið opnaður, en um er að ræða nýjan afþreyingarkost fyrir ferðamenn á Íslandi þar sem íslenski hesturinn er í öndvegi.

Í Fákaseli er glæsilegur veitingastaður, verslunin KronKron sem býður upp á íslenska gæðahönnun og síðast en ekki síst hefur verið sett upp einstakt hestaleikhús þar sem frábærir hestar leika aðalhlutverk í mögnuðu sjónarspili manns og þarfasta þjónsins.

/MHH



Íslensk náttúra spilar stórt hlutverk í hestaleikhúsinu á 40 metra risatjaldi, því stærsta sem hefur sést hér á landi. Eldgos eru áberandi, sjórinn og annað fallegt í náttúrunni. Hrossin hlaupa laus í upphafi sýningarinnar um reiðhöllina.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra mætti við opnun Fákasels og þegar fyrsta sýning hestaleikhússins var sýnd boðsgestum. Hann er hér með Guðmundi Ólasyni, framkvæmdastjóra og einum af hluthöfum Fákasels.



Fjórir góðir, frá vinstri: Haraldur Þórarinnsson, formaður Landssambands hestamanna, Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður, Guðmundur Ólason og Jón Ólafsson, vatnsbóndi í Ölfusi.



Magnaðasta atriði hestaleikhússins kemur í lokin þegar nokkrir knapar leggja hross sín á skeið innan um eld í reiðhöllinni. Það ætlaði allt að verða vitlaust á meðal áhorfenda þegar það gerðist.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Fréttaslaður fer nú um byggðir norður hér, að Jóni bónda Hermannssyni á Högna-stöðum þyki nóg komið af kveðskap Magnúsar Halldórssonar, sem hertekið hefur tvo síðustu vísnaþætti. Afleitt er að sitja undir sútum Jóns, og því verður ekki minnst á Magnús um sinn. **Sigfús Sigfússon** þjóðsagnaritari frá Eyvindará (1855-1935) orti svo um ónefndan prest:

Drottins þjónninn dyggðaslyngur, drukkinn þótt hann manninn ali, sjálfur er hann sauðgemlingur, síst er von hann öðrum smali.

Jóhannes Snorrason yfirflugstjóri kvað við **Orm Ólafsson** starfsmann F.Í. en Ormur var meðal farþega í utanflugi:

Út er floginn Ormur senn, ástleitinn að vonum. Gleðikonur eiga enn ítökin í honum.

Ormur svaraði Jóhannesi:

Í vændishúsum víða gisti, værðar naut og storma hlés. Ótal konur ólmur kyssti; – allar þekktu Jóhannes.

Halldór Gunnlaugsson læknir kvað næstu vísu um **Guðmund Finnbogason**, en Guðmundur hafði fengið styrk til að kynna sér lýðmenntun erlendis:

Geta má hans Guðmundar, hann gekk í barnaskóla. Ekki mun það eiga par illa við hans gáfnafar.

Nú eru þorralblót í algleymi undir hækkanði sól. **Sveinn frá Mælifellsá** orti:

Skært og fagurt skín mér sól, skemmtidagur yrði, mætti ég slaga hól af hól heima í Skagafirði.

Stefán Jónsson fréttamaður og Magnús á Gilsbakka ortu í sam-einingu næstu vísu um **Pálma Jónsson** alþingismann á Akri. Vísan er ort undir „slitruhætti“.

Pál– er ungur maður –mi, mjög Fram– skæður –sókninni, Al– vill sitja á –þingi, at– mun hljóta mörg –kvæði.

Og undir slitruhætti orti Stefán einnig næstu vísu:

–Tuk það eigi tel ég gus–, tölu– þó mig langi –vert, Philí– um að yrkja –pus, ó– því læt ég þetta –gert.

Og úr því farið er að birta vísur ortar undir þessum listilega hætti fylgir að lokum listasmíð **Gísla Ásgeirssonar** frá Þúfum í Ísafjarðardjúpi, nú búsetts í hýrum Hafnarfirði. Efnistöð vísunnar gerast vart nýrri, og eru sótt í þingsali okkar:

Sig– ég þekki mætan –mund, –maður núna er hann for–. Lang– hann getur haldið –hund hallast ei að –gerði Þor–.

Úr fórum Stefáns Jónssonar kemur næsta vísa ort í orðastað Jóns á Akri er hann nálgæðist Ísland úr einni sinni utanför:

Við himin þú ennið bjarta barst, í bjarma reis tindurinn hvassi. Ég vissi ei fyrri hve fögur þú varst föstra mín norður í rassi.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir

Tafir á metanverkefni

Óvíst er hvenær vinnsla hauggass hefst á Akureyri, þar sem afhending hreinsistöðvar frá framleiðanda hennar tefst. Fyrirtækið Flotech AB í Svíþjóð, sem er framleiðandi stöðvarinnar, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Nýsjálenska móðurfélagið Greenlane hefur í samstarfi við Norðurorku samið við protabúið um að yfirtaka verkefnið, en upphaflega

var gert ráð fyrir að vinnsla hæfist í byrjun þessa árs.

„Ljóst er að þetta hefur í för með sér frekari tafir á gangsetningu stöðvarinnar og enn ekki hægt að nefna dagsetningu í þeim efnum,“ segir í frétt á heimasíðu Norðurorku.

Þegar er búið að leggja lagnir frá Glerárdal að fyrirhugaðri áfyllingarstöð við Súluveg á Akureyri.

Verndarsvæði Mývatns og Laxár:

Takmörkun á umferð hrossa

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fékk ósk um umsögn vegna takmörkunar á umferð hrossa á verndarsvæði Mývatns og Laxár, á milli Ljótssstaða og Brettingsstaða í Laxárdal, og var það til umræðu á fundi sveitarstjórnar á dögunum. Sveitarstjórn vísaði erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar.

Fyrir fundinum lá bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar á takmörkun á umferð hrossa á milli Ljótssstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. Í bréfinu segir:

„Reiðleiðin milli Ljótssstaða og Brettingsstaða er falleg leið. Hundruð og jafnvel þúsund hross fara leiðina á hverju ári. Ástand reiðleiðarinnar er hinsvegar þannig að það er óásættanlegt vegna gróðurskemmda af völdum hrossa. Landeigendur hafa óskað eftir því

að leiðinni verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa.“

Svæðið tekið út árlega

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, getur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að takmarka umferð hrossa um svæðið. Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að annars vegar verði óheimilt að fara með lausa hesta um svæðið og hins vegar verður ekki heimilt að fara með meira en tvo hesta til reiðar um það.

Þá er gert ráð fyrir að svæðið verði tekið út á hverju ári og ákvörðun um frekari opnun eða lokun tekin út frá ástandi svæðisins. Umhverfisstofnun mun þá kynna ákvörðunina sérstaklega til allra hestamannafélaga landsins sem og ferðaþjónustuaðila sem eru með hestaferðir.



Sveinn Margeirsson, forstjóri Matis, Ögmundur Knúttsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs HA, Rannveig Björnsdóttir, dósent við auðlindadeild HA og deildarstjóri Matis, og Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri og Matis:

Samstarfssamningur undirritaður

Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri, Sveinn Margeirsson, forstjóri Matis, og Ögmundur Knúttsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs HA, hafa skrifað undir samstarfssamning.

Samningurinn leggur grunn að frekari eflingu rannsókna og menntunar í sjávarútvegsfræðum, matvælafræðum og líftækni auk samstarfs á öðrum sviðum kennslu og rannsókna, með það að markmiði að vera í fararbroddi á Íslandi á þeim fræðasviðum sem tengjast sjávarútvegsfræði og líftækni, sem bæði eru kennd við HA. Eitt af markmiðum samningsins er að efla kennslu og rannsóknir á sviði sjávarútvegsfræða, matvæla-

fræða og líftækni, m.a. með sókn í alþjóðlega sjóði og samstarf á sviði nýtingar auðlinda norðurslóða.

Markmið hans er einnig að fjölga þeim sem stunda nám og rannsóknir á þessum fræðasviðum, samþætta rannsókna- og þróunarverkefni á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, vinnslutækni, líftækni, matvælaöryggis og lýðheilsu, að virkja fleiri starfsmenn Matis í kennslu við HA og gefa viðkomandi starfsmönnum Matis kost á því að fá faglegt akademískt mat hjá HA/Viðskipta- og raunvísindasviði og möguleika á gestakennarastöðum, enda verða greinar birtar undir hatti beggja samningsaðila, ásamt því að samnýta aðstöðu, húsakost og tækjabúnað.



Frá undirritun samstarfssamnings: Ágúst Sigurðsson, rektor Lbhí (t.v.), og Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Landbúnaðarháskólinn og Háskólinn á Bifröst efla samstarf

– Sameiginleg kennsla og rannsóknir og námskeið í matvælatengdum greinum

Rektorar Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands undirrituðu í síðustu viku rammasamning um samstarf skólanna. Einnig undirrituðu rektorarnir sérstakt samkomulag um sameiginleg námskeið í matvælatengdum greinum.

Markmið samningsins er að stuðla að auknu samstarfi um kennslu og rannsóknir og styrkja þannig báða skólana. Þannig verði stefnt að nánun þverfaglegu samstarfi um námsleiðir, m.a. í formi samvinnu um námskeið, sameiginlegra námsleiða og prófgráða.

Skólarnir vilja með nánara samstarfi leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að framförum í atvinnulífi

og betra samfélagi með því að bjóða fram hagkvæma gæðamenntun. Skólarnir eru sérstaklega meðvitaðir um þýðingu sína fyrir atvinnulíf og samfélag á Vesturlandi og almennt í hinum dreifðu byggðum Íslands.

Einnig undirrituðu rektorarnir sérstakt samkomulag um sameiginleg námskeið í matvælatengdum greinum sem m.a. eru hluti af námi í matvælaerekstrarfræði við Háskólann á Bifröst og valgreinar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Mátis mun annast kennslu á nokkrum þessara námskeiða en önnur verða kennd af sérfræðingum í fremstu röð á viðkomandi sviðum.

Með samvinnu milli skólanna eru þeir að nýta styrkleika hvors annars

og tengja fræðasvið sín saman til þess að sækja fram með þverfaglegum greinum og svara með því betur þörfum atvinnulífsins og nemenda. Skólarnir stefna á að auka samstarf sitt enn frekar í framtíðinni og horfa m.a. til möguleika sviði rannsókna, vöruþróunar og nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífs þar sem unnið er með matvæli.

Fyrirsjáanlegt er að aukin samkeppnishæfni og fagmennska í allri virðiskeðju matvæla, allt frá frumframleiðslu til endanlegrar sölu innan lands eða utan verða sífellt mikilvægari viðfangsefni. Skólarnir vilja með samstarfi sínu gera sitt til að efla þetta mikilvæga og víðtæka svið íslensks atvinnulífs.

Dýraeftirlitsmanni MAST vikið frá störfum

– Ítrekaðar athugasemdir gerðar við störf mannsins fyrir og eftir ráðningu

Matvælastofnun (MAST) tilkynnti í síðustu viku að ákveðið hefði verið í samráði við dýraeftirlitsmann sem starfar hjá stofnuninni að hann hyrfi tímabundið frá störfum. Gildir það meðan ásakanir um að hann hafi í nokkrum tilvikum ekki sinnt skyldum sínum um umhirðu og eftirlit með stóðhestagirðingum verða teknar til skoðunar. Þessi starfsmaður var ráðinn til Matvælastofnunar um áramótin þegar búfjäreftirlit færðist frá sveitarfélögunum til stofnunarinnar, samkvæmt lögum sem þá tóku gildi. Um er að ræða stöðu sérfræðings sem sinnir eftirliti með dýrahaldi, þ.m.t. fôðrun og aðbúnaði, ásamt móttöku og úrvinnslu tilkynninga um illa meðferð dýra.

Starfsmaðurinn uppfyllti allar kröfur sem gerðar voru til starfsins og hafði í rúman áratug sinnt samþættingu starfi fyrir sveitarfélög í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Meint vanhirðumál mannsins kom ekki í veg fyrir ráðningu

Í ráðningarferlinu hafði Matvælastofnun spurnir af því að haustið 2007 hafi Landbúnaðarstofnun haft til skoðunar og gert alvarlegar athugasemdir við fôðurástand og umhirðu stóðhests sem tímabundið var í umsjón viðkomandi starfsmanns. Það var mat dýralækna að hesturinn hafi ekki orðið fyrir varanlegum skaða, engin kæra var



Höfuðstöðvar MAST eru á Selfossi.

lögð fram og þótti ekki ástæða til að grípa til frekari aðgerða.

Í kjölfarið sinnti starfsmaðurinn áfram störfum sínum sem búfjäreftirlitsmaður hjá viðkomandi sveitarfélögunum og hafði framangreint mál engin áhrif þar á. Engu að síður þótti Matvælastofnun rétt að leita nánari upplýsinga um hæfni hans og störf hjá sveitarfélögunum og við kynbótasýningar. Umsagnir þessara aðila voru jákvæðar og ekkert kom þar fram sem kastaði rýrð á störf hans við eftirlit með dýrahaldi. Í ljósi hæfnismats Matvælastofnunar og jákvæðra umsagna var gengið frá ráðningu starfsmannsins.

Athugasemdir vegna aðildar mannsins að fleiri málum

Á síðustu dögum hafa Matvælastofnun borist upplýsingar um

önnur mál sem tengjast umræddu tilvikum árið 2007 eða umhirðu með stóðhestagirðingum á ábyrgð hlutaðeigandi á árunum 2006 og 2009. Stofnuninni og dýraeftirlitsmanninum þykir því rétt að fela óháðum aðilum að skoða umrædd mál og hvort gætt hafi verið að eðlilegum starfsháttum við eftirlit með stóðhestagirðingum á hans vegum.


Athugun þessi hefur þegar verið sett í gang, því ekki má draga úr trúverðugleika stofnunarinnar né vefengja verk þeirra sem þar starfa. Málið verður síðan tekið til endanlegrar ákvörðunar þegar niðurstöður liggja fyrir, en skoðun málsins verður í höndum þriggja manna. Þeir eru dýralæknir, sem sæti á í Dýralæknaráði, lögfræðingur frá Landlögsmönnum og fulltrúi frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út
20. febrúar

Með fagmönnum skal fjós byggja



Landstólpi hefur byggt og innréttað fjölda fjósa um allt land og komið að hönnun margra þeirra. Á árum lægða í fjósbyggingum á Íslandi notaði Landstólpi tímann vel til að fylgjast með og nema þróunina í Evrópu, og hefur því yfir að ráða mikilli þekkingu á sviði nútíma fjóshönnunar og býður uppá heildarlausn.



Hönnun

Í árána rás hefur safnast upp mikil þekking og reynsla í hönnun á nýjum fjósum og breytingar á eldri byggingum. Við höfum unnið náið með Verkfræðistofu Suðurlands sem nú hefur sameinast verkfræðistofunni Eflu. Með þessu samstarfi getum við boðið uppá víðtæka verkfræðipjónustu og hönnun það er “ **Frá hugmynd að fjósi**”



Sterkir í stálgrindarhúsum

Á undanförunum árum hefur Landstólpi selt um 80 stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum sem reist hafa verið um allt land. Við höfum sérhæfðan og öflugan tækjakost og afbrigðis starfsfólk með mikla reynslu. Stálgrindarhúsin eru framleidd í Hollandi af H.Hardeman sem er rótgróið fjölskyldufyrirtæki. H.Hardeman hannar og framleiðir stálgrindina og allar klæðningar og eykur það mjög öryggi okkar viðskiptavina að hafa framleiðsluna á einni hendi.



Innréttingar og tækjabúnaður í fjós

- Milligerðir
- Átgrindur
- Milligrindur
- Stólpar og festingar
- Vatnsdallar og vatnstrog
- Gjafakerfi
- Flórsköfupjarkar
- Haughrætur og dælur
- Flórsköfukerfi, glussasköfur, reipsköfur, keðjusköfur
- Kálfafóstrur og kjarnfóðurbásar
- Náttúruleg loftræsting



Fjós eru okkar fag



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Fréttir

Samtök ferðapjónustunnar:

Mótmæla niðurskurði í landvörslu

Samtök ferðapjónustunnar mótmæla boðuðum niðurskurði Umhverfisstofnunar í landvörslu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.

Aukinn fjöldi erlendra ferðamanna kallar á aukna þjónustu og er landvarsla engan veginn undanskilin þeirri ábyrgð. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu má reikna með að skatttekjur af ferðapjónustu verði a.m.k. 27 milljarðar fyrir árið 2013, segir í tilkynningunni.

Samtökin fara fram á að stjórnvöld leggi aukið fjármagn í landvörslu og að fallið verði frá boðuðum niðurskurði. Að óbreyttu er



séð fram á ófremdarástand á svæðum sem dæmd hafa verið í hættu af Umhverfisstofnun.



Mikill áhugi er á uppbyggingu á ferðamannastöðum.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

136 umsóknir bárust

Umsóknarfrestur um styrki til hönnunar og framkvæmda á ferðamannastöðum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er nýlega runninn út.

Alls bárust 136 umsóknir frá opinberum aðilum og einka-aðilum sem hafa umsógn með ferðamannastöðum víðs vegar um

land. Heildarupphæð styrkumsókna var rúmar 848 milljónir króna en heildarkostnaður við verkefni er áætlaður 1,9 milljarðar króna. Sjóðurinn hefur 245 milljónir króna til ráðstöfunar.

Gert er ráð fyrir að yfirferð og mat umsókna verði lokið um mánaðamótin mars/apríl 2014.

Héraðsdómur Vestfjarða:

Dæmdur fyrir að reka logandi vindling í trýni á hundi

Maður var í héraðsdómi Vestfjarða dæmdur fyrir brot gegn 2. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994 en samkvæmt ákvæðinu er skylt að fara vel með öll dýr og óheimilt að hrekkja þau eða meiða. Háttsæmin sem maðurinn var ákærður fyrir var að hafa rekið sígarettu í trýni hundsins. Maðurinn hélt því annars vegar fram að um óviljaverk hafi verið að ræða og hinsvegar að háttsæmin félli ekki undir umrætt ákvæði.

Ríkissaksóknari höfðaði í ágúst í fyrra mál á hendur manningnum fyrir brot gegn lögum um dýravernd með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 2. júní 2013, við félagsheimili Patreksfjarðar, Aðalstræti 107, Vesturbýggð, meitt hundinn Z, eign ríkislögreglustjóraembættisins, sem notaður var við löggæslustörf, með því að reka logandi sígarettu í trýni hundsins. Tveir lögreglumenn voru við fíkniefnaleit á dansleik í félagsheimili Patreksfjarðar ásamt fíkniefnaleitarhundinum.

Ekkert benti til óviljaverks

Gögn málsins þóttu ekki geta bent til að um óviljaverk væri að ræða en þrír vitnisburðir voru á þá leið að þetta hefði verið gert viljandi. Af gögnum málsins þótti ljóst að atvikið hefði haft áhrif á hundinn, þar sem hann hafi hlaupið í burtu og verið tíma að jafna sig. Háttsæmin þótti af þessari ástæðu falla undir ákvæði laganna, þ.e. að ekki hafi verið farið vel með dýrið og það hafi verið hrekkja eða meitt. Það þótti ekki breyta neinu um niðurstöðuna að ósannað væri að hundurinn hefði fengið sýnilega áverka þar sem ákvæði laganna gerði ekki kröfu um sýnilega áverka.

Maðurinn átti sér engar málsbætur og var dæmdur til að greiða 80.000 krónur í sekt vegna málsins. Þá var honum gert að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun verjanda síns, tæplega 500 þúsund krónur.

/MPÞ

EYJALIND

Óbrjótanlegir speglar
- 10 ára ábyrgð á linsu

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Vörubílar

S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Þessi mynd var tekin var við undirritun samningsins. Talið frá vinstri: Ari B. Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, og fulltrúar reiðveganeftdarinnar, þeir Einar Hermundsson og Magnús Ólason.

Mynd / MHH

Leggja 17,5 milljónir í reiðvegi í Árborg

Sveitarfélagið Árborg og Hestamannafélagið Sleipnir hafa gert með sér samkomulag sem gildir til ársins 2018 um áframhaldandi uppbyggingu reiðvega í Árborg.

Á samningstímanum mun Árborg greiða Sleipni 3,5 milljónir króna á ári, eða alls 17,5 m. kr., til uppbyggingar reiðvega. Samningurinn kemur í stað eldri samnings frá 2006 um samskonar

verkefni, en á grundvelli þess samnings hefur tekist að bæta reiðleiðir verulega. Reiðveganeftnd Sleipnis mun annast framkvæmdina í samráði við fulltrúa sveitarfélagsins.

/MHH

Seylutittlingur er nýjasta fuglategundin á Íslandi

Í byrjun desember 2013 fannst lítill spörfugl í gróðrarstöðinni Þöll í Hafnarfirði, sem er í umsjá Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Fljótlega kom í ljós að þetta var amerískur tittlingur sem heitir *Melospiza lincolnii* á fræðimáli, en Lincoln's Sparrow á ensku. Sá fugl hafði aldrei sést hér á landi fyrr. Þetta var fjórða nýja tegundin sem sást á landinu á árinu, en íslenski fuglalistinn stendur nú í 388 tegundum. Þetta er aðeins í annað sinn sem þessi litli fugl sést í Evrópu.

Seylutittlingur skal hann heita

Upphófst nú allmikil rekistefna um nafn á fuglinn og loguðu spjallþræðir fuglaskoðara um tíma í þeirri umræðu. Einhver stakk upp á brjósttittlingi, en það þótti afleitt, bæði tungubrjótur og tvírætt, jafnframt því að rákir á brjósti (bringu) fuglsins þóttu ekki nógu afgerandi til að gefa honum nafn og svo eru allir fuglar með bringu eða brjóst. Nafnið seylutittlingur kom þá upp og var því tekið fagnandi af flestum. Seyla merkir deigla í jörð, kelda, mýri, fen samkvæmt íslenskri orðabók og þótti það vísa til búsvæða fuglsins.

„Seylutittlingur er útbreiddur þvert yfir Kanada, hann er einnig í Klettafjöllunum og víðar í vestanverðum Bandaríkjunum. Vetrarstöðvar eru sunnanverðum Bandaríkjunum og Mið-Ameríku suður til Hondúras og Níkaragva.



Seylutittlingur, *Melospiza lincolnii* á fræðimáli og Lincoln's Sparrow á ensku, er nú kominn til Íslands. Hann er útbreiddur þvert yfir Kanada, í Klettafjöllunum og víðar í vestanverðum Bandaríkjunum. Hann hefur aðeins einu sinni áður sést í Evrópulandi.

Hann verpur í víði- eða birkirunnum í mýrum eða öðru raklendi. Hann lifir aðallega á smádyrum sem hann ténir á jörðinni á varpstöðvunum, en á veturna fer hann einnig í fræ,“ sagði Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndarfélagss Íslands.

Seylutittlingur er smáfaxinn, vegur eingöngu 17 g eða svipað og þúfuttittlingur. Hann er rákottur að

ofan, með einkennandi brúnarákottar kollrákir. Goggurinn er þykkur, hefðbundinn tittlingsgoggur, en þó fremur grannfaxinn. Hann er af ætt tittlinga Emberizidae (tittlingur = tittur = lítill), stórrí ætt spörfugla, þar sem m.a. snjótittlingurinn okkar á heima. Meðfylgjandi mynd af seylutittlingnum tók Björgvin Sigurbergsson.

/MHH

Leitað ljósmynda úr gamla fjósinu á Hvanneyri – Halldórsfjósí

Um þessar mundir er verið að undirbúa gamla fjósið á Hvanneyri – Halldórsfjós – fyrir Landbúnaðarsafn sem brátt mun flytja þangað inn. Ætlunin er að halda 80 ára sögu byggingarinnar sem fjóss til haga og kynna hana í framtíðinni eftir því sem við á.

Fjöldi nemenda hefur átt leið um fjósið í tímann rás, m.a. til mjaltanáms, að læra kúadóma og margt fleira. Margir þeirra hafa síðan gerst bændur.

Með erindi þessu er leitað eftir góðum ljósmyndum úr fjósinu á Hvanneyri sem gamlir nemendur kunna að eiga í fórum sínum. Allt kemur til greina. Sé ekki um afritaðar ljósmyndir að ræða er gott að fá af þeim rafræn (skönnuð) afrit (300 punkta eða meira, stærri en 1 MB svo nota meg í sýningarefni). Með þurfa að fylgja sem gleggstar upplýsingar um myndefnið, og þá sérstaklega nöfn þeirra manna sem á myndunum kunna að sjást.

Við biðjum ykkur að bregðast við þessu erindi sem fyrst. Sendið heldur fleiri en færri ljósmyndir ef um það er að velja. Myndirnar má senda á rafpóstfangið bjarnig@lbhi.is eða thorunne@lbhi.is Líka má hringja í síma Lbhí 430 5000 (Bjarni Guðmundsson eða Þórunn Edda Bjarnadóttir).

Með þökkum og kveðju
Bjarni Guðmundsson,
Hvanneyri

BÆTTU SMÁ GLASGOW Í LÍF ÞITT

Verð frá **19.800*** kr.

Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.



Tjörnin er ekki nafli andaheimisins

Skoskar endur í Glasgow halda því fram að Green Park og Doulton gosbrunnurinn séu miklu betri staður. Þúsundir Íslendinga, sem heimsækja Glasgow á hverju ári, eru á sama máli. Þeim finnst þeir hvergi fá betra tækifæri til að fyllast af andagift og freyðandi fjöri en einmitt í borginni á bökkum Clyde. Og það verður að viðurkennast að skoskir sekkjapípuleikarar hafa það fram yfir kriur að þeir ganga í pilsum.

+ Bókaðu núna á icelandair.is



    Vertu með okkur



Fréttir

Listin að lifa – geðheilsa

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur



Þunglyndi

Þunglyndi er einhver algengasti sjúkdómur nútímans. Samkvæmt WHO, Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni, er þunglyndi nú fjórða algengasta orsök heilsuleysis, örorku og skertra lífsgæða í heiminum. Allt bendi til þess að þunglyndi verði í öðru sæti árið 2020. Þunglyndi er alvarlegur sjúkdómur sem getur lagst á hvern sem er óháð aldri, stétt og stöðu, 15-25% fólks veikist af þunglyndi einhvern tímann á ævinni. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin bendir á að sjúkdómnum fylgir mikil vanlíðan, verulega minnkuð lífsgæði, neikvæð áhrif á fjölskylduna og að sjúkdómurinn er lífshættulegur.

Þunglyndi er því sannarlega mjög alvarlegur sjúkdómur en höfum í huga að það er með þunglyndi eins og marga aðra sjúkdóma, það er afar mismunandi og mis alvarlegt. Allt frá því að vera fá væg þunglyndiseinkenni til þess að vera mjög víðtækt, alvarlegt og lífshættulegt. Þeir sem veikjast af þunglyndi finna ekki aðeins fyrir viðvarandi depurð og leiða heldur fylgja sjúkdómnum margskonar breytingar á hugsun og hegðun. Einkenni sjúkdómsins geta til dæmis verið einhver af eftirtöldum:

- Viðvarandi þreyta, orkuleysi, óvirkni og framtaksleysi. Virknin er minni, þú hefur þig ekki í neitt eða er sama um flest.
- Sífelldur leiði, depurð og þung lund einkenna dagana sem eru gráir og tilgangslitlir og þú ert viðkvæmari en áður.
- Áhuga og ánægjuleysi er ríkjandi. Fátt ef eitthvað er gott eða gaman. Það sem áður gladdi gerir það ekki á sama hátt.
- Þirringur, óþol, óróleiki, eirðarleysi, neikvæðni og skapvonska. Þráðurinn er stuttur, þér finnst þú klaufalegur og seinn og aðrir þreytandi, tilætlunarsamir, háværir og erfiðir.
- Einangrun, þú dregur þig út úr, ert orðfár og jafnvel stuttur í spuna. Hringir ekki í vinina, forðast samtöl, samskipti og viðburði. Snerting, nánd og kynlíf lætur undan síga. Þú finnur fyrir einsemd og finnst að enginn geti skilið hvernig þér líður og engin muni geta hjálpað þér.
- Hugsunin er ekki jafn skýr og áður, hugræna getan þín er skert. Þér veitist erfitt að einbeita þér, halda þig að verki. Þú er lengi að átta þig á hvernig er besta að vinna verk, ert gleyminn og utan við þig, átt erfitt með að ákveða nokkurn skapadán hlut og finnur jafnvel fyrir dofa og sambandsleysi við umhverfið.
- Tótleiki, einmanakennd, sektarkenndin, áhyggjur, svartsýni, niðurrifshugsanir

og vonleysi geta sótt að. Sjálfstraustið og lífsviljinn láta undan síga.

- Þunglyndiseinkenni geta líka verið líkamleg, minnkuð eða aukin matarlyst eða svefn. Meltingarvandamál, höfuðverkir, svimi og margskonar verkir.

Við eigum öll að taka einkenni alvarlegra sjúkdóma alvarlega og leita okkur hjálpar sem fyrst. Það er jú alltaf auðveldar að vinna á litlum vanda en stórum og þunglyndi er hér ekki undan skilið. Þunglyndi er engin ímyndun heldur algengur sjúkdómur sem oftast er læknanlegur. Dofi, framtaksleysi, skert sjálfstraust, þeyta og minni geta til að hugsa rökrétt getur valdið því að sá sem veikist af þunglyndi áttar sig ekki á því sjálfur. Þess vegna er mjög mikilvægt að við séum vakandi fyrir stöðunni hjá meðbræðrum okkar varðandi þennan algenga sjúkdóm. Að við þekkjum einkennin og höfum kjark og kraft til að ræða málið, benda á að þetta er bara eins og hver annar sjúkdómur og eina vitið er að leita sér hjálpar hjá fagfólki.

Grunar þig að einhver í þinni fjölskyldu, vinahópi eða nágrenni í sveitinni sé veikur af þunglyndi? Með því að tala um þunglyndi og þunglyndiseinkenni í daglegu spjalli alveg eins og brjós-klos, gallsteina og háan blóðþrýsting leggjum við okkar af mörkum til að umræðan um þennan algenga sjúkdóm verði eðlilegri og sjálf-sagðari.

Dugmikið og klárt fólk lítur á sjúkdóma sem verkefni sem þarf að vinna í til að ná sem bestri heilsu. Til þess þarf að nýta sér víðeigandi bjargráð, fagleg úrræði og meðferð og fá stuðning frá sínum nánustu og nær umhverfinu. Þeir sem finna fyrir nokkrum vægum einkennum þunglyndis ættu að taka þau alvarlega og hlúa að sér. Lesa sér til um sjúkdóminn og grípa til bjargráða eins og að hafa gott dagskipulag, auka eigin virkni, forðast einangrun, setja ánægjulegar athafnir á dagskrá, ætla sér raunhæf verkefni og búta þau niður í viðráðanlega einingar. Þá er mikilvægt að gæta að eigin svefni, hreyfingu og fæðuvali. Einnig að ræða málið við að minnsta kosti tvo einstaklinga, aðstandendur eða vini og óska eftir þeirra stuðningi, biðja þá að vera á vaktinni og leggja lið. Síðast en ekki síst, hikið aldrei við að leita ykkur hjálpar hjá fagmenntuðu heilbrigðisfólki.

Það er mikilvægt að átta sig á einkennum þunglyndis áður en það verður of alvarlegt og grípa í taumana. Við erum verðugar og mikilvægar manneskjur og eigum skilið að okkur líði vel. Svo er liðan smitandi og þess vegna er óendanlega mikilvægt fyrir fólkið okkar að við virðum okkur sjálf nóg til að leita okkur hjálpar í veikindum. Fá faglega meðferð og ná besta mögulega bata hvort sem um þunglyndi eða meltingarvandamál er að ræða.

Heimildir:
Landlækniseimbættið, www.reykjalundur.is



Steinar og Pálmar, starfsmenn SS, vígalegir við þorramatinn.

Myndir / SS

Sala á þorramat losar um 100 tonn í ár

– segir Oddur Árnason, verksmiðjustjóri hjá SS á Hvolsvelli

„Ég myndi skjóta á að þetta losaði um 100 tonn sem við munum selja af þorramat í það heila, þá er allt meðtalið, hangikjöt, saltkjöt, svið og annað sem fylgir á þoraborðum landsmanna,“ segir Oddur Árnason, verksmiðjustjóri í kjötvinnslu SS á Hvolsvelli.

Oddur segir að mikil sala sé í sviðasaltu; hún rjúki út bæði ný og súr og þá séu hrútpungar ávallt mjög vinsælir. Fólk vilji eðlilega fá gamla góða þorramatinn, mikið sé lagt í að vinna hann samkvæmt gömlum hefðum og það kunni menn vel að meta. Nýjungar skjóta líka upp kollinu segir Oddur og nú býður SS landsmönnum upp á rúsinublóðmör.

„Við erum nýlega búin að setja slíkan blóðmör á markað, en viðtökur hafa verið góðar. Við munum bjóða upp á hann áfram, vissulega tengist hann þorramatnum en mun verða á boðstólum árið um kring,“ segir Oddur

Bolabiti mælist vel fyrir

Þá hefur SS hafið framleiðslu á vöru sem nefnist Bolabiti, sem er þurrkað nautakjöt. Honum er pakkað í loftskiptar umbúðir og líkist að mörgu leyti bitafiski að sögn Odds. Bolabittinn verður áfram í sölu þó að þorra ljúki en Oddur segir að hann henti t.d. göngufólki ágætlega, léttur, þægilegur og próteinríkur biti sem gott sé að grípa í í krefjandi gönguferðum. „En hann passar líka ljómandi vel inn á þorrahlaðborðin og hefur mælist vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar,“ segir hann.

Yfirlega, nostur og natni

Tvíreykta tindfjallahangikjötið hefur einnig í auknum mæli rutt sér til rúms á þorrahlaðborðum. „Það bætast alltaf við einhverjar nýjungar, það er þróun í þessu,“ segir Oddur. „Þorri er skemmtilegur



Oddur Árnason, verksmiðjustjóri í kjötvinnslu SS á Hvolsvelli, með þorramat.

tími. Það er heilmikil vinna við að útbúa þorramatinn, mikil yfirlega, nostur og natni sem fylgir þessari framleiðslu og til að allt verði í góðu lagi. Við byggjum á gömlu grunni og viðhöldum gömlum hefðum við

framleiðslu okkar, gerum allt upp á gamla mátann,“ segir hann.

Oddur segir að smásala sé mest í byrjun þorra. Fólk sé spennt að smakka á góðgætinu í byrjun.

/MBÞ



20%
afsláttur af
hágæða **AEG**
eldhústækjum
með kaupum á HTH
eldhúsinnréttingum



INN RÉTTINGAR

Það er alt hægt!

- ⦿ eldhúsinnréttingar
- ⦿ baðinnréttingar
- ⦿ þvottahúsinnréttingar
- ⦿ fataskápar



HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju draumaeldhúsi fyrir þig – án skuldbindinga – og gerum þér frábært verðtilboð.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.



ORMSSON

Opið:

Mánudaga–föstudaga frá kl.10-18 og laugardaga frá kl.11-15

Ath: Á Akureyri er HTH sýningarsalur í ORMSSON, Furuvöllum 5

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · www.ormsson.is



...frá heilbrigði til hollustu

Dýralæknisþjónusta

Það er af sem áður var þegar héraðsdýralæknar sinnu öllum störfum á starfssviði dýralækna í sínu héraði enda voru þeir um þrjátíu á öllu landinu. Skipulag dýralæknisþjónustu á landinu hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og áratugi. Núna sinna héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar aðeins opinberum eftirlitsstörfum í alls sex umdæmum. Aðrir dýralæknar sinna dýralækningum og ráðgjöf til dýraeigenda, flestir með starfsstöð á þéttbýlum svæðum. Margir sérhæfa sig í dýrategundum, aðallega gæludýrum og hrossum. Flestir dýralæknar sinna þó öllum dýrategundum, sér í lagi starfi þeir á landsbyggðinni.



Þjónustusvæði ákveðin í reglugerð

Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknisþjónustu svo og bráðaþjónustu hefur ráðherra sett reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbóta og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Dýralæknir sem skuldbindur sig til að vera ætíð til staðar og sinna lækningum dýra í dreifðum byggðum landsins fær greiddar staðaruppbætur. Þetta eru svæði með tiltölulega fá dýr og þar sem ekki er talið líklegt að dýralæknir hafi næg verkefni til að geta sett upp starfsstöð og framfleytt sér alfarið með sölu á dýralæknisþjónustu. Reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknisþjónustu í dreifðum byggðum skilgreinir þjónustusvæðin, en þau eru níu. Matvælastofnun var falið að auglýsa þjónustusvæðin laus til umsóknar fyrir dýralækna sem þar vilja starfa, en stofnunin er ekki ábyrg fyrir þjónustu þeirra, heldur starfa þeir á eigin ábyrgð á grundvelli þess þjónustusamnings sem gerður er.

Þjónustusamningar renna út í haust

Matvælastofnun gerði þjónustusamninga við dýralækna fyrir öll svæðin sem skilgreind eru í reglugerðinni, en nokkurn tíma tók að tryggja samninga á öllum svæðum við dýralækna sem þar höfðu fasta búsetu. Í samningunum koma fram skyldur dýralækna til að sinna allri dýralæknisþjónustu gegn tiltekinni þóknun. Nú eru tæp þrjú ár frá því nýtt skipulag dýralæknisþjónustu tók gildi og þjónustusamningar við dýralækna renna út í haust, en þeir voru gerðir til þriggja ára. Nú er rétti tíminn til að staldra við og fara yfir hvernig til hefur tekist því við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknisþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun. Hlutaðeigandi félagasamtök eru

því hvött til að kanna hvernig til hefur tekist og koma álitu sínu sem fyrst á framfæri við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Vaktsvæði ákveðin af Alþingi

Til að tryggja velferð dýra og almenna þjónustu við dýraeigendur er ákvæði um bakvaktir dýralækna í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Dýralæknir skal jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði og héraðsdýralæknir skipuleggur þær í samráði við dýralækna sem þar starfa. Heimilt er að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu bakvakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða. Komi upp ágreiningur um skiptingu bakvakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar Matvælastofnunar. Vaktsvæðin eru ákveðin í lögum. Nokkur vaktsvæði eru stór og með fjölda dýra, en þó ekki í öllum tilvikum þannig að fjöldi dýralækna starfi innan þeirra og hafi þar búsetu. Bændur hafa sem dæmi kvartað vegna vaktsvæðis sem nær frá botni Hrutafjarðar og út í Fljót og spannar því báðar Húnavatnssýslurnar og Skagafjarðarsýslu. Þá eru dæmi um að kvartað hafi verið yfir kostnaði við að leita til dýralæknis á bakvakt, en aksturstrykur umfram 80 km í hverri vitjun nær t.d. aðeins til lögbýla. Markmiðið með bakvaktakerfinu er hins vegar að tryggja velferð allra dýra. Kvörtunum sem þessum er jafnan beint að Matvælastofnun, sem er ekki óeðlilegt, þar sem stofnunin hefur eftirlit með velferð dýra. Hængurinn er hins vegar sá að Alþingi setur lög og ákveður stærð vaktsvæða. Það er því ráðuneytið sem fer með yfirstjórn þessara mála og er rétti aðilinn til að leggja til breytingu á núgildandi fyrirkomulagi ef tilefni er til. Það er því ekki síður við hæfi að koma ábendingum um úrbætur beint til ráðuneytisins, þegar lagðar eru til breytingar á núverandi skipan dýralæknisþjónustu í landinu.

Sigurborg Daðadóttir,
yfir dýralæknir.



Ólöf Ása Benediktsdóttir, Björk Sigurðardóttir og Bryndís Björg Þórhallsdóttir skemmtu sér konunglega á blótinu.

Eyjafjarðarsveit:

Hraustlega blótað í Hrafnagilsskóla

„Þorablótið í ár tókst með einðæmum vel,“ segir Valgerður Jónsdóttir á Espihóli, formaður Þorablótsnefndar Eyjafjarðarsveitar, en Eyfirðingar blótuðu Þorra um liðna helgi, komu saman í íþróttahúsi Hrafnagilsskóla og skemmtu sér hið besta.

Valgerður segir að heldur færri gestir hafi verið en undanfarin ár, riflega 400 manns voru saman kominn í íþróttahúsinu. „Það mæltist nú bara vel fyrir, enda hefur oft verið ansi þröngt um þorablóts gesti á liðnum árum,“ segir Valgerður.

Heimasmíðuð skemmtiatriði

Skemmtiatriði voru öll heimasmíðuð og tekið á helstu málum sem uppi eru í sveitarfélaginu. Hefðbundnir annálar voru fluttir, einn annálsflytjandi fyrir hvern hinna fornu hreppa sveitarfélagsins. Berglind á Hrafnagili flutti annál Hrafnagilshrepps, Þórólfur í Grænuhlíð flutti fyrir Saurbæjarhrepp og Sverrir í Brekku fyrir Öngulsstaðahrepp. Jón Gunnar Benjamínsson frá Ytri-Tjörnnum fór á kostum sem veislustjóri og danshljómsveit Friðjóns hélt uppi stanslausu fjöri, þannig að dansgólfið var fullt frá upphafi til enda.

Að venju komu menn með mat í trogum.



Karl Frímansson (t.v.) og Bjarni Kristjánsson sýna skemmtiatriðunum áhuga.



Eiríkur Rafnsson nartar í súran hval.



Veislustjórinn Jón Gunnar Benjamínsson fór á kostum, en hér er hann með unnustu sinni Alicja Wiktorja.



Ísleifur Ingimarsson gæðir sér á súrsuðum hrútsprungum, Hlíf Geirsdóttir fylgist með.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

ERTU Á LEIÐ Í BÚSTAÐINN

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

ÚRVALS VÖRUR FYRIR VIÐHALDIÐ OG VERKIN Í BÚSTAÐNUM. KÍKTU Í KEMI BÚÐINA OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

NOVADAN KLÓRTÖFLUR - Í POTTINN

WIPE OUT OFNA OG GRILLHREINSIR

MILDEX-Q MYGLUEYÐIR

ODORITE ÖRVERUHREINSIR

SEPT-O-AID ÖRVERUR FYRIR RÖTÞRÆR

HÁÞRÝSTIÐÆLUR

kemi BÚÐIN

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

VERÐLÆKKUN

SNAPP TAGGS

LAMBAMERKIN

NÚNA ER GÓÐUR TÍMI TIL AÐ TRYGGJA SÉR LAMBAMERKIN Á LÆGRA VERÐI

Verð kr. 29 án vsk.
Áprentun innifalin

RITCHEY TAGG
fyrir íslenskan búfönað

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Ert þú að plana ferð næsta sumar?
Hestaferðir, gönguferðir eða jeppaferðir.
Fjallaskálar á Hrunamannafrétti er ódýr og hentug lausn.
Allar nánari uppl. <http://skalar.fludir.is/> eða s. 8482599

Bændablaðið Smáauglýsingar **56-30-300**
Með yfirburði í lestri prentmiðla á landsbyggðinni*

*Samkvæmt nýjustu könnun Capacent á lestri prentmiðla

SÝRT HVALRENGI

af langreyði, framleitt af Hval hf.

Fæst m.a. á eftirfarandi stöðum á þorranum:

Bónus - Um allt land
Esja Gæðafæði ehf. - Bitruhálsi 2 - Reykjavík
Ferðapjónustan Bjarteyjarsandi - Hvalfjarðarsveit
Fiskbúðin Sundlaugavegi 12 - Reykjavík
Fiskbúðin Trönuhrauni 9 - Hafnarfjörður
Fiskbúðin Hafberg - Gnoðarvogi 44 - Reykjavík
Fiskbúðin Hófgerði 30 - Kópavogur
Fiskbúð Hólmgeirs - Þönglabakka 6 - Reykjavík
Fiskbúðin Mos - Háholti 13-15 - Reykjavík
Fiskbúð Siglufjarðar - Aðalgötu 27 Siglufirði
Fiskbúð Sjávarfangs ehf. - Sindragötu 11 - Ísafirði
Fiskbúð Suðurlands - Eyrarvegi 59 - Selfoss
Fiskbúðin Vegamót - Nesvegi 100 - Seltjarnarnes
Fiskikóngurinn - Sogavegi 3 - Reykjavík
Fjarðarkaup - Hólshrauni 1b - Hafnarfjörður
Göltur ehf. - Skippholti 70 - Reykjavík
Hagkaup - Um allt land
Hnýfill ehf. - Drefingaraðili - Brekkugötu 36 - Akureyri
Kjöthöllin - Skippholti 70 og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík
Kaupfélag Steingrímsfjarðar - Höfðatúni 4 - Hólmavík
Kaupfélag Vestur Húnvetninga - Strandgötu 1 - Hvammstangi
Kjarnafæði - Fjölnisgötu 1b - Akureyri

Kjarval - Um allt land
Kostur - Dalvegi 10 - Kópavogi
Krónan - Um allt land
Kræsingar ehf. - Sólbakka 11 - Borgarnes
Litla fiskbúðin - Miðvangi 41 - Hafnarfirði
og Háaleitisbraut 58-60 - Reykjavík
Matvæladreifing ehf. - Kothúsavogi 16 - Garður
Melabúðin - Hagamel 39 - Reykjavík
Múlakaffi - Hallarmúla 1 - Reykjavík
Nettó - Um allt land
Nóatún - Um allt land
Skagfirðingabúð - Ártorgi 1 - Sauðárkrúkur
Strax - Um allt land
Sægreifinn - Geirsgötu 8, Reykjavík
Tómas & Sesselja ehf. - Depla, Kolaportinu - Reykjavík
Úrval - Um allt land
Verslunin Albína - Aðalstræti 89 - Patreksfjörður
Verslunin Einar Ólafsson ehf. - Skagabraut 9-11 - Akranes
Viðir - Skeifunni 11d, Sólvallagötu 79 - Reykjavík
og Garðatorgi 1 - Garðabæ
Þín Verslun ehf. - Seljabraut 54 - Reykjavík

Hvalur hf.

Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfjörður
Skrifstofa: 555 0565 - Frystihús (pantanasími): 555 0165

STEEKUR

Hross og huldufólk

Afi minn, Ólafur Þórarinnsson frá Ríp í Hegranesi og síðar bóndi í Flugumýrarhvammi í Akrahreppi, hefur lýst því þegar hann á ofanverðum sjöunda áratug síðustu aldar varð vitni að álfareið. Var hann á leið til bæjar úr fjárhúsum þegar hann varð var við hóp ríðandi fólks koma á upp brekku við bæinn og reið fólkið áfram eftir hlaðinu og framhjá afa. Ekki gerði hann sér grein fyrir hversu margt fólkið var en það var þó nokkur fjöldi. Hestarnir sem fólkið reið voru með beygða fætur, svo sem þeir væru á harða stökki en ekki hreyfðu þeir fæturla og var sem þeir svifu áfram. Fylgdist afi með fólkinu ríða yfir hlaðið en þegar hann hljóp á eftir því til að sjá hvert förinni væri haldið var sem það hefði gufað upp.

Aldrei hef ég sjálfur séð álfareið né álfa. Reyndar hef ég aldrei séð neitt yfirnátúrulegt og hef lengst af verið afar vantrúaður á öll yfirsíkilvitleg fyrirbæri og reynt að skýra þau með rökhyggju. Fyrir mörgum árum felldum við til að mynda reiðhest heima í sveit, góðan féлага sem var orðinn saddur lífdaga. Þegar við tókum gróf fyrir klárinn lentum við niður á smá vætu í botninum. Í stað þess að taka nýja gróf sóttum við mól í skófluna og settum í botninn og grófum svo klárinn. Næstu nætur varð langafa mínun, Rögnvaldi Jónssyni, ekki svefnsamt því hann dreyndi hestinn linnulítið, hráblautan og skjálfaði. Varð það til þess að við grófum hann á endanum upp og fundum honum betra legupláss inn í eilífðina. Þetta gerði mig hins vegar ekki trúaðan á berdreyminn heldur skýrði ég þetta með þeim hætti að langafa hefði verið illa við að hesturinn lægi þarna í bleytunni og því hefðu draumfarir hans verið með þeim hætti sem raun bar vitni.

Fyrir nokkrum árum var ég hins vegar í göngum heima í Skagafirði. Síðari ár hefur verið minna um hestamennsku heima hjá mér en áður var og hafa fyrrverandi sveitungar mínir, þeir Ingimar Jónsson á Flugumýri og Agnar Gunnarsson prestmaddama á Miklabæ, af góðmennsku sinni skotið undir mig hrossum um alllangt skeið þegar kemur að smalamennsku.

Þetta haust reið ég mósóttiri meri sem Ingimar átti. Land á Silfrastaðaafreitti hentar óvída vel til smölunar á hestum en hins vegar er hægt að nýta hross til að létta sér upphaf smalamennsku, ríða fram í pláss eins og það er kallað. Þegar þangað er komið taka síðan einn eða tveir gangnamenn hrossin og reka þau niður í kofa.

Í þetta sinn vildi hins vegar ekki betur til en svo að einhver styggð kom að mósóttu merinni, sem tók strikið til fjalla. Þrátt fyrir að lengi væri glímt við hana og margoft munaði litlu að til hennar næðist gekk það ekki þann dag. Næstu daga var hennar leitað ríðandi sem og úr lofti án árangurs.

Aldrei hefur fundist tangur né tetur af merinni eða reiðtygjunum sem hún bar. Palla í Jaðri, sem er berdreyminn mjög, dreyndi hins vegar merina hjá álfkonu einni sem hafði þurft hana til reiðar. Ég er alveg tilbúinn að trúa því að álfkona hafi tekið hryssuna til handargagns og þykir mér það mun skaplegri tilhugsun en að merin hafi hrakist úti þennan vetur með reiðtygjum í hagleysu. En ef umrædd álfkona les Bændablaðið langar mig að biðla til hennar að skila mér hnakknum mínum. Ég fékk hann nefnilega í fermingargjöf og þykir vænt um hann. /fr



Lambakjöt með brundbragði í pottinum.

Kvenfélagið Vaka hélt árlegt þorablót á Blönduósi:

Baka, steikja, sjóða og skreyta

„Það er löng hefð fyrir þessu þorablóti,“ segir Helga Jóhannesdóttir, formaður Kvenfélagsins Vöku, um árlegt þorablót félagsins sem var haldið í Félagsheimilinu á Blönduósi. Stemmningin var að vanda stórgóð og gestir skemmtu sér hið besta.

Helga segir að 10 til 12 kvenfélagskonur séu í nefnd hverju sinni og sjái þær um allan undirbúning, en fólk úr vinahópum þeirra sjái svo um skemmtiatriði. Þorramatinn kaupa þær hjá SAH-afurðum en sjálfar leggja þær heldur betur hönd á plóg, m.a. steikja konurnar allt laufabrauð sem í boði er á blótinu og baka rúgbrauð.

Heilmikil vinna

„Við búum líka til saltkjötsstöppu, rófu- og kartöflustöppu, sjóðum svið og svona ýmislegt annað sem til fellur, eins og að taka á móti matnum og skerum hann niður í bakka. Þetta er heilmikil vinna, en við hefum undirbúning snemma og erum tímanlega með þetta allt saman,“ segir hún.

Þá sjá kvenfélagskonur einnig um að skreyta salinn, „en fáum aðstoð frá körlunum við nokkur verkefni, það er ágætt að hafa þá með sér eitt kvöld eða svo,“ segir Helga.

Skemmtiatriði féllu vel í kramið



Þorramatur og Vökukonurnar Kristín Ósk Bjarnadóttir og Ólöf Pálmadóttir Vökukonur við þorrahlaðborðið.

hjá gestum blótsins en líkt og gjarnan er máttu máttarstólpur samfélagsins búast við að gert væri að þeim góðlátlegt grín; hótelsstjórinn, bæjarstjórinn, bæjarfulltrúar og

starfsmenn bæjarins fengu þannig yfir sig smá gusu. Milli skemmtiatriða gerðu gestir sér þorramatinn að góðu en að borðhaldi loknu lék Stórsveit Vökukvenna fyrir dansi.

Ágóði rennur til góðgerðarmála

Allur ágóði af þorablótinu rennur til góðgerðarmála, en Helga segir blótið mikilvægustu fjáröflun



Íþróttamaður ársins.



Allir að skella sér á Kiljuna.



Gunní í póstinum á leið í kjötið.



Bæjarstjórinn í vinnugalla.



Af hverju var ég ekki skírður...



Ljónið var á staðnum.

félagsins á hverju ári. Heimamenn, nærsveitingar og brottfluttir eru duglegir að sækja þorablót kvenfélagsins að sögn Helgu, en heldur hefur þó dregið úr aðsókn hin síðari ár, enda fleiri blót í boði. „Það eru þrjú blót hér í sveitinni í röð, svo skiljanlega verður fólk að velja úr.“

Kvenfélagið hefur nýtt ágóðann af þorablóti sínu til ýmissa verkefna í heimabyggð, veitt styrki, keypt smátæki fyrir sjúkrahúsið, styrkt starfsemi tónlistarskólans og kostað uppeldi fíkniefnahundsins á staðnum svo dæmi séu tekin. /MPÞ

**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÄRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
Súlag og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK
FLÖTUR KLÆDA 107 CM

KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
Súlag og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is



Mest seldu jarðvarmadælurnar á Íslandi

Thermia varmadælur loft í vatn og vatn í vatn (jarðvarmadælur).

Hafðu samband og kynntu þér mögulegan orkusparnað með varmadælu. Þjóðum fría ráðgjöf og útreikninga um mögulegan orkusparnað.

Vertu velkominn í hóp ánægðra viðskiptavina, við bjóðum þér að hafa samband við okkar viðskiptavini til þess að kynna þér gæði og þjónustu okkar.

Thermia fagnar 90 ára afmæli í ár og er í eigu Danfoss.



Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

Smíðjuvegur 70 - 200 Kópavogur
www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

RENNIHURÐIR Á KYNNINGARVERÐI

Íspan
GLER OG SPEGLAR

- Sparar pláss
- Öruggt og traust
- Einfalt í uppsetningu

Eigum tilbúna til afgreiðslu strax vegghengdar agila 50 rennihurðabraitir með hertu 8mm sýrupvegnu gleri og fingurgrip á hreint frábæru verði 99.500 kr

54 54 300 • SMÍÐJUVEGUR 7 • KÓPAVOGUR
Eina glerverksmiðjan á landinu með vottaða framleiðslu

ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012

SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Síglufjörður • Sími 460 6900 • info@primex.is • www.primex.is

Ketchum lambamerki

Tökum niður pantanir
í bresku KETCHUM lambamerkin

490 28NÞ3

Töng fylgir fyrstu pöntun
Gott verð

Kynntu þér málið
Sendum sýnishorn ef óskað er
Upplýsingar og pantanir
í síma 465 1332

Búvís
Sími 465 1332

www.buvís.is



Franska rivíeran

27. febrúar - 6. mars

Væri ekki gaman að fara í glæsilega ferð á frönsku Rívíeruna eða Sítrónuhátíð við Côte d'Azur?

Upplifum glæsilega blómaskrúðgöngu í Nice.

Fetum í spor kvikmyndastjarna í Cannes.

Heimsækjum Furstadæmið Mónakó.

Verð: 179.200 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!

Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir



Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790

bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2, 108 Reykjavík




REYKOFN



59.900
TILBOÐ

www.grillbudin.is

Reykofninn er gaskynntur sem gerir það mögulegt að reykja við lægra hitastig. Mismunandi reykspæni gefa fjölbreytta möguleika fyrir bragðlaukana.



LANDMANN

Fyrir veitingastaðinn
Fyrir bændagistinguna
Fyrir veiðimanninn
Fyrir heimilið
Fyrir sumarhúsið

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Smíðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Eimverk Distillery framleiðir viskí og gin úr íslensku byggi:

Ísland verði Skotland framtíðarinnar

— ginið væntanlegt á markað í þessum mánuði en viskíið á næsta ári

„Við sjáum ekkert því til fyrirstöðu að Ísland geti orðið Skotland framtíðarinnar, stór útflytjandi af viskíi.“ Þetta segja forsvarsmenn Eimverks Distillery, sem er fyrsta fyrirtækið til að brugga og markaðs-setja íslenskt viskí. Háleitt markmið, vissulega, en ekki ógerlegt. Til þess að svo megi verða þarf að vanda til verka, sýna hráefninu, vinnslunni og neytendum virðingu. Það ætlar Eimverksfólk sér að gera.

Í bakhúsi í Garðabæ er verið að brugga görorotta drykki. Þegar inn er komið blasa við gamlir mjólkurtankar sem nú eru nýttir í að blanda bæði viskí og gin. Þeir eru ekki eina tengingin við íslenskan landbúnað því að ein meginuppistaðan í hráefninu er íslenskt bygg, ræktað austur á Héraði. Oft hefur verið rætt um alla þá möguleika sem felast í aukinni kornrækt á Íslandi og hér blasir einn angur þess við. Eikartunnur standa á gólfum, flöskur til átöppunar á vörubrettum og glæsilegur eimunarketill gefur húsnæðinu virðulegan blæ. Það er svolítið útlenskur bragur yfir þessu öllu saman.

Fimm ára viðskiptahugmynd

Fyrirtækið Eimverk Distillery var stofnað árið 2011 en viðskiptahugmyndin, að framleiða íslenskt viskí, er hins vegar fimm ára.

„Þetta tekur langan tíma. Það er engin önnur leið að þessu en að læra, gera tilraunir og prófa, að finna út kröfur markaðarins og sjá hvað hann vill fá. Það er ekki fyrr en á síðasta ári sem við byrjum að stækka við okkur hvað framleiðslu varðar en fram að því höfðum við verið að vinna þróunarvinnu. Það þarf í raun þolinmótt fjármagn í svona framleiðslu, þetta verður að vera áhugamál og fólk verður að hafa þolinmæði til að bíða,“ segir Haraldur Þorkelsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Flóki viskí og Vor gin

Eimverk Distillery framleiðir bæði Flóka viskí og gin undir nafninu Vor. Ginið er tiltölulega nýtt af nálinni, en það fer í almenna sölu í næsta mánuði.

„Það sem við erum að gera hér er single malt-viskí eða einmóltungur undir nafninu Flóki. Reglurnar sem farið er eftir, og eru upprunnar í Skotlandi, er að það verður að geyma viskíið í að minnsta kosti þrjú ár á eikartunnum til að það geti kallast einmóltungur. Ginið er síðan ný afurð hjá okkur. Við getum framleitt um 15.000 lítra á ári. Mest af því er viskí, sem fer svo í geymslu til næstu ára, en hluti af þessu er gin. Vöruþróunin í viskíinu hefur tekið um fimm ár. Viskíið sem við erum að framleiða er til dæmis gert eftir uppskrift númer 164 sem við settum saman. Þegar við erum með svona gott grunnhræfni og grunnframleiðslu til viskígerðar er gin hins vegar mjög skemmtilegt næsta skref vegna þess að framleiðsla á gini er í raun alveg eins í upphafi og framleiðsla á viskí. Þegar búið er að eima tvisvar sinnum er viskí orðið til, það er þá sett á tunnur og geymt í þrjú ár til að geta kallast einmóltungur. Hluta af framleiðslunni tókum við hins vegar til hliðar, bættum út í það einiberjum og kryddjurtum og eimum það í þriðja skipti og úr því fáum við gin,“ segir Egill Þorkelsson, yfirbruggmeistari hjá Eimverki.

Nota lífrænt bygg frá Vallanesi

Eins og kemur fram er meginuppistaðan í hráefnunum sem fyrirtækið notar íslenskt bygg. Miðað við full afköst þarf Eimverk að nota 20 tonn af byggi á ári.

„Við fáum byggið frá Vallanesi á Héraði, úrvalsbygg sem hentar okkur vel. Það er lífrænt ræktað og það er sannarlega ekki verra, ekki síst þegar kemur að gininu sem við framleiðum.



Þau Egill og Eva María segja mikilvægt að bera virðingu fyrir hráefnum, vöru og neytendum. Eftir þeirri stefnu sé unnið hjá Eimverki.



Mikil áhersla er lögð á fágun og gæði.



Tunnurnar sem Flóka viskíið er geymt í eru eikartunnur sem áður geymdu amerískt búrbón.

Það er úr lífrænt ræktuðu íslensku byggi, villtum íslenskum einiberjum og íslenskum kryddjurtum, sem sagt allt lífrænt og íslenskt. Þetta er vara

sem í raun er eins nokkurs konar beint framhald af beint frá bónda. Berin og kryddjurtirnar tínur við sjálf en það liggur fyrir að við þurfum að komast í samband við fólk sem gæti útvegað okkur þessar jurtir og við viljum gjarnan heyra í fólk sem gæti aðstoðað okkur við það,“ segir Eva María Sigurbjörnsdóttir framleiðslustjóri. Haraldur bætir því við að það sé nokkurt mál að malta það bygg sem til þarf, en engin móltunarstöð er til á Íslandi. „Auðvitað væri draumurinn að það yrði byggð upp móltunaraðstaða, ekki bara fyrir okkur heldur fyrir alla sem eru að nota bygg eða vildu nota bygg í framleiðslu sína.“

Fjölskyldufyrirtæki sem leggur áherslu á virðingu fyrir hráefnum

Eimverk er fjölskyldufyrirtæki, en þeir Egill og Haraldur eru bræður. Eva María og Sigrún Jenný Barðadóttir, rekstrarstjóri fyrirtækisins, tengjast þeim einnig fjölskylduböndum. Þá eru foreldrar, aðrir ættingjar og vinir og kunningjar ávallt tilbúnir að rétta hjálparhönd og gildir þá einu hvort verið er að bera hluti eða bragða nýjustu framleiðsluna. Allt er það í anda þess hvernig þau vilja og ætla sér að vinna að framleiðslunni. Bæði Flóki og Vor eru handunnin, hér er ekki um verksmiðjuframleiðslu að



Gamlir mjólkurtankar úr sveitum landsins eru nýttir í bruggunina.

ræða heldur þarf mannshöndin að koma að flestum skrefum.

„Við leggjum mikla áherslu á virðingu fyrir hráefnum, viðfangsefninu og sögunni sem fylgir þessari framleiðslu. Það eru gríðarlega mikil markaðsleg verðmæti fólgin í því að geta rakið feril vörunnar allt til bónda og eftir því eru mjög margir kaupendur að leita,“ segir Haraldur.

Horft til erlendra markaða

Flóki viskí er hágæðavara, rétt eins og Vor gin. Báðum tegundum er ætlað að keppa við önnur vín í sömu gæðaflokkum að sögn Haraldar. Flóki er fyrsta, og enn sem komið er eina, viskíið sem framleitt er á Íslandi. Hvað varðar markaðssetningu er einkum lítið til erlends markaðar þó að vissulega sé sterkur heimamarkaður hér á landi einnig. Töluvert er byrjað að spyrjast fyrir um viskíið nú þegar, þó að einungis lítið sé komið á markað. Í ljósi þess að geyma þarf viskíið í þrjú ár er vart hægt að segja að Flóka viskí sé komið í sölu. Þó hefur fyrirtækið boðið upp á viskí í litlum tunnum sem hægt er að kaupa og leyfa því svo að eldast hjá kaupandanum. Það er þó rétt að taka fram að þær vörur eru einkum seldar forföllum viskíöfnurum. Hægt er að kaupa viskíið á völdum veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu og stefnan er að ginið verði einnig til sölu á börum bæjarins þegar það verður tilbúið í næsta mánuði. Stefnir er að því að setja á markað lítið upplag af viskí á þessu ári en á næsta ári mun viskí á flöskum koma á almennan markað.

„Auðvitað fara svona hlutir hægt af stað. Það væri hins vegar mjög til bóta að taka upp svipaða stefnu eins og gert hefur verið í nágrannalöndunum, að hægt sé að kaupa beint af framleiðendum. Þá á ég við hvort heldur sem er í gegnum póstsölu en eins beint úr verksmiðjunni hjá okkur.“

Ævistarf að framleiða gott viskí

Að brugga viskí og selja er því langhlaup en forsvarsfólk Eimverks heldur alveg ró sinni þrátt fyrir að enn sé ár í að Flóki viskí komi á flöskum á almennan markað. Þau vita sem er að þolinmæði er dyggð og hafa stór áform um framtíðina.

„Ef við horfum á Skotland í dag er viskíiðnaðurinn orðin undirstöðuþátturinn og tveir þriðju hlutar af útflutningnum. Við sjáum ekkert því til fyrirstöðu að Ísland geti orðið Skotland framtíðarinnar, stór útflytjandi af viskíi. Þetta er ekki vegferð upp á morgundaginn heldur ævistarf. Við getum haft algjöra sérstöðu í þessari framleiðslu og vaxið gríðarlega, ef við bara höldum rétt á spöðunum. Þetta er áhugaverð leið til að nýta byggið okkar sem bændur framleiða hér á landi. Ísland er sterkt vörumerki og ef við gerum þetta rétt og nýtum íslenskt hráefni eru okkur allir vegir opnir,“ segir Haraldur.

/fr

Búvís
ÁBURÐUR

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUÐ OG GÆÐI
VELDU BÆÐI

*Gæða áburður
á góðu verði*

Áburður	Efnisinnihald (í einum efni)					
	N	P	K	S	Ca	Mg
Kraftur EU 27	26.8			42	2.4	
Kraftur EU 27+S	26.8		3.5	5.0		
Kraftur 34	34.4					
Völlur 30-5+S	30.0	2.0	3.0			
Völlur 28-12+S	27.5	5.0	2.9			
Völlur 26-6-6+S	26.0	2.5	4.9	2.0		
Völlur 20-10-10+S	20.5	4.2	8.0	4.5		
Völlur 23-7-12+S	23.0	3.0	10.0	1.0		
Völlur 17-15-15+S	16.5	6.4	12.0	2.0		

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is

Búvís
Akureyri

EYJALIND

Nýr umboðsaðili
- Vöruhúsatæki
- Rafmagnslyftarar
- Dísellyftarar

Yale
People. Products. Productivity.

S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Veldu Viðhaldsfrítt

PVC Gluggar og Hurðir - íslensk framleiðsla

Sérsmíði eftir málum **6 punkta læsing**

Glerjað að innan
Barnalæsing
Næturöndun
Frárennsliskerfi
Póstar bræddir saman
-ekki skrúfaðir
Slagveðursprófaður
Hröð afhending

Hvít - Hvít viðarútlit - Nut Tree - Rosewood - Golden Oak

Sérsmíðum allt í gripa- og útihús

NÝJUNG! Nú er von á fyrstu sendingu af viðhaldsfríu þakkantaefni

www.pgv.is - 510 9700 - Seljabót 7 Grindavík - Skipholt 35 Reykjavík

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

www.pgv.is - sími: 510 9700

X5

Sími: 893-3305
Gagnheiði 34
800 Selfoss

Rýmingarsala á dekkjum

62.000- stk

315/80 R22.5

Kálflugudúkar

Garðyrkjubændur athugið!

Við tökum við pöntunum
á kálflugudúk til 1 mars n.k.

Stærðir: 13x100m og 13x200m

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Lónsbakki - 601 Akureyri
Sími 480 0441 - 700 Egilsstaðir

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610
Sími 480 0400
jotunn@jotunn.is

FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

Styrkir

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2014, skal senda stjórn sjóðsins fyrir 1. mars 2014. Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, verða að skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á <http://www.fiskistofa.is> undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við starfsmann sjóðsins Marínu E. Samúelsdóttur í síma 569 7900. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
Ólafur Halldórsson formaður
Dalshrauni 1b
220 Hafnarfjörður.

Veðurhorfur

Vísbendingar með ólíkum forsendum um yfirvofandi breytingar á veðurfari á norðurhveli jarðar:

Kólnandi veðurfari spáð næstu 30 til 40 árin

– Vísindamenn tala jafnvel um litla ísöld en virðast þó sammála um að gróðurhúsaáhrif muni draga úr niðursveiflunni

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Vísindamenn víða um heim hafa lýst vaxandi áhyggjum sínum af minnkandi virkni á sólinni og að sólblettir, sem eru merki um sólgos, séu nær horfnir. Hafa menn sett þetta í samhengi við 400 ára sögu sólbletta á sólinni sem fylgi mjög vel sveiflum í veðurfari á jörðinni. Vegna minni virkni séu menn nú að sigla inn í litla ísöld næstu 40 árin. Spá um yfirvofandi kólnun á sér líka samsvörun í rannsóknnum Páls Bergþórssonar, fyrrverandi veðurstofustjóra, þó að hann hafi dálítið aðrar forsendur fyrir sinni niðurstöðu. Trausti Jónsson, sérfræðingur í veðurfarsrannsóknum, telur vitneskju skorta til að slá einhverju föstu. Eigi að síður sé óráð að fara að selja ávinning hlýnunar lands og sjávar hér á landi eins og hún sé endanlega komin til að vera.

„Aldrei séð neitt þessu líkt“

Í síðasta Bændablaði var greint frá þessu og þar var m.a. vísað í viðtal við Richard Harrison í Rutherford Appleton Laboratory í Oxford-skíri í samtali við BBC nýverið. Þar sagði Harrison:

„Það er sama hvaða mælikvarða þú notar, sólgos eru að hverfa. Ég er búinn að vera sóleðlisfræðingur í 30 ár og hef aldrei séð neitt þessu líkt.“

Harrison segir að þetta fyrirbæri geti leitt til kaldari vetra eða þess sem kallað er Maunder Minimum eins og ríkti á norðurhveli jarðar í kringum 1645 – „Þá voru kaldir vetur og nærri því ísöld. Þá komu tímabil þegar Thames-áin fraus. Við höfum rannsóknir sem ná yfir 400 ár og ástandinu núna svipar mjög til þess sem var þegar Maunder Minimum var að byrja,“ sagði Harrison.

Reyndar þarf ekki að fara aftur til 1645 til að sjá dæmi um ísilagða Thames-á. Dugar að fara aftur til árunna í kringum 1900 til að finna ljósmyndir af slíku. Veturinn 1683-84 sem Bretar kalla „Great Frost“ er talað um mesta frost sem mælst hafi í Englandi. Þá var öll Thames ísilögð í tvo mánuði og mældist ísþykktin í London 28 sentimetrar. Var þá efnt til sérstakrar hátíðar á ísnum sem kölluð var Thames Frost Fair. Þá var einnig ísilagður sjór út frá ströndinni og sömu sögu var að segja við Ermarsundsströnd Frakklands.

Samkvæmt gögnum Astrid Ogilvie, prófessors við Institute of Arctic and Alpine Research í Boulder í Colorado, um hafis við Ísland á tímabilinu 1600 til 1850 og gögnum Ingibjargar Jónsdóttur landfræðings um hafis frá 1850 til 2006 virðist hafa verið mest um ís við landið að jafnaði frá 1782 og fram yfir 1920. Árið 1695 var hins vegar mesta hafísar við Ísland og var ís þá landfastur nánast allt í kringum landið og aðeins íslaut við Snæfellsnes. Hafís á norðurhveli hefur hins vegar aldrei mælst minni en á árinu 2012.

Augljós tengsl en bein fylgni ekki fyrir hendi


Trausti Jónsson, sérfræðingur í veðurfarsrannsóknum, segir að það megi heita augljóst að breytingar á geislun sólars valdi veðurfarsbreytingum á jörðinni. Spurningin sé eingöngu sú hversu litlar þær geislunarbreytingar megi verða áður en við förum að geta mælt einhvern mun.

„Menn hafa nú í um 150 ár reynt að tengja hitafar einstakra staða sem og á jörðinni allri við svonefnda



Hafís í Reykjavíkurhöfn frostaveturinn mikla 1918. Þarna er verið að saga rás fyrir strandferðaskipið Sterling út úr ísnum.

Mynd / Magnús Ólafsson – Ljósmyndasafn Reykjavíkur



Tíðni sólbletta á sólinni frá árinu 1600. Sumir vísindamenn telja að lægri tíðni sólbletta nú um stundir bendi til kólnunar á loftslagi á jörðinni næstu áratugina.



Trausti Jónsson, sérfræðingur í veðurfarsrannsóknum, telur óráð að gera út á ávinning hlýnunar lands og sjávar hér á landi eins og hún sé endanlega komin til að vera.

sólblettalotu – en hún er að meðaltali um það bil 11 ára löng. Satt best að segja hefur nánast engin fylgni fundist, m.a. hefur hvorki tekist að tengja hnattræna hlýnun síðustu áratuga sem og hlýnun fyrr á 20. öld – né kólnun þar á milli – við sólblettavirkni.“

Núliðandi sólblettalota sú minnsta í 100 ára eða meira

„Nú vill svo til að núliðandi sólblettalota virðist ætla að verða mun minni að stærð en lotur hafa verið í að minnsta kosti um 100 ár. Ef áhrif sólblettalota á hitafar eru einhver ætti það því að koma fram núna frekar en áður þegar nákvæmni



Páll Bergþórsson veðurfraeðingur er ekki alveg sammála kenningum um samspil sólbletta og veðurfars á norðurhveli. Hann telur umfang hafíss hafa þar mun meiri áhrif.

geislunarmælinga var miklu minni en nú á gervihnattaöld – sömuleiðis er nákvæmni alls konar hitamælinga – og mælinga á öðrum veðurbáttum orðin meiri en var fyrir 100 árum.

Út frá sjónarmiði hugmynda um samband er því mjög „æskilegt“ að sólblettavirkni verði sem minnst á næstunni þannig að hægt sé að ganga í skugga um þetta í eitt skipti fyrir öll,“ segir Trausti.

Er hafísinn áhrifameiri en breytingar á virkni sólar?

Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, er ekki alveg sammála því að breyting á sólblettum hafi eins afdrifaríkar afleiðingar á

veðurfarið, í það minnsta á norðurhveli jarðar, eins og erlendir sérfræðingar tala nú um. Þar sé hafísinn mun meiri áhrifavaldur samhliða innri breytileika veðrakerfisins og samspili lofts, lands og sjávar.

Í erindi hjá veðurfraeðingafélaginu í febrúar 2013 benti Páll á að Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur hefði haldið því fram fyrir 60 árum að hafísinn okkar stjórnaði loftslagi allra landa við Norður-Atlantshaf.

„Það var snjöll ályktun og eiginlega varfærin, en langt á undan hans samtíð og framtíð sem hefur aðallega trúað á breytingar sólgeislunar og eldgos sem helstu sveifluvalda loftslagsins,“ sagði Páll í erindi sínu.

Páll sýndi einnig mæliniðurstöður af hitafari á Spitsbergen, Jan Mayen, Stykkishólmi og í sjónum í yfirborði Atlantshafsins suður af Íslandi, milli Evrópu og Ameríku. Þær sýna keðjubundið meðaltal áratuga árin 1881-2007. Þessir staðir eru á hafíssvæði eða tengdir því með hafstraumum. Hann stelur ástæðu til að benda á að í yfirborðinu á stóru hafsvæði í Norður-Atlantshafi sýnist kaldi sjórinn frá íshafinu taka þátt í þessum hitabreytingum mörgum árum seinna en kólnun verður norður af Íslandi. Að öllum líkindum sé það vegna strauma norðan að. Á sama hátt seinki hlýnun þar að mati Páls.

Sem dæmi um hafis við Ísland á fyrri öldum má nefna skýrslu Þórs Jakobssonar veðurfraeðings frá 2004 um hafis og lagnaðaris við strendur Íslands með tilliti til þorskeldis. Þar er m.a. vísað í yfirlitstöflu Eiríks Sigurðssonar veðurfraeðings frá 1983, sem sýnir m.a. að á árunum frá 1801 til 1900 var hafís við landið í þrjá mánuði eða lengur í 35 ár af því tímabili. Í þrjú ár á þessum hundrað árum hélst ísinn við landið í 7 mánuði.

Úr 30 ára hlýnunarfasa yfir í kólnun

Páll telur að norðurhvel jarðar sé nú að fara úr hlýnunarfasa undanfarinna 30 ára og yfir í kólnun næstu þrjátíu ár eða svo og þar spili hafísinn stærstu rulluna. Kenningum Páls og erlendra

sérfræðinga ber vissulega saman um kólnunina, þó að forsendurnar séu mismunandi. Benda má á að Páll hefur oft reynst ansi sannspár í gegnum tíðina og hefur líka reynst íslenskum bændum drjúgur liðsmaður við að spá fyrir um heyskaparhorfur. Það hefur hann einmitt gert í ljósi stöðu hafísa ár hvert.

Sagan hjálpar í veðurfarsrannsóknum

Páll hefur fjallað mikið um veðurfar á norðurhveli jarðar og gert yfirlit um veðurfar sem nær allt aftur til landnáms Íslands. Frá 1845 hefur síðan verið hægt að byggja á reglulegum hitamælingum í Stykkishólmi og einnig eru til mælingar Jóns Þorsteinssonar landlæknis í Reykjavík sem ná allt aftur til 1823. Fregnir af harðæri, fæðuskorti og mannfelli á Íslandi og hafís á fyrri öldum hefur Páll einnig nýtt sér til að búa til heildstæða mynda yfir veðurfar á fyrri öldum.

Annað lögmál á norðurhveli en á suðurhveli

Að mati Páls er hafísinn á norðurhveli miklu áhrifaríkari í mótun veðurfars en margir vilji vera láta. Þar hafi orðið nokkuð reglulegar sveiflur í umfangi hafíssins gegnum tíðina með tilheyrandi áhrifum á hitastigið á Norðurhveli. Að sama skapi séu ekki sömu sveiflur á suðurhveli jarðar vegna þess að ísinn þar er að verulegu leyti bundinn í jökli á Suðurskautlandsins og mun stöðugri en hafísinn á norðurhveli.

Ólíklegt að sólin valdi stórum sveiflum

„Það er ekki fyrr en síðustu 40 ár eða svo að menn hafa geta mælt nákvæmlega hvað sólin hitar mikið. Það sýnir sig að það er afskaplega lítil breyting á því. Ólíklegt er að það valdi miklum breytingum. Samt eru geysilegar breytingar og þær eru vegna innbyrðisáhrifa á jörðinni og þá fyrst og fremst hér á norðurhveli.

Það hefur verið mikið rætt um hvort það sé að hlýna á jörðinni og

þá er alltaf gefinn upp samanlagður meðalhiti bæði suður- og norðurhvels. Þá kemur fram að töluverðar breytingar hafa verið í því bæði upp og niður, en þó í heildina stígandi hiti.“

Stöðugt hlýnandi á suðurhveli

„Það sem skiptir þó mestu máli er atriði sem fáir vilja benda á. Það er að á suðurhveli er jafnt og þétt hlýnandi í samræmi við útblástur á koltvísýringi og algjör fylgni þar á milli. Það eru allar líkur til þess að það valdi vaxandi hlýnun á jörðinni í heild vegna aukins útblásturs.

Á norðurhveli horfir þetta svolítið öðruvísi við. Í mörg hundruð ár hefur hitinn gengið þar upp og niður og vel kunnugt er um harðindaskeið á okkar landi í mörg hundruð ár. Þau hafa komið á um það bil 60 ára fresti. Þess á milli hefur verið miklu mildara. Þarna er um að ræða innbyrðisáhrif hér á jörðinni vegna hafíssins.“

Komið að viðsnúningi yfir í kólnun

Páll bendir á að á tímabilinu 1925 til 1965 hafi verið mjög hlýtt. Síðan hafi komið kuldaskið 1965 til 1995.

„Á því tímabili var eins kalt og mest hefur verið að meðaltali frá upphafi mælinga. Síðan skiptir um og fer að hlýna um aldamótin og hefur síðan verið miklu hlýrra en nokkru sinni fyrr. Þetta vil ég meina að sé vegna minni hafíss.

Nú er hitinn á norðurhveli búinn að standa í stað í ein tíu til tólf ár og fremur ólíklegt að hann fari að hækka meira. Þá eru komin um 34 ár síðan hitastigið var síðast í lágmarki. Því ætti að vera farinn að byrja viðsnúningur yfir í kuldaskið. Það er því alveg möguleiki á að það fari kólnandi næstu 30 ár sem fram undan eru. Það mun þó ekki kólna eins mikið og síðast vegna áhrifa af heildarhlýnuninni á jörðinni,“ segir Páll og vísar þar til hlýnunar af mannavöldum.

Trausti segir vitað um tvö sólblettarýr tímabil á fyrri öldum

„Sólblettalotur hafa verið mjög misöflugar í fortíðinni. M.a. er vitað að mjög lítið var um sólbletti lengst af 17. öld – og er það skeið kennt við þann sem fyrst tók eftir því – hann hét Maunder. Því er talað um Maunder-skeiðið. Annað lágmark en veigaminna var á ferðinni snemma á 19. öld, það er kennt við Dalton sem athugaði bletti á þeim tíma. Fyrir utan Maunder-skeiðið er vitað um tvö sólblettarýr tímabil á fyrri öldum,“ segir Trausti Jónsson.

Ekki víst að færri sólblettir séu ávísun á kaldari tíma

„Nú er um það deilt – og áherslu verður að leggja á það – hvort sólgeislun sé minni á lengri rýrum skeiðum heldur en er annars í þeim sólblettalágmörkum sem koma með hér um bil reglulegu millibili – á 11 ára fresti. Þar sem lítið sem ekkert hefur reynst kaldara í þessum venjulegu lágmörkum heldur en meðan á sólblettahámörkum stendur er ekki víst að það sé neitt kaldara undir sólblettalausri sól á löngu, rýru tímabilunum heldur en á þeim stuttu.

Hugmyndin um að kuldi á 17. öld hafi stafað af sólblettarýrð en ekki einhverju öðri er fyrst og fremst byggð á líkum – kalt var á 17. öld (að sögn) og sólblettarýrt var á sama tíma – af því leiðir að kuldin sé sólblettarýrð að kenna. Fyrst A er eðlisfræðilega hugsanleg skýring á ástandi B (á „sama“ tíma) er líklegt að A sé einmitt ástæðan fyrir því.

Gallinn er bara sá að ekkert hefur enn fundist við eðlisfræði sólar sem bendir til þess að stutt og löng sólblettalaus skeið séu ólík – það er að segja að á löngu skeiðunum sé sólin kaldari heldur en á þeim stuttu.

Hér má aftur vona að við fáum



Skip föst í ís á ánni Thames í Englandi árið 1855.



Málverk af vetrarhátíð á Thames-ánni frostaveturinn mikla í Englandi 1683-84. Þá mældist ísþykktin þar sem áin rann í gegnum London um 28 sentimetrar og frost í jarðvegi er sagt hafa mælst niður á meira en fjögurra feta dýpi.

að minnsta kosti eina eða tvær sólblettalausar lotur samfelld til þess að skera megí úr um þetta í eitt skipti fyrir öll.“

Verðum að bíða fleiri gagna

„Málið er sum sé það að í fyrsta lagi vitum við ekki hvort í hönd fari sólblettarýrð (umfram það sem þegar er) – né hvort sólin fari inn í eitthvað sérstakt (óþekkt) ástand þegar rýrðin tekur tekur lengri tíma. Hvorugt get ég sagt neitt um – við verðum bara að bíða fleiri gagna.

Hugmyndir Páls Bergþórssonar (og fleiri) eru annars eðlis og hafa ekki með virkni sólar að gera – heldur innri breytileika veðrakerfisins. Í hugmynd Páls eru það samskipti lofts, lands og sjávar sem valda sveiflum í hitafari sem aftur valda sveiflum í snjóhulu og íspekju sem svo enn valda breytingum á endurskini jarðar, nýting sólgeislunar verður þá sveiflukennd – í sjálfu sér óháð sólgeisluninni sjálfri. Þannig verði sýndarbreyting á sólgeislun – og meiri en þær breytingar sem hugsanlega tengjast sólblettavirkni.

Páll og fleiri eru þeirrar skoðunar að hlýnun hér á landi (og víðar á norðurslóðum) hafi verið svo hröð á undanförunum tveimur áratugum rúmum að hún hafi farið langt fram úr hnattrænni hlýnun. Hnattræna hlýnunin – þótt hröð sé – nægi ekki til að halda áframhaldandi hraðri hlýnun hér á landi. Því hljóti að kólna um hríð á norðurslóðum – að minnsta kosti það mikið að samræmi náist að mestu. En um síðir muni hin almenna hnattræna hlýnun sýna þau undirtök sem hún hefur – hugsan-

legur kuldi á næstu áratugum verði því líklega vægari en síðasta og næstsíðasta kuldakast.“

Óráð að treysta á áframhaldandi hlýnun

„Ekki þarf að horfa nema augnablik á ferla sem sýna hitabreytingar á Íslandi og Grænlandi til að átta sig á því að náttúrulegar sveiflur – ótengdar almennri hlýnun eru 2 til 3 sinnum stærri en hin almenna. Það er því óráð að fara að selja ávinning hlýnunar lands og sjávar hér á landi eins og hún sé endanlega komin til að vera. Mörg áform bæði til lands og sjávar virðast samt ganga út á slíka sölu. Eins og í öðrum áhættuviðskiptum geta menn að vísu gert það gott og grætt verulega – en líka tapað umtalsvert,“ segir Trausti Jónsson

Áhrif af völdum mannsins sögð kunna að hafa gagnstæð áhrif

Orð Páls hljóta að velta upp spurningum um hvort skýringa á viðsnúningi á hafismyndun megí ekki einmitt rekja til mismikillar virkni sólar. Mikið var fjallað um málið í breskum fjölmiðlum í síðasta mánuði. Þar hefur umfjöllun BBC verið áberandi. Það er þó greinilegt að vísindamenn reyna að hughreysta almenning í kjölfar þessara fregna og Lucie Green í University College London telur að annað kunni að verða uppi á teningnum nú vegna starfsemi mannsins.

„Jörðin sem við lifum á núna er mikið öðruvísi. Áhrif af starfsemi mannsins vega upp á móti þessu. Það er því erfitt að segja til um hverjar afleiðingarnar kunna að verða.“

Súrefnissamsætur í Grænlandsjökli gefa vísbendingar um hitastig á Íslandi

Í erindi Páls á síðasta ári má greinilega sjá samsvörun í mælingum á breytingum á súrefnissamsætum í Grænlandsjökli og hitafari á Íslandi. Þar voru rannsakaðir ísborkjarnar sem teknir voru úr hábungu Grænlandsjökuls á árunum 1988 til 1993. Þar mældu menn hlutfall súrefnissamsætnanna O16 og O18, en það hlutfall fer mjög eftir hitanum í úrkomunni á hverjum tíma.

Virðast borkjarnarannsóknirnar staðfesta nokkuð vel áætlanir Páls um veðurfarið á Íslandi frá landnámi.

Þegar tölur úr mælingum á Grænlandsjökli eru bornar saman við þær tölur sem fyrir liggja um sólgos allt frá árinu 1600 virðist líka vera þar talsverð fylgni.

Áhrif eldgosa og neyðaráætlun í Bretlandi

Í allri umræðu um hlýnun jarðar af mannavöldum hlýtur það þó að vekja athygli að yfirleitt er lítið minnst á áhrif eldgosa. Samt er vitað að við eldgos losnar gríðarlegt magn koltvísýrings og brennisteinsvetnis út í gufuhvolf jarðar. Að vísu heyrast þær fréttir nú frá Bretlandi sem koma þessum kuldaspám óbeint við. Þar er í undirbúningi neyðaráætlun sem tekur mið af mögulegum áhrifum af störgosi á Íslandi á borð við Lakagíagosið 1783. Þar fer dr. Susan Loughlin fyrir teymi eldfjallasérfræðinga við British Geological Society í Edinborg.

Þegar gaus í Lagagígum 1783 létust meira en 10.000 manns í heild og mengað ský hékk yfir Evrópu í mánuði og hafði mikil áhrif á uppskeru og búfenað þar. Nú síðast þegar Eyjafjallajökull gaus árið 2010 hafði það mikil áhrif á líf fólks vegna öskufalls sem truflaði ferðalög í margar vikur eftir að gosið hófst. Nú telja eldfjallasérfræðingar að miklu stærra og hættulegra gos geti orðið á Íslandi í nánustu framtíð.

Lakagíagosið var annað stærsta eldgos síðustu 1.000 árin og gos af slíkri stærðargráðu er talið gerast á 250-500 ára fresti. Er fjallað um þetta mál nýverið á vefsíðunni umhverfisfrettir.is

Eru áhrif eldgosa á skjön við kenningar um gróðurhúsáhrif?

Samkvæmt þeim kenningum sem hæst hefur verið haldið á lofti, veldur aukin koltvísýringur gróðurhúsáhrifum á jörðinni. Hitageislur sólar fari í gegn en lokast inni og því verður samkvæmt kenningum minni útgeislun og minna hitatap en ella. Fyrir leikmann er erfitt að kyngja þessum fræðum umhugsunarlaust því virkni eldgosa ætti þá að leiða til enn meiri hlýnunar gufuhvolfsins. Sagan sýnir hins vegar allt annað.

Trúlega er eitt þekktasta dæmið frá Lakagíagosinu sem er eitt það öflugast á sögulegum tíma með

óheyrrilegri losun koltvísýrings og ýmissa annarra gastegunda út í andrúmsloftið. Það olli samt alls ekki hlýnun heldur þvert á móti mikilli kólnun á norðurhveli jarðar með tilheyrandi uppskerubresti í Evrópu og margvíslegri óáran. Meira segja hefur franska byltingin á árunum 1789 til 1815 verið talin eiga sér rætur í áhrifum Lakagíagossins á afkomumöguleika almennings í Frakklandi.

Aðspurður segir Páll að áhrif eldgosa séu svo tímabundin að heildaráhrifin verði ekki svo mikil. Eigi að síður ættu svo gríðarleg innskot af koltvísýringi að auka uppsafnaðan koltvísýring af mannavöldum og valda hlýnun samkvæmt kenningunni – eða hvað?

Brennisteinsmóða nálægt jörðu sögð skýra kólnun

Rannsóknir við geimferðastofnun Bandaríkjanna, Goddard Intitute for Space Studies – NASA, leiða í ljós að eldgosið í Laka 1783 hafi haft í för með sér miklar breytingar á hringrás andrúmsloftsins á norðurhveli jarðar. Þannig hafi hita- og úrkomufrávik verið sumarið 1783 með þvílíkum ólíkindum og haft áhrif meira að segja mikil áhrif á Nílarfljót í Afríku.

Í umfjöllun Einars Sveinbjörns-sonar veðurfræðings um þetta á vefsíðu sinni er bent á að frá Lakagígagösinu hafi að brennisteinsmóðu lagt frá eldsprungunni á Síðafrétti suður um alla Evrópu sumarið 1783. Það hafi haft þær afleiðingar að stórlega dró úr inngeislu sólar. Yfir landi var hiti um 3° C lægri en venjulega, þ.e. þegar hann er endurreiknaður með tölvulíkönun.

„Kólnun af slíkri stærðargráðu hafði það í för með sér að uppskera brást að verulegu leyti um mikinn hluta álfunnar. Veik myndun trjáhringja bæði frá Alaska og Síberíu fyrir þetta sumar staðfesti „sjokkið“ í sumarhitanum.

Þegar hitastigið lækkaði yfir meginlandinu vegna móðunnar frá gosinu dró að mati vísindamanna NASA úr þeim mikla hitamun sem venjulega er til staðar á milli meginlands Evrasíu og hafsvæða Atlantshafs og Indlandshafs. Það er einmitt þessi hitamunur sem knýr áfram monsúnvindana, þ.e. bæði Indlands- og Afríkumonsúnninn.“

Verður lítill ísöld innan 40 ára?

Michael Lockwood hjá Háskólanum í Reading segir að lækkað hitastig geti haft áhrif á svokallaða þotu-strauma í háloftunum um allan heim. Það geti leitt til þess að veðurkerfin eins og við þekkjum þau hreinlega hrynji. Hann hefur áður komið fram með kenningu um að samhengi sé á milli lítillar sólarvirkni og kaldra vetra í Norður-Evrópu. Á grundvelli umfangsmikillar tölfraði telur Lockwood sig hafa komist að því að kалdir vetur í Evrópu tengist lágrí virkni sólar – síðasta dæmið hafi verið veturinn 2009 til 2010.

„Við áætluðum að það séu 10 til 20% líkur á að við munum vera í „Maunder Minimum“-ástandi innan 40 ára,“ segir Lockwood. Þarna er vissulega ákveðinn samhljómur við spár Páls Bergþórssonar um kólnun.

Eru olíunýtingaráform á norðurslóðum og pólsiglingar í uppnámi?

Ef þessar vangaveltur vísindamanna um kólnun jarðar reynast réttar gætu áform um jarðefnanýtingu á norðurheimskautssvæðinu, sem og framtíðarsiglingar yfir norðurpólinn, verið í uppnámi, í það minnsta næstu áratugina. Trausti varar einmitt sterklega við sölumennsku á þessum þáttum á forsendum áframhaldandi hlýnunar. Kannski mættu ráðamenn þjóðarinnar, sveitarfélaga og atvinnulífs fara að íhuga þetta og taka inn í áhættugreiningu á verkefnum sem verið er að hrinda af stað.

/HKr.

Sleðahundaklúbburinn Icehusky:

Keppni í sleðahundadrætti verður æ vinsælli

Sleðahundaklúbburinn Icehusky hélt hina árlegu keppni sína í sleðahundadrætti nýverið. Mótið heitir Sleðahundakeppni Íslands og var ræst var frá Hömrum og farið um Naustaborgir og Kjarnaskóg.

Alls voru í boði 5 keppnisflokkar, 20 km keppni með 4-5 hunda, 10 km keppni með 2-3 hunda, 5 km keppni með 2 hunda og barna- og unglingaflokkar, 800 m með einn hund.

Er að festa sig í sessi

„Þetta gekk allt saman mjög vel og það er ánægjulegt því þetta er stærsta keppnin okkar hingað til,“ segir Haraldur Ólafsson í Sleðahundaklúbbnum Icehusky sem stóð að keppninni. Alls tóku 15 lið þátt í ár, þetta er þriðja árið í röð sem til hennar er efnt en fyrsta árið voru liðin 5 talsins. „Mótinu vex fiskur um hrygg og verður æ vinsælla með hverju árinu. Það er að festa sig í sessi og það var líka gaman að sjá að margir komu, fylgdust með og hvöttu lið sin áfram.“

Hundar af ýmsum tegundum tóku þátt, m.a. Siberian husky, Alaskan husky, Grænlandskir sleðahundar, þýskur pointer og Australian shepherd.

Verðug verkefni

Brautin var mjög blaut og erfið yfirferðar og er helst að kenna um hitanum sem hafði verið í vikunni en allir komust þó í mark á góðum tímum.

„Aðalatriðið í þessu öllu saman er að finna verðug verkefni fyrir hunda sína, það eru engin geimvísindi að eftir því sem þeir fá meiri hreyfingu og þjálfun verða þeir betri í umgengni og öruggari,“ segir Haraldur. */MPB*



Haraldur Ólafsson, Akureyri, kom fyrstur í mark í 20 kílómetra flokki.

Myndir / Þórir Tryggvason.



Mikilvægt er að finna hundunum verðug verkefni að glíma við.



Liðum sem taka þátt í Sleðahundakeppni Íslands fjölga með hverju árinu.



Claire Thuilliez Nathaliesdóttir varð þriðja í 20 km keppni með 4-5 hunda.



Páll Tryggvason á fullri ferð.



María Björk Guðmundsdóttir einbeitt og á miklu skriði, hún varð önnur í 10 km flokki.



Kolbrún Arna Sigurðardóttir varð önnur í 5 km flokki.



Hér er Birgir Hólm Þórhallsson, en hann kom fyrstur í mark í 5 km flokki.

HAGKVÆM LAUSN

STÁLGRINDARHÚS

Stálgrindarhús eru hagkvæmur og traustur kostur fyrir búvélageymslur, hlöður, geymsluhúsnæði og fjölmargt fleira. Við bjóðum upp á ódýra og hagkvæma lausn.

Fáðu nánari upplýsingar og tilboð hjá okkur í síma **525 3000**.



VERÐ FRÁ
139.900

BÍLSKÚRSHURÐIR

Aðeins 7-10 daga afgreiðslufrestur!
Auðveldar í uppsetningu.
Frábært verð.

Íslensk framleiðsla í samstarfi við Límtré/Vírnet. Þú getur fengið fulningar eða sléttar hurðir, báðar gerðir eru með viðaryrjum. Einangrunin er polystyrene. Þykktin er 35mm. Standard litur er hvítt en við getum útvegað hurðir í mörgum litum.

Afgreiðum um land allt - kynntu þér málið í næstu verslun.



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



...meira fyrir bændur!

VIFTUR

Við erum sterkir í viftum

Útsogsviftur • Pakviftur • Loftræstiviftur • Stýringar

íshúsið

viftur.is
566 6000

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m

SKESSUJÖRN 2012



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál
galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is



Þessi mynd var tekin undir Eyjafjöllum í haust og sýnir aðeins lítið brot af þeim aragrúa álfra sem voru þar á svæðinu. Á þessum akri var þó búið að þreskja korn og hirða hálmen ekki voru allir bændur þó svo heppnir að vera á undan fuglinum að nýta akrana.

Mynd / HKr.

Álft og gæs hefur fjölgað ört og gerir vaxandi usla í ræktarlöndum bænda:

Fuglar hafa étið og eyðilaggt uppskeru á tugum hektara

– „Ekki bara þörf á að grisja álfstofninn, heldur nauðsyn,“ segir bóndinn á Móeiðarhvoli og fleiri taka í sama streng

Birkir Arnar Tómasson bóndi á Móeiðarhvoli við Eystri-Rangá á Suðurlandi segir löngu tímabært að hefja grisjun á álfstofninum á Íslandi vegna þess gríðarlega tjóns sem álft og einnig gæs valdi í kornræktinni. Birkir er ásamt eiginkonunni Bóel Önnu Þórisdóttur tamingakonu með um 70 mjólkurkúr og segist hafa lagt 100 hektara undir kornrækt á síðasta sumri. Þar af hafi álfstin gjöreyðilaggt um 10% akranna og étið korn og skemmt af öðru eins til viðbótar.

„Það voru bæði álft og gæs sem voru að skemma hjá mér uppskeruna, en álfstin þó miklu meira,“ segir Birkir. „Gæsin var bara hér í einu stykki en hitt var skemmt af álft. Þar eyðilagði álfstin alveg 10 hektara og skemmdi mikið auk þess. Það var ekki einu sinni viðlit að slá hálminn á þessum tíu hekturum. Hann var allur slitinn og niðurtraðkaður og skítur úti um allt.“

Ekki bara þörf á veiði, heldur nauðsyn

„Það er ekki bara þörf á að grisja álfstofninn, heldur nauðsyn. Það þýðir ekkert hjá mönnum að tala um það á tyllidögum að auka framleiðslu og gera ekkert í því að halda fuglinum í skefjum. Svo horfir maður á fuglinn alla daga vera að éta upp framleiðsluna. Ég held að það sé sjálfhætt í kornræktinni nema að því marki sem maður getur varið með góðu móti fyrir ágangi. Það þýðir ekkert að halda áfram kornrækt með óbreyttu sniði ef ekkert má gera varðandi fuglinn, slíkt er útilokað.“

Álfstin er skaðvaldur á ýmsan hátt

Birkir segir að þetta sé ekki bara spurning um hvað álft og gæs éti mikið af sáðkorni og fræi á vorin og uppskeru á haustin. Álfstin liggja auk þess á túnunum fram að slætti og þau séu því full af skít. Skíturinn fari síðan í heyrullurnar og það sé bara tímaspursmál hvenær það fari að valda salmonellusýkingum í kúnum. Í yfirferð sinni slái álfstin niður grasið



Bændurnir Bóel Anna Þórisdóttir tamingakonu og Birkir Arnar Tómasson á Móeiðarhvoli.

Mynd / HKr.



Hjónin Fjóla Kjartansdóttir og Sigurður Ágústsson í Birtingarholti í Hrunamannahreppi. Þau töpuðu korni af um 40 hekturum í álft og gæs.



Á Móeiðarhvoli átu og eyðilögðu fuglar uppskeru á samtals um 20 hekturum á síðastliðnu sumri.

Mynd / HKr.



Útihúsin í Birtingarholti.

á stórum svæðum og þegar hún sé á beit, þá slíti hún t.d. vallafoxgrasið upp með rötum.

Gríðarlegt tjón hjá bændum í Birtingarholti

Hjónin Sigurður Ágústsson og Fjóla Kjartansdóttir í Birtingarholti í Hrunamannahreppi í Árnessýslu urðu fyrir gríðarlegu tjóni á sínum örkum í fyrrasumar.

„Við vorum með 160 hektara undir korn í fyrra. Þar af fóru rétt tæpir 40 hektarar í fuglinn. Þá reynir maður ekki einu sinni að þreskja þar

sem fuglinn hefur farið yfir. Þarna var til dæmis einn 20 hektara akur sem fuglinn hafði verið á. Ég fór ekki einu sinni með þreskivélina inn á hann enda hafði fuglinn klárað hann algjörlega. Það er svakalegur biti ef menn reikna það yfir í venjulegt uppskerumagn. Í góðu uppskeruári hefði þetta gefið um 120 til 140 tonn af korni. Það eru fjórar til fimm milljónir í söluverðmæti.“

Sigurður segir að uppskeran sé þó æði misjöfn milli ára og geti rokkað frá tveim og hálfu til fimm tonnum á hektara.

„Þetta tjón var bæði á heimatúnum

og á tünum uppi í Gunnarsholti sem ég er með í kornrækt. Einnig niður á Skeiðum og kannski einkum á tünum meðfram ám, Hvítá og Stóru-Laxá. Sumir hafa þó sloppið ágætlega þar sem engar ár eða lækir eru nálægt.“

Menn fara auðvitað að hugsa sinn gang

Sigurður fer því ekkert í grafgötur með að mikil þörf sé orðin á að fækka í álfstofninum.

„Það er bara þannig. Þegar menn eru að lenda í milljóna tjóni út af þessu ár eftir ár fara menn auðvitað að hugsa sinn gang. Það borgar sig engan veginn að standa í þessu ef fuglinn á að fá að éta hjá manni um 20 til 30% af uppskerunni á ári.

Það er ekki bara kornið sem maður er að tapa. Við erum með sölu á öllum hálmni sem til fellur í sveppa-ræktina hjá Flúðasveppum. Það geta verið upp í 10 baggar á hektara. Það eru því um 400 einingar sem hafa farið forgörðum hjá okkur. Tjónið er því ótrúlega mikið og vanmetið.“



Álftir á akri undir Eyjafjöllum.

Álfstofninn var talinn vera 29 þúsund fuglar árið 2010

Álfstofninn taldist vera um 12.000 fuglar árið 1980 en var kominn í 25.000 fugla 2005 og 29.000 árið 2010 samkvæmt tölum frá Náttúrufræðistofnun. Þá er gengið út frá talningu álfra á vetrarstöðvum á Bretlandseyjum á fimm ára fresti og viðtekinni áætlun um að 5-10% stofnsins hafi vetursetu á Íslandi.

Vitað er að sívaxandi fjöldi fugla er orðinn staðbundinn á Íslandi og telja margir að fjöldinn sé mun meiri en þau 10% sem gengið hefur verið út frá.

Álft verpir að jafnaði 4-6 eggjum. Ef hóflega er áætlað með tilliti til affalla að um 2.000 þör komi upp 4 ungum, þýðir það fjölgun í stofninum um 8.000 fugla á hverju ári. Það þýðir jafnframt að stofninn gæti hæglega verið kominn í 37.000 fugla í dag samkvæmt talningu Breta og áætlunum um stofnstærð. Þessi tala gæti þó verið miklu hærri ef miðað væri við að stærri hluti stofnsins en Bretar áætla hafi vetursetu hér á landi.

Sigurður Ágústsson bóndi telur að stofnstærðin sé miklu nær 50 þúsund í dag. Vísar hann þar til þess að á undanförnum árum hafi álfir gengið mun betur að koma ungum á legg en áður, bæði vegna mikils ætist og betra veðurfars. Fyrr á árum hafi verið algengast að sjá álfapar með einn til tvo unga en undanfarin mörg ár hafi verið undantekning ef ungarnir séu ekki þrír eða fleiri með hverju pari.

Álft gæti verið að éta á við hálfstálpað lamb

Álftin er stór og þungur fugl eða um 8 til 12 kg að þyngd og 118 til 132 sentimetrar að lengd. Vænghafið er eftir því mikið eða um 2,2 til 2,4 metrar. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, dýravistfræðingur og sviðsstjóri dýrafræðisviðs hjá Náttúrufræðistofnun Íslands segir erfitt að meta hvað álfтин sé í heildina að éta mikið.

Þó að ekki liggi fyrir nákvæmar rannsóknir á því hvað álfтин hér á landi éti mikið fóður má samt til gamans áætla án ábyrgðar fóðurþörfina út frá stærð. Fullvaxin álfт er á stærð



Heiðagæsir og álftir á túni við Stóru-Mörk í haust.



Álftir á Akri í landi Gunnarsholts haustið 2011.

við hálfstálpað lamb. Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins um fóðrun lamba þurfa þau um 3% ef eigin þyngd í þurrefnisinntöku á dag. Miðað við það væri fullorðin álfт að éta um 400 grömm á dag og þúsund álftir væru því ekki nema einn dag að skófla í sig nærri hálfu tonni. Stofninn allur gæti því gróflega áætlað verið að éta hátt í 15 tonn á dag.

Bændur sem Bændablaðið ræddi telja þó margir að álfтин éti mun meira en þetta. Það geti hæglega slagað í tvö kíló á dag, auk alls þess sem hún treður mikið niður og mikið korn þannig í súginn. Miðað við stærð fuglsins verður þó að telja slíkar fullyrðingar ansi hæpnar.

Skoða þarf málið í stóra samhenginu

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, dýravistfræðingur og sviðsstjóri

dýrafræðisviðs hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir erfitt að alhæfa um hvað fuglar séu að éta mikið á ökrum og tünum. Þá verði einnig að líta á þetta í stóra samhenginu við árlegar sveiflur í ræktun vegna veðurs og hvert hlutfallslegt tjón bænda er vegna ágangs af fugli. Hann segir þó ljóst að álfтин sé stór og mikill fugl sem þurfi mikið fóður. Þá troði álfтин mikið niður og eyðileggi þar sem hún fer inn á akra. Því sé þetta líka spurning um hvort hægt er að hindra aðgengi fuglanna að ökrunum. Einnig sé ljóst að anda- og gæsastofnar séu í miklum vexti á norðurhveli jarðar. Þar spili saman veðurfar, aukinn ræktun og meira aðgengi fuglanna að fóðri og friðunaraðgerðir.

Fjölgun snjógæsa í Ameríku orðin vistfræðilegt vandamál

„Þá er þetta orðið vistfræðilegt

vandamál eins og til dæmis í Norður-Ameríku þar sem snjógæs hefur fjölgað gríðarlega vega bættra aðstæðna á vetrardvalarstöðum fuglanna. Vegna þessarar miklu fjölgunar er það líka farið að valda ofbeiti í sumarhögum fuglanna. Slíkt virðist ekki vera í gangi svo máli skipti í Evrópu, segir Kristinn.“



Grágæs á beit.

105 þúsund grágæsir 2012

Samkvæmt tölum frá Náttúrufræðistofnun var áætluð stofnstærð

grágæsa í nóvember 2012 samtals 105 þúsund fuglar. Þar af hafi um eða innan við 3% vetursetu á Íslandi. Grágæsin er varpfugla á Íslandi og fullyrт er að stofnstærðin hafi lítið breyst undanfarin ár. Eigi að síður verður að teljast ólíklegt annað en að henni hafi eitthvað síðan 2012.

Grágæsin er með stærstu fuglum á norðurslóðum þó hún sé talsvert minni en svanurinn eða álfтин. Hún er um 75 til 90 sentimetrar að lengd, um 3 til 4 kg að þyngd og með vænghaf upp á 1,5 til 1,8 metra. Kvenfuglinn verpir eins og álfтин um 4-6 eggjum í hvert sinn.

Ef miðað er við þyngd eins og í tilbúna dæminu af álfтинni hér á undan gætu 3 grágæsir verið að éta jafn mikið af fóðri á dag og ein fullvaxin álf. Allur grágæsastofninn á Íslandi gæti því mögulega verið að éta álíka mikið og álfststofninn.



Heiðagæs

Heiðagæsastofninn talinn vera 354 þúsund fuglar

Árið 2009 var áætluð stærð heiðagæsastofnsins samkvæmt talningu á Bretlandseyjum 350.000 fuglar. Samkvæmt tölum Náttúrufræðistofnunar var stofnstærð heiðagæsarinnar áætluð 354 þúsund fuglar árið 2012. Stór hluti er geldfuglar sem hafa sumardvöl á Grænlandi en fara líklega flestir hér um, ásamt hinum tiltölulega fáliðaða grænlen ska varpstofni. Kristinn Haukur segir að fjölgað hafi meira og minna í stofninum samfellt um áratugaskeið. Hlutfall stofns sem hefur vetursetu á Íslandi er 0% að hans sögn.

Heiðagæsin er um 60 til 75 sentimetrar að lengd, um 2,5 kg að þyngd og með vænghaf upp á 1,3 til 1,7 metra. Kvenfuglinn verpir um 3 til 6 eggjum hverju sinni.

Miðað við þyngd má ætla að 5 heiðagæsir éti álíka fóðurmagn og fullvaxin álfт. Heiðagæsastofninn á Íslandi gæti því mögulega verið að innbyrða tvöfalt meira af grasi og öðru fóðri á dag en álfststofninn.

Blesgæs hefur millilendingu á Íslandi

Blesgæs er fargestur sem kemur við á Íslandi á leið sinni á varpstöðvar á Vestur-Grænlandi og þarf væntanlega talsvert fóður til að hafa orku til áframhaldandi flugs. Áætluð stofnstærð blesgæsa var 22 þúsund fuglar vorið 2013 en mikil fækkun er sögð hafa verið í stofninum undanfarin 15 ár. Blesgæs hefur ekki vetursetu á Íslandi.

Helsingi verpir að mestu á Grænlandi

Helsingi er líka fargestur sem kemur hér við á leið til varpstöðva á Austur-Grænlandi. Áætluð stofnstærð helsingja var í mars 2013 talin vera 81 þúsund fuglar. Fjölgað hefur í stofninum um árabíl. Helsingi er sjaldgæfur varpfugl hér á landi á seinni árum og áætlað að aðeins verpi hér fáein hundruð para. Þá hefur þessi tegund ekki vetursetu á Íslandi.

Margæs verpir í Norðaustur-Kanada

Margæs er fargestur á leið til og frá varpstöðvum í Norðaustur-Kanada Áætluð stofnstærð var í október 2012 samtals 41 þúsund fuglar en var talinn 48 þúsund árið 2011. Margæsinni hefur fjölgað um árabíl, en varpárangur er afar misjafn milli ára og endurspeglast það í ►



Bændablaðið

19. tölublað 2013 • Fimmtudagur 3. október • Blað nr. 404 • 19. árg. • Úpplag 31.000

BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI




Í NÝRRI KÖNNUN CAPACENT MÆLIST BÆNDABLAÐIÐ MEÐ 45% LESTUR Á LANDSBYGGÐINNI Á MEÐAL FÓLKS Á ALDRINUM 12-80 ÁRA.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI



HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

Bændablaðið

BÆNDAHÖLLINNI VIÐ HAGATORG
SÍMI 563-0300 NETFANG BBL@BONDI.IS

BBL.IS



Verðlaunahafar ánægðir með árangurinn.

Mynd / MBP

Eyfirskar kýr verðlaunaðar

Skýrt var frá niðurstöðum kúadóma í Eyjafirði á fundi sem nýlega var haldinn í Hlíðarbæ í Hörgársveit, en fyrir honum stóð Félag eyfirskra kúabænda.

Haldin var sú venja að taka fyrir ákveðinn árgang kúa og veita viðurkenningar, annars vegar fyrir útlitsdóm og hins vegar sambland af honum og afurðamati kýrinnar. Þar sem þessar verðlaunaveitingar höfðu fallið niður síðustu tvö ár komu tveir árgangar til uppgjörs að þessu sinni. Var um að ræða kýr fæddar árin 2007 og 2008.

Tæplega 3.000 kýr

Árgangur 2007 samanstóð af 1445 kúm, en í hinum komu til dóms 1485 kýr. Kýrnar voru á 97 búum í eldri árganginum, en á 95 í þeim síðari. Meðalfjöldi dæmdra kúa á hvert bú var 14,9 kýr í 2007-árganginum, en 15,6 hjá þeim sem fæddar voru 2008. Skipting hópanna eftir feðrum var þannig, að 37% kúnna voru undan reyndum nautum, 41% undan ungnautum og 22% undan heimanautum.

Meðaleinkunn beggja hópa fyrir skrokkbyggingu reyndist vera 28,1 stig, 16,7 fyrir júgur, 16,2 fyrir spena, 16,9 fyrir mjaltir og 4,7 stig fyrir skap. Í dómseinkunn gerir það að meðaltali 82,6 stig. Miðað við næstu árganga á undan eru þetta ekki miklar breytingar. Mjaltaeinkunn hefur þó heldur lækkað, en það sem gerir það að verkum er nákvæmari dómur á þeim. Í sífellt fleiri tilfellum er nú hægt að notast við tölur úr mjaltakerfunum, sem gerir dóminn mun nákvæmari en áður var. Heildarstig einstakra kúa sveiflaðist frá 69 upp í 90.

Fimm kýr hlutu 90 stig

Úr þessum tveim árgöngum hlutu 5 kýr á svæðinu 90 stig og 30 voru

Hæstu kýrnar

Árgangur 2007			Dóms-einkunn		Afurðamat		Stig samtals
Nafn, nr og bú	Faðir		E.af.	Ætt			
Sturta 374 Syðri-Bægisá	Meitill 98008	87	8	122			304
551 Fagraskógi	Rútur 05004	90	4	110			294
Björg 729 Halllandi	Prasi 98052	85	5	119			294

Árgangur 2008			Dóms-einkunn		Afurðamat		Stig samtals
Nafn, nr og bú	Faðir		E.af.	Ætt			
Betty 721 Ytri-Tjörnum	Karri 06007	85	4	126			300
Padda 311 Steinsstöðum II	Pollur 99008	88	2	119			297
Litla-Rauð 471 Steindyrur	Logi 06019	86	4	121			297



Sturta 374 Syðri-Bægisá var stigahæst kúa af 2007-árgangi.

Mynd / Guðmundur P. Steindórsson



Betty 721 Ytri-Tjörnum var stigahæst í 2008-árgangi.

Mynd / Guðmundur P. Steindórsson

með 89 stig. Fengu eigendur þeirra viðurkenningu frá Félagi eyfirskra kúabænda. Voru það stækkaðar og áritaðar myndir af kúnum. Úr þessum tveim árgöngum hlutu 5 kýr á svæðinu 90 stig og 29 voru

Krossbrá 424 Kálfagerði	Máni 362	30	17	18	19	5	89
Laufalín 998 Holtsseli	Prasi 98052	30	17	17	20	5	89
Lipurtá 324 Steinsstöðum II	Laski 00010	29	18	18	19	5	89
Lína 352 Fellshlíð	Laski 00010	30	18	18	19	4	89
Ljósbrá 287 Steinsstöðum II	Glanni 98026	29	17	18	20	5	89
Randa 286 Auðnum	Braki 36505479	30	17	18	19	5	89
Skessa 537 Hlöðum	Glanni 98026	29	17	18	20	5	89
Skessa 872 Ytra-Felli	Laski 00010	30	18	18	18	5	89
Suða 400 Syðri-Bægisá	Laski 00010	29	18	18	19	5	89
Svartalind 565 Hlöðum	Koli 06003	30	18	17	19	5	89
Tárun 415 Kálfagerði	Laski 00010	30	18	17	19	5	89
Villa 8193 Grund I, Eyjaf.	Meitilsson 123	30	18	17	19	5	89
Vör 449 Steindyrur	Gaukur 05027	30	18	18	18	5	89
Pula 1022 Holtsseli	Pollur 99008	30	417	17	20	5	89
575 Fagraskógi	Frami 05034	30	18	17	19	5	89
587 Fagraskógi	Laski 00010	30	18	18	19	5	89
770 Hofsa	Gangandi 99035	31	18	17	18	5	89
784 Hofsa	Gráni 650	30	18	18	18	5	89



Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri BSE, og Ágúst Ásgrímsson í Kálfagerði, eigandi Huppu 352, nythæstu kýrinnar í Eyjafirði árið 2012.

Mynd / MBP



Benjamín Baldursson á Ytri-Tjörnum, eigandi Bettyjar 721, og Trausti Þórisson, formaður Félags eyfirskra kúabænda.

Mynd / MBP



Helgi Steinsson á Syðri-Bægisá, eigandi Sturtu 374, og Trausti.

Mynd / MBP

með 89 stig. Fengu eigendur þeirra viðurkenningu frá Félagi eyfirskra kúabænda. Voru það stækkaðar og áritaðar myndir af kúnum.

Betty og Sturta bestar

Út frá afurðamati kýrinnar og dómseinkunn var reiknuð út heildareinkunn fyrir hana. Sú einkunn er fundin þannig: Dómseinkunn x 2 + afurðamat + eigið frávík fyrir afurðir (umfram 100). Varðandi verðlaunakýrnar er þess krafist að fyrir þurfi að liggja að lágmarki fjórar efnamælinganiðurstöður á ári, kýrin hafi ekki

verið eldri en þriggja ára við fyrsta burð og burðartilfærsla ekki verið óeðlilega mikil. Miðað var við að kýrnar af 2007 árganginum væru lifandi í árslok 2011 og í árslok 2012 af 2008 árgangi.

Félag eyfirskra kúabænda veitti eigendum þriggja stigahæstu kúnna í hvorum árgangi verðlaunagripi. Þá veitti Búnaðarsamband Eyjafjarðar verðlaunagripi fyrir nythæstu kýr hér-adsins árin 2011 og 2012. Fyrra árið var hæst Guðrún 356 Steindyrur, en hún mjólkaði 11.211 kg. Árið 2012 var Huppa 352 Kálfagerði hæst með 12.113 kg.

/MBP



Reiðhöll Harðar, Mosfellsbæ

Við finnum lausnina með þér



Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / hysi@hysi.is / www.hysi.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 20. febrúar

HEILDARLAUSNIR

• Bókhald • Skattframtöl • Ráðgjöf

Tökum að okkur bókhald, launavinnslur, vsk uppgjör og framtalsgerð fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga.

Þjóðum upp á heildarlausnir • Fast verð þar sem við á.

Heildarlausnir • Álfabakka 14, 3 hæð.

Hafið samband í tölvupósti tsh@centrum.is eða í s. 896 2818

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Gullgæsin til sölu - Minnsti stórmarkaður á Íslandi!



Af sérstökum ástæðum er til sölu vel rekinn og skuldlaus verslunarrekstur á Reykhólum í Barðastrandasýslu. Verslunin er bland af matvöru, gjafavöru og söluskála með kaffihorni. Einnig er verslunin með umboð fyrir N1 og er eldsneytiskortasjálfsali fyrir utan.

Reksturinn er í 70 fm. leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins. Ársvelta sl. 3 ár er yfir 70 milljónir á ári og alltaf hagnaður. Eina verslunin á stóru svæði, hentar mjög vel fyrir samhenta fjölskyldu eða tvær. Mikil umferð ferðamanna er um svæðið, fuglaskoðun, ættarmót, sumarbústaðir, gæsaveiðar, rjúpnaveiðar, norðurljós og svo þessi klassiski.

Fráfarandi eigendur til fjögurra ára gætu aðstoðað nýja í upphafi. Frábært tækifæri til að skapa sér góðar tekjur. Allt fylgir með, laus þegar hentar, verð kr. 13 milljónir.

Nánari uppl. gefur Eyvindur í sínum 434-7890 og 863-2341 eða á eyvimagn@simnet.is.

SS kynnir

bætiefnafötur og saltsteina frá

Vitfoss Danmörku

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • www.ss.is

Vísindagrein hestafræðideildar Hólaskóla: Reiðdómur í kynbótasýningu er mikið líkamlegt álag

Starfsmenn við hestafræðideild Hólaskóla – Háskólans á Hólum birtu nýverið vísindagrein þar sem lýst er líkamlegu álagi við reiðdóm kynbótahrossa. Þetta er í fyrsta skipti sem líkamlegu álagi íslenskra hrossa í kynbótasýningu er lýst í alþjóðlegu tímariti. Greinin birtist í evrópska vísindaritinu *Animal*. Aðgangur að greininni er öllum opin inni á vef Hólaskóla, Háskólanum á Hólum á vefslóðinni holar.is.

Í rannsókninni var mældur hjartsláttur, öndunartíðni, blóðkornahlutfall (hematocrit), líkamshiti og nokkrir þættir í plasma í íslenskum hrossum, af ólíku kynferði og aldri sem fóru í gegnum reiðdóm í kynbótasýningu. Rannsóknin var gerð á Íslandi á 266 hrossum (180 hryssum og 86 stóðhestum, sem skiptust í fjóra aldurshópa; 4, 5, 6 og 7 vetra og eldri). Líkamshiti og öndunartíðni voru skráð og blóðsýni tekið fyrir upphitun og eftir reiðdóm. Hjartsláttur hrossanna, vegalengd og hraði voru mæld í upphitun, reiðdómi og 5 mín eftir að reiðdómi lauk (í endurheimt).

Vegalengdin sem hrossin fóru í reiðdómnum var 2.9 ± 0.4 km (á bilinu: 1.8-3.8 km, n=248), tímalengdin var $9:37 \pm 1.22$ mín:sek (á bilinu: 5:07-15:32 mín:sek, n=260) og meðalhraðinn var 17.8 ± 1.4 km/klst (á bilinu: 13.2-21.3 km/klst, n=248). Meðalhjartsláttur var 184 ± 13 slög/mín (á bilinu: 138-210 slög/mín, n=102) og meðaltal hæsta hjartsláttar var 224 ± 9 slög/mín (á bilinu: 195-238 slög/mín, n=102),

og í 36% af tímanum í reiðdómi var hjartsláttur hrossanna ≥ 200 slög/mín.

Mjólkursýra í plasma eftir reiðdóm var 18.0 ± 6.5 mmol/L (á bilinu: 2.1-34.4 mmol/L, n=266) og það var aukning í plasmapróteini og styrk vöðvaensímanna kreatínkinase og aspartateaminotransferase, svo og öndunartíðni, líkamshita og hematocrit. Stóðhestar fóru lengri vegalengd (í upphitun og reiðdómi) ($P < 0.05$), á meiri hraða í reiðdómnum ($P < 0.001$) en hryssurnar og höfðu herra blóðkornahlutfall og lægri hjartslátt og mjólkursýrugildi.

Það voru lítil aldursáhrif, en 4 og 5 vetra hrossin höfðu lægra blóðkornahlutfall en eldri hrossin og 4 vetra hross höfðu hærri öndunartíðni eftir reiðdóm en eldri hrossin, þó þeim væri riðið styttra, í styttri tíma og næðu ekki eins miklum hámarkshraða ($P < 0.1$).

Stóðhestar eiga auðveldara með álagi en hryssurnar

Niðurstöðurnar sýndu að reiðdómur í kynbótasýningu er mikið líkamlegt álag. Niðurstöðurnar sýndu enn fremur að stóðhestar eiga auðveldara með þetta líkamlega en hryssurnar, þeir eru þolnari og að aldur hrossanna hefur takmörkuð áhrif á líkamlegu svörunina. Það er lagt til að þessar niðurstöður megi hafa til hliðsjónar þegar þróaðar eru leiðir til að þjálfa kynbótahross og einnig til að þróa matsleiðir á þjálfunarastandi íslenskra hrossa, sem gætu bætt líkamlega getu og velferð hrossanna.



Magnús Hlynur Hreiðarsson, kynningarfulltrúi Leyndardóma Suðurlands, tók formlega til starfa mánudaginn 3. febrúar og mun sinna verkefninu í hálfu starfi til 6. apríl. Hér byður Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri SASS, hann formlega velkominn til starfa. Á milli þeirra stendur Þórarinn Egill Sveinsson verkefnisstjóri.

Leyndardómar Suðurlands

– Kynningarátak 26. mars til 6. apríl 2014

Fram undan er umfangsmikið kynningarátak á Suðurlandi þar sem ferðapjónustufyrirtækjum, matvælaframleiðendum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og öllum öðrum áhugasömum er boðið að taka þátt í. Átakið kallast Leyndardómar Suðurlands og mun standa yfir frá miðvikudeginum 26. mars til sunnudagsins 6. apríl nk. Það eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Markaðsstofa Suðurlands, sem standa fyrir verkefninu.

Markmiðið er að kynna sem mest af Suðurlandi og fá sem flesta gesti til að heimsækja Suðurland. Megininntakið í áttakinu er Matur – Saga – Menning. Hér er kærkomið tækifæri, til að lengja ferðamannatímabilið og koma öllum leyndardómum Suðurlands á framfæri. Markhópurinn eru allir Íslendingar. Á Suðurlandi eru mörg leyndarmál, sem eru vel þess virði að deila, en „leyndarmál“ – er einmitt boðskapur ársins í herferð Íslandsstofu, „Ísland allt árið“. Með því að blása í herlúðra Sunnlendinga samtímis er mögulegt að ná samlegð milli verkefna. Dæmi um atburði



þessa daga gætu verið tilboð á veitingastöðum, tveir fyrir einn í gistingu, ókeypis í sund, listsýningar, tónleikar, skemmtanir, tilboð á sunnlenskum vörum, lengdur opnunartími verslana, ókeypis í strætó, tilboð í afþreyingu, opin hús víða í fjórðungnum og fleira og fleira.

Hægt er að fylgjast með framvindu verkefnisins á heimasíðu SASS, www.sudurland.is og á fésbókarsíðu þess, Leyndardómar Suðurlands. Hafi fólk einhverjar góðar hugmyndir um „leyndardóma“ sem hægt væri að koma á framfæri er best að setja sig í samband við kynningarfulltrúa verkefnisins, Magnús Hlyn Hreiðarsson, í gegnum netfangið mhh@sudurland.is eða síma 480-8200 eða Þórarinn Egil Sveinsson, verkefnisstjóra í gegnum netfangið thorarin@sudurland.is og í síma 480-8200.



Bændur úr Rangárvallasýslu sem sækja Sauðfjárskólann koma saman í Hvolnum á Hvolsvelli.

Mynd / Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Fræðsla um sauðfjárbúskap fyrir sunnlenska og skagfirska sauðfjárbændur:

Meginstefið að ná sem bestum árangri og afkomu í búgreininni

– um 150 manns frá 88 búum sækja Sauðfjárskóla hjá RML

Sauðfjárbændum í fimm sýslum landsins bauðst á liðnu hausti að sækja nám við Sauðfjárskóla hjá RML. Um er að ræða fræðslufundaröð sem stendur yfir í um það bil eitt ár og er sérsniðin fyrir sauðfjárbændur. Bændur sem nú sækja Sauðfjárskólann koma úr Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Skagafjarðarsýslu. Í Sauðfjárskólanum í Skagafirði eru reyndar þrjú bú úr Austur-Húnavatnssýslu og tvö úr Ólafsfirði.

Forsagan er sú að fyrir fáeinum árum settu starfsmenn Búnaðarsambands Austurlands af stað fundaröð sérsniðna fyrir sauðfjárbændur og gekk hún undir nafninu „Sauðfjárskólinn“. Sambærileg fræðsla var síðan boðin sauðfjárbændum í Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu og stóðu viðkomandi búnaðarsambönd fyrir þessum fundum þar. Sauðfjárskólinn var mjög vel sóttur í þessum héruðum og bændur almennt ánægðir með þetta framtak.

Fjallað um fjölmargar hliðar sauðfjárræktar

Að sögn Árna B. Bragasonar sauðfjárræktarráðunautar, sem umsjón hefur með náminu, ákvað RML að halda starfinu áfram og bjóða það næst í áðurnefndum sýslum landsins. Skólinn stendur yfir í um það bil eitt framleiðsluár, haldnir verða alls sjö fundir á þeim tíma, sá fyrsti var í nóvember og næsti var nú um miðjan janúar. Sjöundi og síðasti fundurinn verður í nóvember á þessu ári.

„Á þessum fundum verður fjallað um fjölmargar hliðar sauðfjárræktar en meginstefið verður hvernig ná megi sem bestum árangri og afkomu í þessari búgrein,“ segir Árni. Leiðbeinendur verða fyrst og fremst starfsmenn RML á sviði sauðfjárræktar en starfsmenn RML á sviði jarðræktar, bútækni og rekstrar verða einnig leiðbeinendur á sumum fundunum. Jafnframt verður leitast við að fá þátttakendur til að miðla reynslu sinni úr sauðfjárbúskapnum.

Þátttakendur frá 88 sauðfjárbúum

Þátttakendur koma frá 88 sauðfjárbúum og koma gjarnan tveir og jafnvel þrír frá hverju bú, en Árni segir að hægt hafi verið að skrá allt að þrjá frá hverju bú. Það hafi verið gert til að auðvelda að a.m.k. einn geti



Hlustað af athygli á Klaustri.

Mynd / Eyjólfur Ingvi Bjarnason



Nemendur á ýmsum aldri á Smyrlabjörgum í Suðursveit.

Mynd / EIB



Alls sóttu fulltrúar 17 sauðfjárbúa í Árnessýslu fróðleik í Sauðfjárskólanum. Hér fylgjast nokkrir þeirra einbeittir með.

Mynd / Fanney Ólóf Lárusdóttir



Alls eru 23 bú skráð til leiks á Sauðárkróki, þar af koma bændur af þremur búum í Austur-Húnavatnssýslu og af tveimur í Ólafsfirði.

Mynd / FÓL

mætt frá hverju bú á hvern fund. „En öllum er líka frjálst að mæta þegar það hentar,“ segir hann. Alls eru 23 bú skráð til leiks á Sauðárkróki, í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu eru 17 bú skráð í hvorri sýslu og 15 í A-Skaftafellssýslu. Þátttakendur eru alls 154, 82 karlar og 72 konur. „Það hefur verið góð mæting á þessa fyrstu fundi og

bændur virðast almennt ánægðir,“ segir Árni. Grunnkennslugagn í Sauðfjárskólanum er bókin Sauðfjárrækt á Íslandi sem kom út fyrr á þessu ári.

Árni segir að ráðgert sé að bjóða sauðfjárbændum á Vesturlandi og Vestfjörðum upp á þessa fræðslu næst og myndi það námskeið hefjast í nóvember 2014.

/MÞÞ

Náið til lesenda um land allt!

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300

Mest lesna blaðið á landsbyggðinni*

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir rannsóknarstyrki 2014

Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:

- að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda
- að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi
- að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni

Við úthlutun styrkja 2014 verður sérstök áhersla lögð á:

- hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað
- innlenda orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar
- atvinnusköpun

Umsóknarfrestur er til 20. mars 2014

Orkustofnun fylgir stefnu stjórnvalda um rafræna stjórnsýslu og skal senda rafrænar umsóknir af vef Orkustofnunar www.os.is

Nánari upplýsingar á www.os.is, og hjá Orkusjóði, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri í sínum 569 6083 - 894 4280 - Netfang Orkusjóðs er jbj@os.is

ORKUSTOFNUN

ORKUSJÓÐUR

Það er öruggara að velja réttu jeppadekkin

Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi. Þegar dekk eru annars vegar geturðu treyst á áratuga reynslu okkar og þekkingu - því þetta er allt spurning um að velja réttu dekkinn.

TOYO TIRES
driven to perform

BFGoodrich
TAKE CONTROL

MAXXIS



Cultor

Cultor: Evrópsk gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna
dekkþjónusta
Tangarhófa 8
Sími: 590 2045
Sími: 590 2000

Söluaðilar um land allt - sjá nánar á benni.is

Aðalfundur Félags ungra bænda

Aðalfundur Félags ungra bænda á Suðurlandi verður haldinn þriðjudagskvöldið 25. febrúar nk. á Hestakránni, Skeiðum og hefst kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffi og kökur í boði félagsins

Stjórn FUBS
ungurbondi.is

Öruggir og vandaðir.

TP

RELIABLE CHIPPING
DESIGNED + MANUFACTURED
IN DENMARK



Vandaðir TP trjáskurlarar
Ásafl ehf. er viðurkenndur umboðsaðili fyrir TP trjáskurlana, framleidda hjá Linddani í Danmörku.

Ásafl býður mikið úrval af traktorsdrifnum eða véladrifnum trjáskurlurum fyrir lurka frá 100 - 400mm.

**3
YEAR
WARRANTY
AS A STANDARD**

Treystið gæðunum
Linddani veitir 3. ára ábyrgð.



TP viðhaldspakki
fyllir með (slitjárn off).

ÁSAFL EHF

Hjallahraun 2 - 220 Hlj. - 562 3833 - 863 5512 - www.asafl.is - asafl@asafl.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smiðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



Orri Freyr Finnbogason skógarhöggismaður að fella varg, sem kallað er. Vargar eru tré sem gjarnan eru grófgerðari en önnur, kvistóttari og ríkjandi í skóginum, oft lakari viðartré sem skyggja á önnur og hamla jafnvel vexti efnilegri viðartrjáa.

Myndir / Valdimar Reynisson

Grisjað af kappi á Vesturlandi:

Teikn á lofti um að bjart sé fram undan í skógræktarmálum á Íslandi

Ómögulegt hefur verið að komast að þeim reitum í Stálpastaðaskógi í Skorradal sem grisja þarf að undanförunu vegna gríðarlegrar hálku í skóginum. Þess í stað eru skógarhöggsmenn að störfum í Hvammi, í námunda við starfsstöð Skógræktar ríkisins en þar eru næg verkefni fram eftir febrúarmánuði.

Valdimar Reynisson skógarvörður á Vesturlandi segir að svo mikil hálka sé í Stálpastaðaskógi að menn séu þar í stórhættu.

„Við urðum frá að hverfa, þetta var ekki hægt,“ segir hann, en bæði er mikil hálka á veginum að skóginum og í skógarlóðum og svell yfir í öllum skóginum sem gerði aðstæður þannig að allt of sleipt er fyrir menn að athafna sig þar.

„Það er þéttur furulundur hér í námunda við okkur og þar höfum við undanfarið unnið að grisjun. Verkefnin eru næg og munu duga okkur jafnvel út febrúarmánuð,“ segir Valdimar.

Mikilvægt að auka gróðursetningu

Hann segir stöðuna góða og teikn á lofti um að bjart sé fram undan í skógræktarmálum eftir blóðugan niðurskurð upp á um tvær milljónir plantna árlega eftir hrun.

„Við erum þökkalega bjartsýn á að breyting verði á og við náum upp þeim dampi sem við áður vorum



Valdimar Reynisson skógarvörður á Vesturlandi segir að svo mikil hálka sé í Stálpastaðaskógi að menn séu þar í stórhættu.

í varðandi gróðursetningar. Til framtíðar lítið er mjög mikilvægt að auka þær til muna,“ segir Valdimar.

Hann segir samning sem gerður var milli Skógræktar ríkisins og Elkem á Grundartanga fyrir fáum

árum hafa skipt sköpum. Til hafi orðið markaður með þann efnivið sem til fellur í skógum landsins.

Áður hafi það einkum verið spónaframleiðendur sem keyptu viðinn, en markaðurinn sé að þróast,



Spilararnir Benni og Gísli.

eftirspurn að aukast og verð að hækka. „Það var orðin mikil grisjunarþörf í skógum landsins og þessi samningur við Elkem var góð innspýting og varð til þess að grisjun hefur verið sinnt af meira kappi en áður var.“

Timburmarkaðurinn að þróast

Valdimar nefnir að grisjunarþörfin

sé mikil og nægur efniviður í skógunum. Í kjölfar þess að fleiri verksmiðjur á borð við Elkem risi hér á landi gætu opnast möguleikar á enn meiri sölu. „Þá horfum við einnig til þess að eftirspurn eigi eftir að aukast, timburmarkaðurinn mun þróast í árunna rás, þannig að hlutirnir eru að færast í ágætis horf,“ segir hann.

„Við höfum möguleika á að vinna efnið og búa til verðmætari afurðir, það skapar meiri tekjur og fleiri störf. Þetta mjakast allt í rétta átt og gaman að sjá að viðhorfsbreyting er að verða bæði í sjálfum skógræktargeiranum og líka hjá almenningi. Fólk er að átta sig á að í skógunum okkar eru mikil verðmæti,“ segir Valdimar. /MÞÞ

CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl

✓ Vökvaskiptur 16/16 girar
✓ 98 lítra vökvadæla
✓ Hægt að sameina vökvafæði fram í moksurstæki
✓ 10 hestafla aflaukning í CIS útfærslu

✓ Útskjótanlegur vökvayfukrókur
✓ 6.500 kg. lyftigeta á beisli
✓ Fjögurra hraða aflúttak

✓ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni
✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjöðrun
✓ Farþegasæti með öryggisbelti
✓ Topplúga úr gleri
✓ Öll stjórnæki innan seilingar ökumanns

✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturstæki og vökvasneiðar
✓ Rauður takki á mynd stýrir girskiptingu +/-
✓ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar
✓ 2 handvirkar
✓ Auðvelt og þægilegt í notkun

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

Febrúartilboð á Josera Supramil kálfamjólkurdufti

Þú kaupir 10 poka af Supramil kálfamjólkurdufti og færð 11. pokann frían

+

= 11

Verð pr/líter af kálfamjólkr kr. 39,- án vsk.*

*Verð miðast við 140 gr í líter af vatni = 125 gr. l/mjólkr og er án vsk

Söluaðilar:
Landstólpi - Egilsstöðum
Sími: 471 1901

VélaVal - Varmahlíð
Sími: 453 8888
Pakkhúsið Helli
Sími: 512 1110

Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600

SAMLOKUEININGAR!

Í öllum stærðum og gerðum

Mjög gott verð

Hringdu og fáðu verðtilboð

LANDSTÓLPI

480-5600

16 18 26

Bændablaðið

30% LANDSMANNA LESA BÆNDABLAÐIÐ AÐ STAÐALDRI

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS

Við Herðubreiðarlindir / BK

Aðalfundarboð

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi (LLÍ) verður haldinn að Hótel Sögu, fundarsal Kötlu II, þann 20. febrúar og hefst klukkan 13:15.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
- Málþing: Gjaldtaka á ferðamannastöðum (hefst klukkan 15:00).

Frummælendur á málþingi:

- Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
- Óskar Magnússon, talsmaður Kerfélagsins.
- Sigurður Jónsson, stjórnarmaður LLÍ.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna, www.landeigendur.is.

Fyrir hönd stjórnar LLÍ,
Örn Bergsson

Fróðleiksbásinn

Vilmundur Hansen þjóðfræðingur og garðyrkjufræðingur



Blautlegar þjóðsögur

Einn í hár, annar í skinn, þriðji, fjórði og fimmti inn, það á að fara í dráttinn, það er lögreður. Þjóðsögur skiptast í marga ólíka flokka, sumar fjalla um drauga aðrar um huldufólk, álfa eða tröll. Það eru líka til sögur um útilægumenn, skrímsli eða helga menn. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar og safni Sigfúsar Sigfússonar er að finna sérstakan flokk sem nefnist kímnisögur og undir þann flokk falla ýmis skemmtilegheit eins og sögur af hrakfallabálkum, fólsku, einfeldni og ýmsu dónalegu.

Íslendingar eru yfirleitt feimnir að tala um kynlíf þrátt fyrir að flestir stundi það reglulega eða að minnsta kosti annað slagid og verði að einbeita sér við verkið.

Í þjóðsagnasöfnum er að finna nokkrar sögur sem snúast um kynlíf, flestar eru sögurnar í göðlátlegum tón og saklausar á okkar tíma mælikvarða. Dóna- eða klámsögurnar þykja eflaust frekar bragðdaufar en enginn vafi leikur á að sögurnar hafa verið mun grófari þegar þær gengu manna á milli og þeim verið ritstýrt áður en þær fóru á prent.

Huldumanna genesis

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá því að einu sinni hafi Adam viljað hafa hjúskaparfar við hana Evu sína. Eva var eitthvað úrill og vildi ekki sinnast honum og sneri við honum baki. Adam líkaði þetta illa og fór á afvikinn stað og gerði holu í jörðina. Lagðist hann síðan niður og lét þar koma sæði sitt. Að því loknu fyllti hann holuna með jarðvegi og mælti svo um að þeir menn sem „mynduðust skyldu engum sýnilegir nema þeim er meira líktust sér en kerlingu sinni og engir sínir niðjar skyldu góð not hafa af þeim.“ Samkvæmt þjóðtrúnni er þetta uppruni huldufólksins.



Skógarpúkinn Pan gamnar sér.

Jörð að launum fyrir nauðgun

Í safni Sigfúsar Sigfússonar er stutt saga sem er eitthvað á þessa leið. Stóreignarbóndi var með vinnumann sem þótti galgopi og kvennamaður. Einu sinni voru þeir við vinnu á engjum. Hinum megin við á sem rann eftir dalnum var nágrenni þeirra við heyskap ásamt konu sinni og dóttur.

Stórbóndinn fer að gantast við vinnumanninn og spyr hvort hann langi ekki í stúlkuna. Vinnumaðurinn svarar því játandi en slíkt væri hægara sagt en gert. Bóndinn skorar því á hann að vaða ána og hafa mök við stúlkuna og fyrir það skuli hann gefa honum eina af jörðum sínum. Vinnumaðurinn fær vitni að samkomulaginu, tekur bandspotta og veður yfir ána. Þegar yfir er komið segir hann fólkinu að bóndi hafi veðjað við sig jörð að bandspottinn nái ekki utan um þau öll. Vinnumaðurinn biður þau því

næst að leggjast á jörðina og leyfa sér að binda þau saman. Þegar fólkið hafði lagst niður batt vinnumaðurinn það og dótturina líka. Síðan þvingaði hann stúlkuna til samræðis við sig, leysti fólkið og fór aftur yfir ána. Sagan segir að vinnumaðurinn hafi gífst stúlkunni og þau hafi búið rausnarbúi á jörðinni sem hann fengu frá stórbóndanum.

Fremur ósmekklegt en þannig er sagan.

Stúlka seld

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir frá konu sem fór um borð í kaupskip með barnungri dóttur sinni. Konan fann skipstjóran einslega og gerði við hann kaup. Barninu stóð ekki á sama um viðskipti þeirra og fór að æpa og óskra. Heyrðu þá þeir sem fyrir utan voru konuna kalla til barnsins og reyna að þagga niður í því með þessum orðum: „Þegi þú, stelpa, maðurinn er að gera mér gott.“



Mjallhvít vakin með kossi.

Fyrir hitt okkar

Einu sinni var kaupamaður á sveitabæ yfir sláttinn. Um haustið ætla bóndinn að greiða honum vegna sumarvinnunnar með því að láta hann fá kind. Ekki var fleira fólk á bænum en kona bóndans og dóttir og voru þær í réttinni þegar launin voru gerð upp. Konan tók þá eina kind og gaf kaupamanninum með þessum orðum: „Þú hefir það fyrir hitt okkar, kaupi minn.“ Tók þá dóttirin aðra kind og afhenti honum með sömu orðum.

Bóndanum fannst þetta of mikið af því góða en tók sjálfur kind og færði honum með sömu orðum. Þá varð dóttir bóndans hissa og kallaði upp yfir sig. „Nú, fór hann á föður minn líka?“ Bóndinn varð mjög ánægður þegar hann heyrði þetta því nú urðu þau öll að meðganga og kaupamaðurinn að greiða talsvert í bætur svo bóndinn færi ekki með málið til yfirvalda.

Lögreður

Einu sinni kom kerling nokkur til

sýslumanns og bað um skilnað við manninn sinn. Þegar sýslumaðurinn spyr hana um skýringu á uppátækinu fer hún að útlísta fyrir honum að það sé mesta ómynd um lim eiginmannsins, „...það er sú mesta bölvuð ómynd sem ég hef séð,“ sagði kerling.

Sýslumaðurinn spyr ef verkfærið sé það náttúrufyrirbæri að það sé ónothæft. „Og minnizt þér ekki á hann,“ sagði kerling, „því þetta óhræsi er ekki nema þrír þumlungar.“ Sýslumaðurinn spyr hvort það sé ekki í lagi að notast við svo lítið. „Hvað er að heyra til yðar,“ sagði kerling, „þetta er ekki nema einn í hári, annar í skinn og þriðji inn, og hvað verður þá fyrir drættinum, herra minn? Kerlingin sagðist ekki láta sér minna duga en lögreður. Sýslumaðurinn sagðist því miður ekki kunna nein lög um reðurlengd og því vera ráðþrota og hún yrði að láta sér þrjá þumlunga duga. „Nei,“ sagði kerling, „nei, einn í hár, annar í skinn, þriðji, fjórði og fimmti inn, það á að fara í dráttinn, og þetta kalla ég lögreður, kallinn minn!“

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **20. febrúar**

Í aðdraganda aðalfundar heldur SS eftirfarandi deildarfundi á félagssvæði sínu. Á fundunum kynnir forstjóri rekstur og stöðu félagsins. Í framhaldi af umræðum er kosinn deildarstjóri og fulltrúar á aðalfund félagsins. Bændur eru hvattir til að mæta og taka þátt í að móta starfsemi SS. Veitingar í boði SS.

Dagsetning	Deild	Staður
Miðvikudagur 19/2	Kjósardeild	Áskarðsskóli
Föstudagur 21/2 kl. 12	Hvalfjarðardeild, Borgarfjarðar- og Mýrardeild	Hótel Borgarnes
Þriðjudagur 25/2	Biskupstungnadeild & Laugardalsdeild	Reykholt
Miðvikudagur 26/2	Skeiðadeild, Gnúpverjadeild & Hrunamannadeild	Félagsh. Flúðum
Fimmtudagur 27/2 kl. 12	Daladeild	Strax Búðardal
Fimmtudagur 27/2	Hvamsdeild, Dyrhóladeild, A-Eyjafjalladeild, V-Eyjafjalladeild, A-Landeyjadeild, V-Landeyjadeild, Fljótshlíðardeild & Hvolhreppsdeild	Heimaland
Föstudagur 28/2 kl. 12	Snæfells- & Hnappadalsdeild	Breiðablik
Þriðjudagur 4/3	Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Hraungerðisdeild, Villingaholtsdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla-/Grafningsdeild & Ölfusdeild	SS Selfoss
Miðvikudagur 5/3	Rangárvalladeild, Holta- & Landmannadeild, Ása- & Djúpardeild	Laugaland
Fimmtudagur 6/3	Öræfadeild, Hörgslandsdeild, Kirkjubæjardeild, Skaftártungudeild & Álftavers- & Meðallandsdeild	Klaustur

Allir fundirnir hefjast kl. 20.30 nema annað sé tekið fram. Aðalfundur SS verður haldinn föstudaginn 21. mars að Goðalandi í Fljótshlíð.



Fiðrildagildran við Skútustaði.

Mynd / Náttúrustofu Norðausturlands

Lítið um fiðrildi í sumar

Fiðrildagildirur Náttúrustofunnar hafa verið teknar niður, en þær voru í gangi í 29 vikur í ár. Búið er að fara í gegnum afla sumarsins og greina flest fiðrildi til tegundar en eftir er að staðfesta torgreindar tegundir og vafaatriði. Heildarmyndin er þó nokkuð skýr segir í frétt á vef Náttúrufræðistofu Norðausturlands.

Í Ási í Kelduhverfi hefur fiðrildagildra verið starfrækt frá árinu 2007. Í gildruna bárust á þessu ári 1556 fiðrildi af 23 tegundum. Þetta er næst minnsti fjöldi sem komið hefur í gildruna á einu ári en að meðaltali hafa þau verið um 4.400. Árið í fyrra var það langslakasta hingað til og kemur nú annað slakt ár í röð. Fjöldi tegunda virðist þó vera nálægt meðallagi en það gæti átt eftir að breytast þegar búið er að greina vafaatriðin.

Mjög lítið kom af grasvefara og tígulvefara í gildruna í Ási í ár eins og í fyrra en þetta eru tegundir sem alla jafna skipa um helming aflans. Af öðrum tegundum sem óvenju lítið var af má nefna grasyglu og

birkivefara en báðar þessar tegundir koma nú í minna magni en nokkru sinni áður. Tegundum hafði þó ekki öllum fækkað og má nefna skrautfeta sem dæmi um tegund í sókn en af honum hafa einungis einu sinni komið fleiri eintök.

Slakasta árið frá upphafi

Á Skútustöðum í Mývatnssveit hefur ljósgildra verið starfrækt í fimm ár eða frá árinu 2009. Árið í ár er það slakasta frá upphafi ef lítið er til fjölda fiðrilda en aðeins bárust 383 eintök í gildruna sem er innan við helmingur þess sem vanalega gerist. Af þremur tegundum, klettafeta, túnfeta og tígulvefara hafa aldrei komið jafn fá eintök. Hins vegar var mikið af brandyglu og grasvefara.

Í aflanum á Skútustöðum í ár hafa verið greindar 14 tegundir sem er það minnsta frá upphafi. Þrátt fyrir fáar tegundir þá eru þrjár nýjar sem ekki hafa komið í gildruna áður. Þetta eru tegundirnar hringygla, kálmölur og skógvefari.

Sprettur ÁBURÐUR

Taktu sprettinn...!

Minna ryk - meiri gæði - betri spretta

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	B	Fyrirframgreiðsla greitt fyrir 1. mars	Staðgreiðsla, greitt fyrir 15. maí	Greiðsludreifing
Sprettur N27	27	0,0		4,3	1,8				61.425	62.746	66.048
Sprettur N26+S	26	0,0		3,6	1,5	3,6			63.662	65.031	68.454
Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5			67.890	69.350	73.000
SELEN Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002		70.680	72.200	76.000
Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2,0			75.220	76.838	80.882
Sprettur 27-6	27	2,6				2,0			69.954	71.459	75.220
SELEN Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	10,8	2,4	1,0	2,5	0,002		76.725	78.375	82.500
Sprettur 22-6-13	22	2,6	10,8			2,0			76.679	78.328	82.450
Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,4	1,0	2,5			74.469	76.071	80.075
Sprettur 22-10-10	22	4,4	8,3			2,0			78.937	80.635	84.879
SELEN Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,4	1,0	2,5	0,002		76.701	78.351	82.475
SELEN Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	1,0	2,5	0,002		77.222	78.883	83.035
Sprettur 22-14-9	22	6,1	7,5			2,0			79.376	81.083	85.350
Sprettur 22-7-6	22	3,1	5,0	2,9	1,2	2,5			71.216	72.747	76.576
SELEN Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5,0	2,9	1,2	2,5	0,002		73.448	75.027	78.976
Sprettur 25-9-8	25	3,9	6,6			2,0			78.357	80.042	84.255
Sprettur 27-6-6	27	2,6	5,0			2,0			75.145	76.761	80.801
Sprettur 16-15-12	16	6,5	10,0	1,3	0,5	2,5			77.984	79.661	83.854
GARÐ-ÁBURÐUR Sprettur 12-12-20+Avail+Bór	12	5,2	16,6	1,1	0,6	7,2		0,02	98.278	100.391	105.675
Sprettur DAP	18	20,1							91.212	93.174	98.078
Sprettur Calciprill (kornað kalk)	0,0	0,0		36,4	0,1				30.006	30.652	32.265

Öll verð eru í íslenskum krónum pr.tonn og án vsk. Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Vesturland

Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@emax.is

Dalir

Sigurður Sigurbjörnsson
Búðardalur
gsm: 899 1976
sprettur@budardalur.is

Norðvesturland

Bændaþjónustan
Eymundur Þórarinnsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
saurbaer@saurbaer.is

Eyjafjörður

Þórarinn Ingi Pétursson
Grýtubakki 1
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com

Norðausturland

Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Austurland

Steinn Björnsson
Þernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is

Suðurland

Búaðföng
Lúðvík Bergmann
Stórólfsvöllum
sími: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is



Önnur svæði

Skeljungur.is
Guðmundur Björnsson
gsm: 840 3061

Reykjavík

Aron Baldursson
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
aron@skeljungur.is

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG 2014

- 1 Fyrirframgreiðsla, greitt fyrir 1. mars
- 2 Staðgreiðsla, greitt fyrir 15. maí
- 3 Greiðsludreifing / greitt fyrir 15. október
Í boði eru 7 jafnar vaxtalausar mánaðarlegar greiðslur með gjalddaga 1. hvers mánaðar frá maí til nóvember eða ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október 2014.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga

Dragist greiðsla fram yfir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Öll verð eru án/vsk. og leggst 25,5% vsk. ofan á verð við útgáfu reiknings.

Eldsneyti, smurolíur og aðrar rekstrarvörur á hagstæðum kjörum.
Kynntu þér málið!

www.skeljungur.is

Skeljungur

Utan úr heimi

H7N9-veira banar þrem mönnum í Hong Kong:

Stórslátrun á kjúklingi vegna ótta við fuglainflúensu

Ótti við fuglainflúensu hefur aukist á ný eftir að tveir menn létu lífið í Hong Kong í desember. Dauðsföllin eru rakin til nýs afbrigðis af fuglaflensu, en báðir mennirnir voru nýkomnir úr ferð til meginlands Kína. Tveir menn létust úr fuglainflúensu í Kína í fyrra.

Fréttir bárust svo á miðvikudag í síðustu viku um þriðja dauðsfallið. Þar var um að ræða 75 ára karlmann sem nýkominn var úr ferð til til borgarinnar Shenzhen.

Á mánudag í síðustu viku töldu menn sig hafa fundið H7N9 veiru í alífuglum sem komnir voru frá Kína á Cheung Sha Wan markaðnum, að því er greint var frá í South China Morning Post. Ekki mun þó vera hægt að sannreyna að um þessa veiru sé að ræða fyrr en eftir ræktun í 21 dag.

Yfirvöld í Hong Kong vildu þó ekki taka neina áhættu og létu samstundis farga 290.000 kjúklingum. Leung Chun-ying borgarstjóri í Hong Kong benti á hættuna af útbreiðslu veirunnar þar sem hefð væri fyrir því að kaupa lifandi kjúklinga á markaðnum svo fólk gæti slátrað honum heima til að fá kjötið sem ferskast. Mikil neysla er alla jafna á þessum tíma en nýtt ár gekk í garð samkvæmt kínversku



almanaki á föstudag í síðustu viku.

Kaupmenn á markaðnum voru þó allt annað en hrifnir af förgun þessara kjúklinga. Einn þeirra sagði að biða hefði átt eftir rannsóknarniðurstöðum. Hann reiknaði með að tapa um fimm milljónum Hong Kong dollara vegna þessarar ákvörðunar yfirvalda.

Í kjölfar nýjasta andlátsins var Cheung Sha Wan heilðsölu-markaðnum lokað í 21 dag eða þar til staðfesting fæst á því hvort um H7N9 veiruna sé að ræða.

Fram til þessa hefur verið staðfesta að 110 manns í Kína hafi smitast af H7N9 veirunni og þar af hafi 22 látist samkvæmt fréttastofu AFP. Yfirvöld í Hong Kong segja hins vegar að tilfellin séu fleiri, eða 254 frá því í febrúar 2013. Hefur það vakið ótta um að veiran kunni að stökkbreytast, þannig að hún smitist auðveldlega milli manna.

Landbúnaðarstefna Miðflokksins í Noregi endurskoðuð

Síðastliðin átta ár hafa þrír ráðherrar farið með málefni landbúnaðarins í Noregi og allir úr Miðflokknum. Á þessu tímabili hefur kornrækt í Noregi dregist saman um u.þ.b. 5 þúsund hektara á ári. Svo mikill samdráttur í greininni hefur ekki átt sér stað síðan á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, 1939–45. Jafnframt hafa á sama tíma yfir 8.300 bújarðir farið úr byggð árlega.

Munur á tekjum bænda og sambærilegra stétta hefur aukist á þessum tíma og hlutur innlendrar kornframleiðslu af heildarkornþörf þjóðarinnar farið undir 40%, sem er lægsta hlutfall um langan aldur. Þessi þróun er í hrópanni mótsögn við fyrirheit Miðflokksins um breytta stefnu í málefnum atvinnuvegarins þegar hann tók við málaflokknum árið 2005, segir Magnus Veggesrud í grein í Nationen 11. janúar síðastliðinn.

Við þetta verður ekki unað. Flokkurinn verður að horfast í augu við það hvernig málum er nú komið og móta nýja stefnu í samræmi við það. Tími er til kominn að stórefla stuðning við norskan landbúnað og norska matvælaframleiðslu.

Undirstaða hefðbundins landbúnaðar er gróðurinn. Noregur er gróðri vaxinn hvar sem vaxtarskilyrði leyfa, hvort sem hann vex í upprunalegu umhverfi sínu eða er aðfluttur. Til þess að hann skili arði þarf þekkingu og reynslu sem fyrri kynslóðir hafa safnað um aldiraðir.

Um þessar mundir er landbúnaður í vörn í Noregi. Olíu- og gasvinnsla hefur hækkað bæði laun og almennt verðlag í landinu. Nú um stundir er ekki gróðavon í því að stunda landbúnað í Noregi og greinin er afar háð opinberum framlögum. Meðalþú í Noregi nýtur meiri opinberra framlaga en sem nemur launum bóndans. Opinber framlög eru því ekki lengur „stuðningur“, þ.e. viðbótartekjur. Hið opinbera hefur yfirtekið landbúnaðinn og jafnframt eru stærstu búin oft enn háðari þessum styrkjum en hin minni. Þetta er að sjálfsögðu óásættanlegt.

Til þess að fá ungt fólk til starfa við landbúnað er óhjákvæmilegt að

reksturinn skili lífvænlegum tekjum í afurðir búins. Um þessar mundir eru árleg heildarútgjöld í norskum landbúnaði um einum milljarði NKR meiri en söluverðmæti afurðanna. Sú staða er óásættanleg.

Ýmsar skýringar eru á því hvað veldur því að svo er komið. Ein er sú að stjórnvöld hafa fylgt þeirri stefnu að halda niðri verði á kjarnfóðri. Það hefur leitt til þess að dýrara er fyrir bóndann að rækta sjálfur kjarnfóður sitt heldur en að kaupa innflutt fóður. Miðflokkurinn, flokkur bænda, ákvað sjálfur að draga úr tengingu landbúnaðarins við rekstrarumhverfi sitt.

Hvers vegna hafa flokksmenn Miðflokksins, bæði í ríkisstjórn og ráðuneytum, ekki bent á þetta? Svárið er að þetta er ákvörðun flokksins sjálfs. Hvernig gat þetta gerst? Svárið er að flokkurinn fylgdi stefnu sem fylgismenn aðildar að ESB í flokkn-um mörkuðu snemma á síðasta áratugi nýliðinnar aldar.

Lýsandi dæmi um þetta er ályktun Stórþingsins um matvælaframleiðslu. Miðflokkurinn tók þátt í gerð hennar. Þar stendur: „Gagnagrunnur skýrslunnar mælir með því að draga saman framboð gróffóðurs, en að framleiðsla búfjárafurða vaxi með aukinni notkun aðfengins gróffóðurs. Þetta felur það í sér að unnt er að auka framleiðslu búfjárafurða með óbreyttri landnotkun.“

Hvað þýðir þetta? Ekki annað en það að aukin búfjárrækt kallar á aukinn innflutning kjarnfóðurs. Næsta skref er síðan að byggðum býlum fækkar og þau eru í auknum mæli rekin með innfluttu kjarnfóðri.

M.ö.o. minnkar tenging matvælaframleiðslu og norsks landbúnaðar. Spyrja má hvers vegna flokksmenn Miðflokksins í ríkisstjórn og ráðuneytum hafa ekki bent á þetta? Svárið er að landbúnaðarstefna flokksins var í þessum málaflokki mörkuð af fylgismönnum ESB-aðildar.

Þetta getur ekki gengið lengur. Stuðningsmenn öflugs landbúnaðar í Noregi í Miðflokknum verða að snúa bókum saman og taka málin í sínar hendur. Þýtt og endursagt / ME

Þrif á spenum

Gæði mjólkurinnar og jógurheilbrigði ráðast af mörgum ólíkum þáttum en einn þeirra snýr að hreinlæti við mjaltir. Í því sambandi er vandvirkni og nákvæmni við spenaþrif mikilvægur þáttur til þess að fjarlægja óhreinindi og bakteríur af yfirborði spenanna fyrir mjaltir.

Eina tusku á hverja kú

Rannsóknir hafa sýnt að hreinleiki spena fyrir mjaltir skiptir verulegu máli bæði gagnvart líftölu mjólkur og nýsmiti jógurbólgu en nærri tveggja áratuga dönsk rannsókn tók sérstaklega á þessu atriði. Sýndu niðurstöðurnar m.a. að mestu máli skipti að þrifa spenana vel fyrir mjaltir, frekar en að nota einhver sérstök hjálparefni, til þess að fjarlægja bakteríurnar af yfirborði spenanna. Sé notuð hrein tuska eða klútur á hverja kú skipti ekki máli hvort þvottavatnið væri blandað sótthreinsandi efnum eða ekki þegar horft var til líftölu mjólkurinnar eða tíðni jógurbólgutilvika. Í heilræðum skýrslu-höfunda kom jafnframt fram sú skoðun þeirra að óheimilt ætti að vera að nota sömu tuskuna á fleiri en eina kú vegna framangreindra niðurstöðna! Þess má geta að niðurstöðurnar bentu þó til þess að væri sett sótthreinsandi efni í þvottavatnið mætti reyndar draga úr fjölda baktería sem greina mátti á höndum þeirra sem mjólkuðu.

Hreinir spenar

Fjöldi baktería á spenahúðinni ræðst eðlilega einnig af því hve hreinir þeir eru fyrir mjaltir og þó svo að vel sé vandað til verka verður alltaf meira eftir af bakteríum við spenaenda þeirra spena sem eru verulega óhreinir fyrir mjaltir.

Meðhöndlun mjaltaklúta

Allt of oft gerist það að þegar spenar eru þrifnir þá eru einungis önnur hlið klútsins notuð í það verk og oft situr klúturinn nokkuð „fastur“ í lófanum og því nýtist ekki einu sinni klúturinn í heild sinni. Spenarnir eru því „þrifnir“ með óhreinindum frá hinum spenunum og hættan á því að flytja bakteríur á milli spena stóreykst eðlilega.

Það er brýnt að nýta allan klútinn við spenaþvott og alltaf er ráðlagt að nota aðra hlið klútsins til þess að þrifa spenana með og þegar það er gert á að færa klútinn til í lófanum svo sami flöturinn sé ekki notaður á alla spenana (sjá meðfylgjandi myndir). Með öðrum orðum á að nota hvert „horn“ klútsins á hvern spena. Þegar spenaþvotti er lokið á að leggja klútinn saman og nýta þá hina hreinu hlið til þess að þrifa spenaendana. Hver spenaendi verður þá þrifinn með hreinu fleti klútarins.

Margar aðferðir eru notaðar víða um heim, til þess að þrifa spenana en líklega eru þessar helstar:

1) Spenaþrif með spúlun

Þessi aðferð er nokkuð algeng erlendis og eitthvað einnig um að hún sé notuð hér á landi, en einungis er hægt að nota þessa aðferð þar sem eru mjaltabásar. Þá eru spenarnir einfaldlega bleyttir með volgu vatni, t.d. með því að sprauta á þá með smúl. Þó að ekki eigi að þvo annað en spenana verður oft jógurbotinn rennblauttur einnig. Hætta er á því að óhreinnt vatn sígi niður í spenahylkin og mengi mjólkina og því þarf að passa sig á því að reyna að fá ekki vatnið á júgríð. Eftir að búið að er að sprauta á spenana eru kýrnar þurrkaðar með klút eða einnota pappirspurrku. Kosturinn við þessa aðferð er að hið volga vatn hefur jákvæð áhrif á örvin kúnna og þar með hve vel þær selja mjólkina.



Það er gott að skoða öðru hverju hve vel klútarnir nýtast við þrif á kúnum. Taktu nokkra notaða klúta og breiddu úr þeim á gólfíð. Ef margir eru með „lófatar“ og hafa stór hrein svæði má bæta vinnubrögðin við spenaþrifin.



Hér má sjá gott dæmi um vel nýttan klút eftir spenaþvott.

2) Spenaþrif með rökum klút

Þessi aðferð er líklega algengust bæði hér á landi og víða annars staðar. Áður fyrr var algengast að láta klúta liggja í volgu vatni við mjaltirnar og vinda svo tuskurnar hverja af annarri þegar kom að notkun. Þessi aðferð er víða notuð í dag þó svo að trúlega sé heppilegra að nota heitar og rakar tuskur frá þar til gerðum þvottavélum. Slíkar vélar setja sérstakan þvott í gang rétt fyrir mjaltir og hita tuskurnar upp svo þegar þær eru bornar að spenunum þá virkar hitinn með sama hætti og volga vatnið, þ.e. örvandi á sölu mjólkurinnar.

3) Spenaþrif með þurrum klút

Víða um heim eru einungis notaðir svo til alveg þurrir klútar við spenaþrif. Þessi aðferð við þrif á spenum á þó einungis rétt á sér komi kýrnar hreinar til mjalta, enda er ómögulegt að þrifa t.d. klepra af spenum eða veruleg óhreinindi með því að nota þurran klút.

4) Spenaþrif í mjaltapjónum

Sjálfvirk spenaþrif eru í dag einungis möguleg í mjaltapjónum og hér á landi eru tvennskonar aðferðir notaðar. Annar vegar votburstun (Lely) og hins vegar vatns- og loftþvottur (DeLaval). Þessar aðferðir hafa bæði kosti og galla en stærsti vandinn er þó sá að hvorugt kerfanna tekur tillit til þess hve óhreinir spenarnir eru fyrir mjalti og því fá kýrnar áþekka meðhöndlun þvottakerfa mjaltapjónanna. Bændur geta þó sjálfir stillt mjaltapjóna sína þannig að þeir þvoí lengur en hefðbundið er, sé vandamál með óhreinindi á kúum. Eigi mjaltapjónarnir hins vegar erfitt með að þrifa spenana svo unnt sé að mjólka hreina spena er einungis eitt til ráða, að sjá til þess að kýrnar komi hreinar og þurrar inn í mjaltir s.s. með því að hafa innrétingar rétt stilltar, skafa gólf út og bera vel undir kýrnar.

Notkun spenadyfu fyrir spenaþrif

Stundum verða kýrnar mjög óhreinar og má oft tengja slíkt við vandamál við loftræstingu, takmarkaðan undirburð eða leiðinda rigningartíð. Þá tekst ekki að halda kúnum nægilega þurrum og hreinum með tilheyrandi vandamáli við þrif á spenum. Auðvitað er alltaf hægt að þrifa spenana en þar sem tíminn er takmarkandi þáttur á stækkandi

Einnota þurrkur

Á heimsmarkaðinum eru til ótal gerðir af þar til gerðum einnota þurrkum fyrir spenaþrif, bæði þurr pappír en einnig vættur. Hér á landi er þessi aðferð líklega ekki mjög algeng enn sem komið er en ástæða þess að hún hefur náð fótfestu erlendis er einfaldlega rekstrarkostnaðurinn. Tilfellið er að kostnaður við að suðuþvo bómullarklúta tvisvar á dag með tilheyrandi sliti og afskriftum á þvottavél gerir það að verkum að einnota þurrkur geta mögulega komið til greina sem valkostur. Hins vegar er ákaflega erfitt að ná að þrifa óhreina spena með svona þurrkum og jafnvel þó svo notaðar séu votar þurrkur. Oft þarf að nota tvær á hverja kú, sé t.d. um að ræða kýr sem liggja á rimlum eða eru bara sóðar. Reynslan hefur einnig sýnt að oft er yfirborð þessara einnota klúta svo slétt að óhreinindi hreinlega smyrjast út í stað þess að verða fjarlægð. Almennt er því ekki mælt með þessum þurrkum nema staðan sé slík að kýrnar séu alltaf vel hreinar, sé um slíkt að ræða kemur vel til greina að nota einnota þurrkur.

Klippa jógurhár

Löng hár á júgranu gerir alla vinnu við þrif á spenum mun erfiðari og eykur líkur á því að ekki takist að fjarlægja öll óhreinindin. Júgur á því að halda hárlausum með því að raka þau eða fjarlægja hárin með þar til gerðum jógurhárabrennara.

Hreinar kýr mikilvægast

Það sem allra mestu máli skiptir fyrir spenaþrifin er að halda kúnum hreinum og er beint samhengi á milli þess hve mikið er lagt á sig við að halda kúnum hreinum og þess hve auðveld vinnan er við að þrifa spenann fyrir mjaltir. Ekki þarf að draga í efa að vinnan við að halda kúnum hreinum skilar sér í sparaðri vinnu á mjaltatíma og takist að halda kúnum hreinum er það sú aðferð sem vænlegust er til langtíma árangurs og að ná að skila frá sér hágæða mjólk á hverjum tíma. Byggt á dönskum leiðbeiningum um spenaþrif.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparæktardeild
Þekkingarseturs landbúnaðarins í
Danmörku



Margvisleg afbrigði eru til af papriku og eru sum þeirra oftast nefnd pipar. Nú hefur stórfyrirtæki fengið einkaleyfi á afbrigði sem ræktað er upp úr papriku sem vaxið hefur villt á Jamaíku. Það er með innbyggð þol gegn tveim skordýrategundum. Margir óttast slíka einkavæðingu á matjurtum og spyrja hvar þetta endi. Fyrir nokkrum árum lýsti manneskja á Spáni yfir eignarhaldi sínu á sólarljósinu en hefur þó í það minnsta enn ekki fengið það staðfest.

Risafyrirtækið Syngenta komið með einkaleyfi á skordýrapólum paprikum: Einkaleyfinu mótmælt þar sem eiginleikinn er sagður koma úr villtum jurtum

Hinn 8. maí 2013 veitti Einkaleyfastofa Evrópu (EPO) fyrirtækinu Syngenta, sem er stærsta landbúnaðarefnafyrirtæki heims, einkaleyfi fyrir skordýrapólnar paprikuplöntur. Plönturnar sem leyfið er veitt út á höfðu verið ræktaðar með hefðbundnum jurtakynbótum á þann hátt að þær hafa mótstöðu gegn skordýrum. Ísland er bundið í milliríkja-samningum af einkaleyfum sem EPO samþykkir og því gildir einkaleyfið hér á landi eins og í 37 öðrum Evrópuríkjum. Hefur þessari einkaleyfisveitingu verið mótmælt og vakið upp ótal spurningar, m.a. um siðferðilegan rétt til að stórfyrirtæki geti eignað sér ákveðnar matjurtir. Hafið er andóf víða um Evrópu gegn þessum gjörningi.

Paprikuplöntur eru af náttskuggaætt og eru vinsælar á matborðum víða um heim. Orðið paprika er víða um lönd notað yfir flestar piparjurtir en þó eru dæmi í sumum Evrópulöndum um að paprika nái einungis yfir ávöxt jurtar sem ber fræðiheitið *Capsium annuum*.

Í Bandaríkjunum er markaðsvirði margvíslegra tegunda af papriku talið vera um 500 milljónir Bandaríkjadala á ári. Vandinn við ræktun er hins vegar sá að ýmis skordýr, eins og kögurvangjur og hvítflugur, geta valdið miklu tjóni á þessum jurtum.

Skordýrapólin paprika ættuð frá Jamaíku

Forsaga einkaleyfismálsins er að á áttunda áratug síðustu aldar kom Paul G. Smith, prófessor við Kaliforníuháskóla, þangað með paprikuplöntu sem vaxið hafði villt á eyjunni Jamaíku í Karíbahafi. Þótti sú paprikutegund merkileg fyrir þær sakir að hún hafði bæði mótstöðu gegn kögurvangju og hvítflugum.

Árið 1976 barst hin villta papriku-planta frá Kaliforníuháskóla til Erfðaauðlindamiðstöðvar Hollands (CGN) og hollenska genabankans. Risafyrirtækið Syngenta fékk síðan þessar paprikuplöntur sem upprunnar voru á Jamaíku frá hollenska genabankanum og hóf að nota þær í kynbótaræktun. Var framkvæmd víxlæktun á milli þessarar villtu paprikutegundar og ræktaðrar papriku sem seld hefur verið á markaði. Með svokallaðri Smart-ræktunartækni tókst að rækta upp nýtt afbrigði sem hefur mótstöðu gegn hvítflugum.

Syngenta lagði inn umsókn um einkaleyfi hjá EPO árið 2008 og fór fram á að fá einkaleyfi fyrir allar paprikuplöntur sem hefðu mótstöðu gegn hvítflugum. Þó að ótrúlegt megi virðast í ljósi uppruna þessara eiginleika í paprikunni fékk fyrirtækið einkaleyfið skráð vorið

2013. Undir þetta falla sætpaprika, chili-pipar og jalapeno. Þetta þýðir að bændur og plöntukynbótafræðingar geta ekki lengur notað paprikuplöntur með þessum eiginleikum við frekari ræktunartilraunir.

Samtökin „Frjáls pipar (paprika)“ mótmæla einkaleyfisveitingunni

Á mánudaginn 3. febrúar síðastliðinn lagði víðtækt bandalag frjálsra félagasamtaka, bænda og ræktunarstöðva, sem koma fram undir kjörorðunum „Free Pepper“, fram andmæli hjá EPO gegn þessari einkaleyfisveitingu. Þar var staðhæft og stutt rökum að Syngenta hefði ekki kallað mótstöðuna fram í plöntunum þar sem hún hefði verið til í náttúrunni. Því gæti ekki verið um einkaleyfishæfa nýjung að ræða. Þá var einnig bent á að slíkar einkaleyfisveitingar væru mjög vafasamar út frá siðferðilegum sjónarmiðum. Enn fremur ykju þær samþjöppun á sáðvörumarkaði og hefðu neikvæð áhrif á nýsköpun. Jafnframt stefndu slík einkaleyfi fæðuöryggi í hætti.

Nánari upplýsingar um þetta mál má finna á vefsíðunum;

www.evb.ch/freepepper
www.evb.ch/fr.freepepper
www.evb.ch/en.freepepper

Frá Landssamtökum raforkubænda

Smákräftsdagene 2014

Landssamtök raforkubænda eru í samvinnu við Bændaverðir að athuga möguleika á hópferð á Smákräftsdagene 2014 í Noregi er haldnir verða nú í ár í nágrenni við Þrándheim dagana 18.–20. mars.

Nánar auglýst á næstu dögum á heimasíðu samtakanna, www.raforkubondi.wordpress.com.

Aðalfundur 2014

Aðalfundur ársins verður haldinn 7. júní á Bíldudal.

Hentar til sumarleyfisferða um Vestfirði.

Nánar auglýst er nær dregur fundi.

Áburðaráætlanir 2014

Þessa dagana er gerð áburðaráætlana í fullum gangi um allt land.

Af því tilefni verða Sigríður Ólafsdóttir og Kristján B. Jónsson, ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, á ferð um Suðurlandið dagana 12.–14. febrúar næstkomandi til að aðstoða bændur í Jörð.is og við gerð áburðaráætlana. Viðvera verður eftirfarandi:

12. febrúar: Hvolsvöllur

13.–14. febrúar: Selfoss

Hægt er að panta viðtalstíma í síma 516-5041 (Sigríður) eða á netfangnu so@rml.is.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Hafa áhrif um land allt!



DELTA LAUSNIR
DELTA EHF - VARMAÐELUR

Raunverulegur sparnaður með FUJITSU varmaðælum

Margra ára reynsla við íslenskar aðstæður og hundruð ánægðra viðskiptavina segir allt sem segja þarf.

Allt að 80% sparnaður

5 ára ábyrgð*



BEST Í PRÓFUN HJÁ SP Í SVÍPÞÓÐ
Fujitsu LTCN - Loft í loft varmaðæla

WATERSTAGE
Loft í vatn fyrir heitt vatn og ofnakerfi



MTA **FUJITSU**
Cooling, conditioning, purifying


* Nánar á heimasíðu

Frekari upplýsingar á www.deltalausnir.is

Símar 895 0640 eða 895 6640

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnaði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.

Skýrsluhald
hjá RML
sk@rml.is

Ábyrgðarmaður
í nautgripærkt hjá RML
mundi@rml.is

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2013

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2013 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins www.rml.is. Hér á eftir verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu. Þeir framleiðendur sem skiluðu upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 584 en á árinu 2012 voru þeir 587.

Niðurstöðurnar eru þær helstar að 22.509,1 árskýr skilaði 5.621 kg nyt að meðaltali. Það er hækkun um 15 kg frá árinu 2012, en þá skiluðu 22.879 árskýr meðalnyt upp á 5.606 kg. Mestar meðalafurðir 2013 voru í Skagafirði 5.976 kg eftir árskú. Sama var uppi á teningnum eftir árið 2012 en þá var meðalnytinn einnig mest þar, 6.095 kg. Meðalbústærð reiknaðist 38,5 árskýr á árinu 2013 en sambærileg tala var 38,9 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 52,8 kýr en 2012 reiknuðust þær 53,3.

Mestar meðalafurðir voru í Skagafirði

Þegar litið er á niðurstöður eftir svæðum kemur í ljós að í Skagafirði eru meðalafurðir mestar, 5.976 kg eftir árskú. Fast á eftir fylgja Austur-Skaftafellingar, en hjá þeim eru afurðirnar 5.958 kg á árskú. Þriðja sæti verma Snæfellingar en þar skilaði árskýrin að meðaltali 5.872 kg. Stærst voru búin í Eyjafirði, 47,2 árskýr, en minnst í Vestur-Skaftafellssýslu, 26,1 árskýr.

Mestar afurðir á einstöku búi árið 2013 voru á Brúsastöðum í Vatnsdal

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2013, var á búi Brúsa ehf. á Brúsastöðum í Vatnsdal, A-Hún. 7.693 kg á árskú. Það bú var einnig meðal hinna tíu efstu á árinu 2012.

Annað búið í röðinni árið 2013 var bú Stóru-Tjarna ehf. á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði, S-Þing. en þar var nytin 7.524 kg eftir árskú.

Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var Félagsbúið í Ytri-Skógum undir Austur-Eyjafjöllum, Rang. en þar var meðalnyt árskúna 7.482 kg.

Í fjórða sæti var bú Helga Bjarna Steinssonar á Syðri-Bægisá í Öxnadal, Eyj. þar sem meðalafurðir árskúna voru 7.475 kg.

Fimmta búið var bú Eggerts Pálssonar á Kirkjulæk í Fljótshlíð, Rang., meðalnytinn þar var 7.433 kg eftir árskú.

Næsta bú, nr. 6 á listanum, var bú bræðranna Björns og Svavars Birkissona í Botni í Súgandafirði, V-Ís. með meðalafurðir upp á 7.421 kg eftir árskúna.

Sjöunda var bú Sigurðar og Báru í Lyngbrekku á Fellsströnd, Dal. en þar reiknaðist meðalnyt árskúna 7.399 kg.

Áttunda búið í röðinni var bú Valdimars Óskars Sigmarssonar í Sólheimum í Sæmundarhlíð, Skag. með meðalnyt árskúna 7.394 kg.

Hið níunda á listanum var bú Arnars Bjarna og Berglindar í Gunnbjarnarholti í Skeiða- og

Ársuppgjör 2013											
Uppgjörssvæði	Árskýr	Afurðir á árskú	Fita %	Prótein %	Heilsárskýr	Kýr á skýrslu	Skiluðu skýrslum 2013	Skrá kjarnf.	Kjarnf. (árskú)	Meðalbústærð (árskýr)	Meðalbústærð (skýrsluf. kýr)
Kjalarnesþing	270,7	5.015	4,08	3,29	194	356	7	2	942	38,7	50,9
Borgarfjörður	1.772,0	5.479	4,23	3,35	1.284	2.397	49	31	764	36,2	48,9
Snæfellsnes	599,6	5.872	4,27	3,37	427	807	20	11	721	30,0	40,4
Dalasýsla	348,4	4.872	4,26	3,37	221	477	11	6	831	31,7	43,4
Vestfirðir	565,0	5.386	4,15	3,31	373	758	17	11	674	33,2	44,6
Húnavatnssýslur og Strandir	1.352,5	5.463	4,14	3,32	979	1807	46	33	843	29,4	39,3
Skagafjörður	2.174,5	5.976	4,26	3,39	1.479	2.940	50	35	924	43,5	58,8
Eyjafjörður	4.298,3	5.627	4,30	3,36	2.955	5.956	91	49	647	47,2	65,5
Suður-Þingeyjarsýsla	1.453,9	5.628	4,31	3,39	1054	1.945	55	29	580	26,4	35,4
Austurland	932,8	5.649	4,28	3,36	654	1.291	25	14	769	37,3	51,6
Austur-Skaftafellssýsla	379,3	5.958	4,30	3,37	266	519	11	6	1.042	34,5	47,2
Vestur-Skaftafellssýsla	757,1	4.883	4,19	3,36	530	1005	29	12	356	26,1	34,7
Rangárvallasýsla	3.094,1	5.535	4,27	3,39	2.208	4.254	72	21	676	43,0	59,1
Árnessýsla	4.511,1	5.787	4,14	3,37	3.038	6.308	101	50	790	44,7	62,5
Samtals	22.509,1	5.621	4,23	3,37	15.662	30.820	584	310	734	38,5	52,8



Tígulstjarna 411 á Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum var afurðahæsta kýr ársins 2013.

Mynd / Birna Sigurðardóttir

Desember 2013		Árs-	Prót-		
Kýr	Faðir	afurðir	ein	Fita	Bú
0411 Tígulstjarna	04016 Hjálmur	12.112	2,97	2,87	860103 Ytri-Skógar
1123 Huppa	01031 Kappi	11.735	3,27	4,55	870650 Stóra-Ármót
0306 Ausa	97032 Þverteinn	11.628	3,33	4,05	570925 Garðakot
722	97001 Teinn	11.372	3,49	4,00	870931 Þrándarholt
0528 Drottning	05026 Baugur	11.332	3,21	3,70	860320 Stóra-Hildisey 2
0389 Gugga	05019 Gussi	11.151	3,22	3,61	650705 Brakandi
0508 Setta	98052 Þrasi	11.078	3,14	4,03	560112 Brúsastaðir
0562 Raun	06039 Baggalútur	11.049	3,30	4,12	871058 Hrepphólar

Bú - desember 2013	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf	45,4	7.693
660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	41,7	7.524
860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	21,8	7.482
650813 Syðri-Bægisá	Helgi Bjarni Steinsson	31,3	7.475
860530 Kirkjulækur 2	Eggert Pálsson	45,3	7.433
480204 Botn 2	Björn og Svavar	61,8	7.421
380127 Lyngbrekka	Sigurður og Báru Lyngbrekku	48,6	7.399
570314 Sólheimar	Valdimar Óskar Sigmarsson	32,7	7.394
870934 Gunnbjarnarholt	Arnar Bjarni og Berglind	104,6	7.281
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	24,5	7.270

Gnúpverjahreppi en þar voru meðalafurðirnar 7.281 kg eftir árskú.

Tíunda búið í röðinni að þessu sinni var bú Guðlaugar og Eybergs á Hraunhálsi í Helgafellssveit, Snæf.

en þar námu reiknaðar meðalafurðir árskúa 7.270 kg.

Meirihluti þeirra búa sem hér

hafa verið talin fannst á hliðstæðum lista fyrir ári og þau þeirra sem ekki voru í 10 efstu sætum þá mátti finna fljótlega þar á eftir á listanum yfir afurðahæstu búin árið 2012, þannig að hér eru þeim sem til þekkja öll nöfn kunnugleg.

Á 26 búum reiknaðist meðalnyt árskúa yfir 7.000 kg árið 2013 en 20 bú náðu því marki árið 2012.

Tígulstjarna nr. 411 í Ytri-Skógum mjólkaði mest

Nythæsta kýrin á skýrsluhaldsbúunum árið 2013 var Tígulstjarna nr. 411 í Ytri-Skógum undir Austur-Eyjafjöllum, Rang., undan Hjálmi 04016, en hún mjólkaði 12.112 kg með 2,87% fitu og 2,97% prótein. Burðartími Tígulstjörnu féll að þessu sinni vel að almanaksárinu en hún bar sínum fimmta kálfi 12. des. 2012.

Tígulstjarna er mikil mjólkurkýr, fór hæst 48,2 kg dagsnýt á liðnu ári og skráðar æviafurðir hennar voru 46.986 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 4. nóv. 2008, þá 26,4 mán. að aldri.

Önnur í röðinni árið 2013 var Huppa nr. 1123 á Stóra-Ármóti í Flóa, Arn. undan Kappa 01031 en hún mjólkaði 11.735 kg með 4,55% fitu og 3,27% prótein.

Þriðja nythæsta kýrin var Ausa nr 306 í Garðakoti í Hjaltadal, Skag., undan Þverteini 97032, en nyt hennar á árinu var 11.628 kg með 4,05% fitu og 3,33% prótein.

Fjórða nythæsta kýrin var nr. 722 í Þrándarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Arn., dóttir Teins 97001 en hún mjólkaði 11.372 kg með 4,00% fitu og 3,49% prótein.

Fimmta í röðinni var Drottning nr. 528 í Stóru-Hildisey 2 í Austur-Landeyjum, Rang. en hún skilaði 11.332 kg á árinu með 3,70% fitu og 3,21% prótein.

Alls skiluðu 8 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af ein, fyrrnefnd Tígulstjarna, yfir 12.000 kg. Árið 2012 náðu 14 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Mjólkurframleiðendum óskum við til hamingju með ágætan árangur og þökkum samstarfið á liðnu ári.

Gæðastýrt skýrsluhald í mjólkurframleiðslunni!

Athygli er vakin á því að til þess að uppfylla skilyrðin um gæðastýrt skýrsluhald þarf að skila kýrsýnum (sýnum úr mjólk einstakra kúa) hið minnsta 8 sinnum á ári, tvisvar á hverjum ársfjórðungi. Einnig þarf að skila mjólkurskýrslum fyrir miðnætti 10. dags mánaðarins eftir mælingarmánuð.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins – RML

Uppgjörssvæði	Bú - desember 2013	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Kjalarnesþing	260111 Miðdalur	Guðmundur og Svanborg, Miðdal	24,9	7.225
Borgarfjörður	360425 Helgavatn	Helgavatnsbúið, Helgavatni	79,7	7.046
Snæfellsnes	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	24,5	7.270
Dalir	380127 Lyngbrekka	Sigurður og Báru Lyngbrekku	48,6	7.399
Vestfirðir	480204 Botn 2	Björn og Svavar	61,8	7.421
Húnavatnssýslur og Strandir	560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf	45,4	7.693
Skagafjörður	570314 Sólheimar	Valdimar Óskar Sigmarsson	32,7	7.394
Eyjafjörður	650813 Syðri-Bægisá	Helgi Bjarni Steinsson	31,3	7.475
Suður-Þingeyjarsýsla	660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	41,7	7.524
Austurland	750212 Engihlíð	Félagsbúið Engihlíð	51,1	6.622
Austur-Skaftafellssýsla	770116 Seljavellir	Eiríkur Egilsson	58,0	6.666
Vestur-Skaftafellssýsla	850387 Hraunkot	Ólafur Helgason	15,7	7.032
Rangárvallasýsla	860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	21,8	7.482
Árnessýsla	870934 Gunnbjarnarholt	Arnar Bjarni og Berglind	104,6	7.281

Val hrúta á sæðingastöð

Undanfarnar vikur hef ég fylgst með umræðu um hin ýmsu mál tengd sauðfjárræktinni á samfélagsmiðlum í netheimum. Í desember var þeirri spurningu varpað fram hvort ásættanlegt væri að svo margir sæðingahrútar hefðu einstaklingsdóm með 17,5 eða minna í einkunn fyrir læri. Nokkrar umræður urðu um þetta atriði. Af því tilefni tel ég rétt að fara aðeins yfir hvernig vali hrúta á sæðingastöð er háttað.

Faghópur sauðfjárræktar hjá RML ber ábyrgð á ræktunarstarfinu í sauðfjárrækt. Allir kynbótahrútar sem koma til notkunar á sæðingastöð þurfa að njóta samþykkis þessa hóps sbr. reglugerð um búfjarsæðingar nr. 787/2003.

Við val kynbótahrúta eru það upplýsingar úr skýrsluhaldi sauðfjár- bænda í landinu sem veita grunninn að allri ákvarðanatöku. Tvær hindranir eru þó í vegi fyrir því að allir hrútar í landinu geti verið til skoðunar fyrir sæðingastöð. Önnur er sú að hrútar með áhættuafgerð gagnvart riðusmiti eru ekki teknir á sæðingastöð. Hin eru þær hindranir sem reglur um sauðfjársjúkdóma setja, en hrútar frá búum af riðusvæðum og búum með staðfesta garnaveiki síðustu 10 árin, eru ekki gjaldgengir. Þessar hindranir þrengja mjög þann hóp sem má velja úr, þó heldur hafi hann rýmkast á undanförnum árum eftir að varnarhólfín voru skilgreind betur m.t.t. sýktra og ósýktra svæða.

Í ræktunarmarkmiðum sauðfjár segir: „Stöðugt þarf að bæta alla helstu framleiðslueiginleika, þ.e. frjósemi, afurðasemi, kjöt- og ullargæði.“ Þegar kynbótahrútar eru valdir til notkunar á sæðingastöð er fyrst og fremst horft til reynslu þeirra sem lambafeður og því næst hvernig



Við val kynbótahrúta eru það upplýsingar úr skýrsluhaldi sauðfjár- bænda í landinu sem veita grunninn að allri ákvarðanatöku.

þeir koma út sem ærfeður, séu þær upplýsingar fyrir hendi. Í kynbótum á ekki horfa á einstaklingsdóm gripsins eingöngu enda snúast kynbætur um stærri hópa og upplýsingar um þá en ekki aðeins einstaklinginn sem slíkan. Þó að hrútur hafi t.d. 17,5 í einkunn fyrir læri getur hann erfðafræðilega séð gefið mikið betri gripi og það er hópurinn sem á að skoða. Einstaklingsdómurinn er einungis hjálpartæki til að vega og meta marga gripi í sama hópi en segir ekki alla söguna varðandi það hvernig afkomendur gripurinn mun gefa.

Faghópur sauðfjárræktar vinnur eftir þremur megináðferðum við val sæðingahrúta. Sú fyrsta eru afkvæmarannsóknir sem eru

sérstaklega settar upp á vissum svæðum þar sem úrvalshrútum á grunni upplýsinga úr skýrsluhaldinu er safnað saman og þeir bornir saman innbyrðis áður en bestu hrútarnir eru valdir til notkunar á sæðingastöð. Nú veturinn 2013-2014 eru slíkar rannsóknir á fimm stöðum á landinu. Á sæðingastöðvunum síðasta vetur voru 18 hrútar af 47 valdir á grunni þessarar aðferðar.

Önnur aðferð er að velja hrúta beint á sæðingastöð einungis á grunni upplýsinga skýrsluhalds á heimabúi. Oft eiga þessir hrútar það sammerkt að þeir koma frá svæðum þar sem ekki má safna hrútum saman til að prófa innbyrðis í sameiginlegri afkvæmarannsókn. 21 af þeim 47

hrútum sem voru á sæðingastöð síðasta vetur eru valdir á grunni þessarar aðferðar.

Síðasta skal telja hrúta sem valdir eru á sæðingastöð vegna sérstakra eiginleika sem m.a. gleðja augað hvað varðar ytra útlit sem og hátterni. Síðasta vetur voru 8 af 47 hrútum á sæðingastöð valdir þangað á þessum grunni.

Ein af athugasemdunum sem kom fram í netheimum var að hrútar sam- einuðu það ekki nægjanlega vel að vera bæði góðir lamba- og ærfeður. Til þess að hrútur verði góður ærfaðir þarf hann notkun og undan honum þarf að setja á gripi. Tiltölulega fáir gripir ná að sameina báða kostina, því hvort hrútur er virkilega góður ærfaðir kemur sjaldnast í ljós fyrr en hrúturinn er orðin fjögurra eða fimm vetra gamall. Tiltölulega fáir hrútar ná því þeim aldri að sam- eina báða þessa kosti en slíkir gripir eru vissulega gullmolar fyrir rækt- unarstarfið. Fyrst er horft á hvernig afkvæmi þeir gefa og svo horft á kyn- bótamat fyrir dætraeiginleika ásamt því að skoða fyrstu upplýsingar um dætur þeirra. Oft geta fyrstu upplýs- ingar verið óábyggilegar og hrútarnir fallið mikið í einkunn eftir að þeir eru komnir á sæðingastöð. Þetta er ein af meginástæðum þess að menn eiga að dreifa notkun sæðishrúta til að minnka áhættuna sem fylgir því að nota hrút sem sameinar ekki alla góða kosti.

Önnur athugasemd sem þarna kom fram var að ekkert væri að marka kynbótamatið. Kynbótamat hefur um langt árabil verið ein örugg- asta aðferðin við val á kynbótagrip- um í öllum búgreinum. Það tekur tillit til skyldra gripa og því getur vel komið fyrir að það refsí yfirburða einstaklingi vegna þess að öll skyld-

menni hans reynast ekki nægjanlega vel. Annað atriði sem menn þurfa ætíð að hafa í huga er öryggið að baki upplýsingunum. Fyrir eiginleika sem stjórnaðast að töluverðu leyti af ytri aðstæðum, s.s. aðbúnaði og fóðrun eins og eiginleikinn frjósemi hjá sauðfé þá segja upplýsingar um 50 dætur ekki nánda nærri jafn mikið og upplýsingar um 50 sláturlömb sama hrúts þar sem erfðapátturinn er sterkari og umhverfisþátturinn veigaminni.

Þriðja atriðið sem menn nefndu var að hrútar væru alltaf teknir frá sömu búum inn á sæðingastöð og lítið um að farið væri út fyrir þann ramma. Sú er ekki raunin og ef menn skoða hrútaskrár síðustu ára má sjá að ætíð eru að koma hrútar frá nýjum búum til notkunar á sæðingastöð. Hins vegar skal ekkert dregið úr því að bændur á búum sem eru tilbúnir að láta hrúta frá sér áður en þeir eru fullnotaðir á heimabúi, eru ræktunarstarfinu mjög mikilvægir enda eru þeir meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð þess að vera þátttakendur í ræktunarstarfi. Til eru bú þar sem finna má afbragðsgripi en bændurnir telja sig aldrei mega missa hrútinn annað. Frá slíkum búum koma ekki gripir á sæðingastöð jafnvel þó gripirnir verðskuldi það.

Það er von mín að þessar línur skýri aðeins út fyrir mönnum hvernig vali á kynbótahrútum fyrir sæðinga- stöðvarnar er háttað. Á næstu vikum förum við í faghópi RML að skoða lista yfir álitlega hrúta til notkunar á sæðingastöð næsta vetur. Hafi menn ábendingar um einstaka hrúta sem þeir telja eiga erindi á stöð nú eða einhverjar séróskir áðr, hvet ég menn til að setja sig í samband við undirritaðan eða aðra meðlimi faghóps.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI


Hvenær er hávaði orðinn það mikill að nota þurfi heyrnarhlífar?

Ef einhver verður fyrir heyrnarskaða er sá skaði varan- legur. Skaði á heyrn er ekki hægt að lækna og því þarf að hugsa vel um eyrun. Ef einhver verður fyrir það miklum heyrnarskaða að viðkomandi þarf að nota heyrnartæki kosta slík tæki á bilinu 300–700 þúsund (fer eftir gæðum og styrkleika tækja).

Hljóðstyrkur er mældur í desibelum (dB). Því hærri sem talan er verður margföldunin meiri, en allur hávaði fyrir ofan 85 dB er talinn skaðlegur til langs tíma. Mikill hávaði til langs tíma er líka þreytuvaldur, en rannsóknir hafa sýnt að ef hávaðinn nær oft yfir 85dB verður maður minna þreyttur með því að nota heyrnarhlífar.

Hægt að mæla hljóðstyrk með farsíma

Í nútíma farsímum er hægt að ná í smáforrit (app) til að mæla hljóðstyrk. Sem dæmi hef ég mælt hljóðstyrk í þrem mismunandi fjárhúsum í byrjun sauðburðar rétt fyrir morgungjöf með farsíma sem búið var að hlaða með dB-appi. Nýjustu fjárhúsin voru stálgrindarhús með sléttum plötum sem klæðningu og mældist hljóðstyrkurinn 107 dB, í gömlu steiptum húsum með loftklæðningu mældist hljóðstyrkurinn 97 dB og í viðarklæddum húsum á veggjum og lofti var mælingin 94 dB. Í nýjustu húsunum er full þörf á að vera með



heyrnarhlífar sé maður lengur en þrjár til fimm mínútur að koma fyrstu gjöf á allar ærnar sem þar eru inni.

Veggspjöld í myndræmu formi til forvarna um hávaða

Víða erlendis gefa heilbrigðis- yfirvöld út veggspjöld og dreifa til fróðleiks hvar mörkin eru í tíma við mismunandi hávaða. Einnig eru starfsmenn hvattir til að reyna að mæla hávaða til að finna út hvenær mesti hávaðinn er á vinnustaðnum svo að hægt sé að bregðast við því með notkun heyrnarhlífa eða tappa á þeim tímum sem mesti hávaðinn er. Væru dæmin hér að ofan tekin þar sem ég mældi hávaðann í fjárhúsunum væri skynsamlegt að nota eyrnatappa eða hlífar í byrjun morgungjafa í fjárhúsum (fram yfir þann tíma sem tekur að gefa öllum ánum eitthvað).

Taflan sem sýnd er hér með þessari grein á að vera viðmiðunar- tafla á hvaða tímamörk eru við mismunandi hávaða. Eins og sjá má er ekki ráðlegt að vinna með keðjusög lengur en eina til tvær mínútur án varnarbúnaðar fyrir eyrun. Á húslausri dráttarvél er ekki ráðlagt að vinna lengur en í tvo tíma. Mín persónulega reynsla af löngum mótörhjólaferðum er að vera með eyrnatappa í litlu boxi á mér og ef á að keyra samfellt lengur en í 30 mínútur set ég tappana í eyrun áður en hjálmurinn fer á

hausinn. Eftir að ég byrjaði á þessu finnst mér ég vera minna þreyttur í lok dags en áður en ég byrjaði á þessu.

Það kostar sáralítið að prófa

Mismunandi hávaði er frá dýrum og vélum. Sem betur fer eru vélar alltaf að verða lágvæðari og lágvæðari með nútímataekni. Hins vegar eru hljóð dýranna eitthvað sem breytist lítið. Það er því þeirra sem vinnum innan um dýrin að vega og meta hvenær þörf er að verja eyrun fyrir hávaða dýranna. Ef prufað er í nokkra daga að vera með eyrnatappa við vinnu í hávaða sem stundum fer yfir 85 dB get ég fulllirt að viðkomandi er ekki eins þreyttur í lok vinnudags og án hlífðarbúnaðar.

Haglabyssuskot mælist 114-116 dB

Margir skjóta fugla með haglabyssu sér til matar og ánægju. Þegar maður sér myndir frá æfingasvæðum þar sem æfð er haglabyssuskotfimi eru iðkendur nánast undantekningarlaust með heyrnarhlífar. Aftur á móti sér maður sjaldan myndir af rjúpnaskyttum eða gæsaskyttum með heyrnarhlífar. Hver haglabyssuskothvellur skemmir heyrn, þar sem hávaðinn er yfir 113 dB sem telst vera sársaukamörk hávaða, og því er full ástæða að vera með heyrnarhlífar eða tappa við veiðar eins og æfingar.

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Valtra N103:

Sterkar vélar sem þola mikið

Sala á nýjum dráttarvélum var töluvert meiri á síðasta ári en nokkur árin á undan og hafa ekki verið svona margar seldar vélar á einu ári frá hrúni. Alls voru seldar 83 nýjar dráttarvélar á síðasta ári og af þeim voru finnsku dráttarvélnar frá Valtra 22 talsins. Ég skrapp fyrir skemmstu á Selfoss og kíkti á nýja vél hjá Jötunn vélum sem þar var til sýnis og prófunar.



Mikið pláss á milli dekkja og bretta auðveldar ef þarf að keðja vélina.

Sterkar vélar sem þola mikið

Valtra N103-vélin sem ég prófaði og skoðaði var með 5 þrepa skiptingu í stað 3 þrepa, húsfjöðrun, loftkælingu, 3 vökvaspólur og auka ljós, með þessum búnaði kostar vélin kr. 10.385.000 + vsk., en grunnverð vélarinnar með tækjum er kr. 9.675.000 + vsk.

Þegar ég gekk fyrst hring í kringum vélina tók ég strax eftir að Valtra-vélin er mjög sterkbyggð bara með því að horfa á sverleika í hlutum eins og þrítengi, krók aftan á vélinni, glussatjakka og fleira. Hæðin undir vélina er mikil og frekar hátt undir lægsta punkt undir vélinni og til samanburðar er til dæmis krókurinn aftan á vélinni töluvert hærri en á flestum sambærilegum vélum.

Útlitið á vélarhlífinni er svolítið sérstakt og mætti halda að hönnuðurinn hafi verið að hugsa um haförn þegar hann var að hanna útsýni fram fyrir vélina. Vélarhlífin skyggir ekkert á útsýnið til vinnu með moksturstækjunum.



Mjög hátt er undir lægsta punkt.



Rúðupisstankurinn er hafður utan á vélinni til að auðvelda aðgengi.

Húsið hljóðlátt og fjaðrandi

Stýrishúsið á vélinni sem ég prófaði var mjög hljóðlátt og heyrðist nánast ekkert utanaðkomandi hljóð inn í stýrishúsið, hvorki frá vél né umhverfi. Sæti ökumanns var mjög

gott og farþegasætið var með þeim betri sem ég hef séð.

Húsið fjaðraði mjög vel og sér-



Sniðug geymsla fyrir kúlurnar úr þrítenginu.



Valtra N103



staklega tók ég eftir því þegar ég fór yfir klakaruðning hvað fjöðrunin tók þær ójöfnur vel. Valtra býður upp á mismunandi gerðir að húsum á sínar vélar gagnvart sérþörfum hvers og eins og þar á meðal hús á vélarnar til að geta keyrt vélina í báðar áttir þ.e.a.s. stjórnbúnaður til keyrslu báðum megin við öku-mannssætið. Í slíkri vél þarf öku-maðurinn bara að snúa við sætinu, en þetta hentar mjög vel með t.d. snjóblásara og flaghefil sem notaður er sem skafari eða bara jarðýta.

Mikið pláss alls staðar

Öll stjórnþæki eru á þægilegum stöðum og þurfti nánast ekkert annað en rétt að hreyfa hendurnar til hliðar eða fram til að nálgast stjórnþækin.

Hvað útlit varðar tekur maður eftir því að í samanburði við aðrar vélar er tiltölulega mikið pláss frá brettum niður í hjólbarða. Ætla mætti að þarna sé hugsunin að auðvelda mönnum að setja keðjur á vélina.

Ýmislegt annað fannst mér sniðugt við þessa Valtra-vél og var þar á meðal sérstakur stokkur sem er aftan á vélinni til að geyma kúlurnar úr þrítenginu. Einnig var ég ánægður með að nú er rafgeymirinn þannig staðsettur að auðvelt er að komast að honum. Aðeins þarf að losa eitt splitti bak við stigann upp í stýrishúsið þá fellur stiginn niður og opnast greið leið að rafgeyminum (á gömlu Valtra vélunum



Auðvelt er að komast að rafgeyminum, eitt splitti og stiginn dettur.

var leiðindavesen að komast að rafgeyminum fyrir framan stýrishúsið og aftan vélina). Gott er að komast að vatnskassa og vélinni til að þrifa og gott aðgengi að olíu- og loftsium.

Hægt að fá bæði þriggja og fjögurra strokka vélar

Vélin sem ég prófaði heitir N103, þriggja strokka 111 hestafla vél. Sjálfskiptingin var 5 þrepa (í stað þriggja) með 4 rafskipta gíra + 5 vökvaprep í hverjum gír með sjálf-skiptimöguleika (mjög skemmtileg skipting og maður finnur nánast ekkert fyrir því þegar vélin skiptir um gír/þrep).

Þriggja strokka vélarnar eru almennt með þriggja þrepa kassa nema um sérþöntun sé að ræða. Valtra N103 þriggja strokka vélarnar eru mjög sparneytnar, hljóðlátar, menga lítið og eru frá 99 til 111 hestöfl. Því má bæta við að Valtra framleiðir dráttarvélar með vélarstærð frá 55 hestöflum upp í 400 hestöfl. Einnig eru fluttar inn af Jötunn vélum Valtra vélar sem eru með fjögurra strokka vélar með 124 til 171 hestafls mótor.

Allar nánari upplýsingar um Valtra er hægt að nálgast á vefsíðunni www.jotunn.is. Einnig vissi ég af því að út væri væntanlegur ítarlegur bæklingur á íslensku um Valtra-dráttarvélar.

16 18 26

Bændablaðið

30% LANDSMANNA LESA BÆNDABLAÐIÐ AÐ STAÐALDRI

HEIMILD: PRENTMIKLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS

Lesendabás

Hugleiðingar um verksmiðjubú, hefðbundinn landbúnað og lífræna ræktun – fyrri hluti

Undanfarin ár hefur orðið mikil vitundarvakning meðal almennings hvað varðar hollustu matar, uppruna hans, heilsufar o.fl. Þetta hefur leitt af sér vaxandi áhuga á lífrænum vörum og landbúnaðarafurðum framleiddum af smærri aðilum, nær neytandanum og við minna tæknivæddar aðstæður. Local food og Slow food eru dæmi um hreyfingar sem sprottnar eru upp vegna slíks áhuga.

Svo sem sjá má í hillum verslana er lífrænt vottaða vöruúrvalið alltaf að aukast og samkvæmt heimildum talsmanns lífrænna neytenda á Íslandi hefur orðið sprenging síðastliðinn tvö ár hérlandis í eftirspurn. Nánast allur sá varningur er innfluttur og markaðurinn kallar eftir innlendri, lífrænni matvöru. Allt lífrænt vottað sem framleitt er á innanlandsmarkað sem selst upp, svo pláss virðist vera fyrir frekari framleiðslu og sennilega mun það pláss halda áfram að aukast í framtíðinni miðað við þróun á heimsvísu. Þetta gerist þrátt fyrir kreppu og þá staðreynd að verð lífrænt vottaðra matvæla sé hærra en sambærilegra óvottaðra matvæla.

Skammgóður vermir

Verksmiðjubú hafa verið starfrækt í nokkra áratugi og allmikil reynsla komin á starfsemi þeirra. Ýmsa alvarlega ágalla má finna að slíkum rekstri og framtíð þeirra gengur vart upp til langs tíma lítið, því þau eru ekki sjálfbær og skammtímasjónarmið höfð að leiðarljósi við rekstur þeirra.

Um það bil 70% allrar nautakjöts-framleiðslu í Bandaríkjunum kemur frá búum með 5000 gripi eða fleiri. Þó í verksmiðjubúum takist að framleiða gríðarlegt magn kjöts á lágu verði, er ekki allt sem sýnist og þeir aurar sem sparast þar, eru greiddir með vöxtum af neytendum annars staðar í kerfinu. Eins og fram kom í ágætri grein um sýklalyfjanotkun í 2.tbl. Bændablaðsins á þessu ári eru verksmiðjubú m.a. gróðrarstía fyrir sjúkdóma sem ekki berast einungis milli gripanna sjálfra heldur yfir í fólk (t.d. fuglaflensa, svínaflensa, West-Nile, SARS o.fl.) með tilheyrandi kostnað fyrir heilbrigðiskerfið. Þar verða einnig til sýklalyfjaónæmar ofurbakteríur (MRSA) við að stöðugt sé verið að gefa sýklalyf í fóðrinu til að halda skepnunum á lífi við þær aðstæður sem þær eru ræktaðar. Sýklalyfjanotkunin er í reynd svo mikil að ástæða hefur verið talin til að halda leynd yfir henni.

Upplýsingar um sýklalyfjanotkun ársins 2009 í Bandaríkjunum segja þó að 70% allrar sýklalyfjanotkunar tengist verksmiðjubúskap og sé allur landbúnaður tekinn með er notkun sýklalyfja 84% af heildarnotkun slíkra lyfja þar í landi. Þetta er gríðarlegt magn og verulegt áhyggjuefni, sem menn eru í vaxandi mæli farnir að gera sér grein fyrir. Þessi tegund matvælaframleiðslu virðist hins vegar ekki ganga nema með notkun mikilla lyfja þannig að ef á að minnka lyfjanotkunina þarf að breyta framleiðsluháttunum.

Síðferðilegar spurningar hvað varðar meðferð dýra í verksmiðjubúum eru einnig háværar og ástæða þess að margir neytendur kaupa ekki kjöt og mjólkurvörur. Svipuð vandamál eru uppi á teningnum þegar kemur að jarðrækt og framleiðslu kornvara, maíss, soja og fleira. Þar er eiturefnanotkun stórbænda eða fyrirtækja svo langt umfram það sem þekkist annars staðar að jarðvegur og jarðvegslíf hefur orðið fyrir alvarlegum skaða, þannig að stór akuryrkjalandsvæði eru í dag eyðimerkur og enginn veit hversu langan tíma það tekur



Gervihnattamynd af gríðarstóru uppistöðulóni sem inniheldur úrgang frá verksmiðjubúi í nágrenninu.

fyrir þau að hreinsast og öðlast líf aftur. „Umfram“ áburður og eiturefni renna svo með affallsvatni í nærliggjandi jarðveg, ár og vötn með tilheyrandi mengun.

Úrgangur frá stórum verksmiðjubúum er orðinn einn af helstu mengandi þáttum í Bandaríkjunum. Risastór „stöðuvötn“ sem geyma skít, hland og annan úrgang frá þeim er að finna víða í nágrenni búanna, því jarðvegurinn þar í kring getur ekki nýtt sér allt það gríðarlega magn úrgangs- næringar- og efnaleifa (lyf, eiturefni, hormónar, þungmálmar, skordýraeitur o.fl.) sem til fellur á búinu. Það er því geymt, þar sem úrlausnir hafa ekki fundist til að eyða því, gera það skaðlaust eða nýta það.

Úrgangurinn, ásamt örverum, finnur sér leið inn í vatnsveitur, ár, grunnvatn, jarðveg og loft og mengar það. Í heimi þværrandi auðlinda, þar sem hreint vatn telst ein stærsta auðlindin, er þetta dýrt spaug. Kostnaðinn borga neytendur í sköttum og með heilsu sinni.

Það sjá það allir sem vilja það á annað borð, að svona framleiðslu-hættir eiga enga framtíð fyrir sér, þetta er ekki landbúnaður – heldur eitthvað allt annað.

Einkavæðing lífvera, mengandi úrgangur, sjúkdómar og eyðing jarðvegs

Í krafti fjármagns síns hafa erlendir stórframleiðendur í landbúnaði og fyrirtæki ýtt smærri samkeppnisaðilum (bændum) út af markaði, náð undir sig landi þeirra og bústofni og neytt þá annað hvort til að vinna fyrir sig eða flytjast burt. Matvælaframleiðslan hefur í vaxandi mæli færst í hendur færri og stærri fyrirtækja og samsteypa sem hafa eigin hag fyrst og fremst að leiðarljósi í rekstri sínum. Í Bandaríkjunum ráða t.d. 10 fyrirtæki um 90% allrar alifuglakjötsframleiðslu. Það má alveg segja það eins og það er, að sá/þeir sem ráða yfir matvælaframleiðslunni í heiminum

hafi æði mikil völd og þau völd eru í vaxandi mæli komin í hendur tiltölulega fárra risafyrirtækja.

Einkavæðing þessara fyrirtækja (Monsanto) á útsæði, fræi o.fl. lífverum er enn ein útgáfan af þeirri „matvælaframleiðslu“ sem þeir stunda og raunveruleg ógn við framtíð almennings og bænda. Hvers vegna skyldi annars einhver vilja einkavæða slíkt nema til að geta einokað sölu á því og hvað er þá orðið um fæðuöryggi fólks?

Með aukinni fræðslu og vitundarvakningu hefur orðið opinbert hvernig „landbúnaður og matvælaframleiðsla“ er stunduð hjá slíkum aðilum og flestir sem kynna sér málin eru sammála um að sú hugmyndafræði og meðferð á landi, skepnum og mannskap sem þar er viðhöfð sé óviðunandi. Fólk sem ekki hefur komið nálægt búskap, hefur engan sérstakan áhuga á honum eða matvælaframleiðslu sem slíki, er að vakna upp við þann vonda draum að maturinn sem það kaupir úti í búð er kannski ekki það sem hann á að vera. Neysla hans vekur óeðlileg viðbrögð, jafnvel veikindi og dauða.

Á síðasta ári veiktust 2 millj. Bandaríkjamanna af völdum MRSA, þar af létust a.m.k. 23.000. Þessar tölur hækka með vaxandi sýklalyfjaónæmi, sem að stærstum hluta má rekja til verksmiðjubúskapar. Þegar stóra myndin er skoðuð og allt reiknað inn í dæmið, þá er það spurning hversu mikið neytandinn raunverulega sparar með kaupum á ódýru verksmiðjuframleiddu kjöti og hver raunverulega græðir. Þetta vita upplýstir neytendur og ákveðinn trúnaðarbrestur hefur orðið milli stórframleiðenda í landbúnaði og þeirra. Skoðun sína sýna neytendur í verki þegar þeir fara að versla í matinn. Þar kemur lífrænn búskapur sterkur inn því hann er alger andstæða við þá hugmyndafræði sem þessi fyrirtæki hafa að leiðarljósi.

Sigríður Ævarsdóttir

Af hverju að framleiða?

Um leið og mál um blöndun á innlendum og erlendum landbúnaðarafurðum komu upp á yfirborðið byrjaði ákveðinn hópur þjóðfélagsins að tala fyrir frjálsum innflutningi á erlendum landbúnaðarafurðum.

Lönd sem eru okkur fjær eru nú þegar farin að búa sig undir skort á matvælum. Þessi lönd eru að kaupa upp ræktarleg landbúnaðarlönd, matvælaferksmiðjur og stórbýli allt í kringum okkur. Ef við færum að treysta á önnur lönd til að sjá okkur fyrir mat mundi innlend framleiðsla minnka á móti innflutningi, því að til hvers ættu bændur að vera að framleiða ef enginn vildi kaupa eða borða það sem framleitt er?

Þegar erlendu löndin vakna svo einn daginn og sjá að tími er kominn hjá þeim, að þau eru komin hættulega nálægt því að vera ekki sjálfum sér næg, hvað verður það fyrsta sem þau gera? Fólk borðar ekki peningana sína, svo að útflutningi verður hætt. Þar með verðum við klippt af hinu blómstrandi tré sem svo margir sjá í hillingum og hvað sitjum við þá uppi með? Lítið matvælaöryggi, sem nú þegar í dag er undir 50%, og vöntun á innlendri framleiðslu og þar með matvælum, en það tæki mörg ár að vinna það til baka ef það er þá hægt.

Sanngjörn umræða?

Margir tala um að innlend matvælaframleiðsla sé of dýr. En í hvernig heimi búum við? Um einn milljarður jarðarbúa sveltur. Á hverjum degi deyja 40 þúsund manns úr næringarskort og hvað vantar í þeim löndum þar sem



Jóhanna María Sigmundsdóttir

þetta fólk býr? Betri aðstæður til ræktunar og landbúnaðar, meira jarðnæði með frjósamari jarðvegi og meira vatn.

Jarðarbúum fer ört fjölgandi, við erum komin yfir sjö milljarða manns. Íbúafjöldinn vex svo hröð- um skrefum að alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar eru farnar að hafa miklar áhyggjur af þróuninni. Óvíst er hvort næg matvæli og vatn sé til á jörðinni til að standa undir þeim mannfjölda sem áætlað er að fjölgi í 8 milljarða fyrir árið 2025.

Við skulum muna gamalt spakmæli: Við fengum jörðina ekki að gjöf frá foreldrum okkar, við fengum hana að láni frá börnunum okkar. Hver vill búa afkomendum sínum þær aðstæður sem stefnir í ef við förum að treysta á frjálsan innflutning?

Jóhanna María Sigmundsdóttir, alþingismaður og formaður Samtaka ungra bænda.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugan tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Söluaðili:
Vélaval ehf
Varmahlíð
453 8888

- Sterkur - Öflugur - Léttur



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Á bænum Bjarnarhöfn í Helgafellssveit búa þau Brynjar Hildibrandsson og Herborg S. Sigurðardóttir. Brynjar er uppalin í Bjarnarhöfn og byrjaði í félagsbúskap með föður sínum Hildibrandi árið 1981. Herborg flutti hins vegar í Bjarnarhöfn 1991. Þau Herborg og Brynjar tóku við sauðfjárbúinu 1997 en Hildibrandur og Hrefna Garðarsdóttir kona hans, ásamt Guðjóni Hildibrandssyni, reka ferðaþjónustu og hákarlsverkun á bænum.

Býli: Bjarnarhöfn.

Staðsett í sveit: Helgafellssveit.

Ábúendur: Brynjar Hildi-brandsson og Herborg S. Sigurðardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Erum núna tvö í kotinu en sonurinn Helgi Karl og tengdadóttirin María Halldórsdóttir eru við nám á Akureyri.



Haförninn.

Stærð jarðar: Rúmir 2.000 hektarar.

Gerð bús: Sauðfjárbú, lítillsháttar hrossarækt og hundatamningar.

Fjöldi búfjár og tegundir: 550 fjár á fóðrum og um 20 hross. Einnig eru á bænum þrír Border Collie-fjárhundar og yfirleitt 2 til 4 aðkomuhundar í tamningu.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Á þessum tíma árs eru það gegningar tvisvar á dag og hundatamningar og hrossastúss þess á milli. Svo býður hver dagur alltaf upp á einhver



Bjarnarhöfn

önnur verkefni tengd búskapnum eða annað sem þarf sinna.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin: Smalamennska, útreiðar og hundatamningar teljast skemmtilegustu verkin á þessum bæ, en að þurfa að smala inn öllu lambfé seinnipart sauðburðar vegna suðvestan illviðris er ekki gaman.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Með svipuðu sniði og nú en við hyggi-umst halda áfram að endurbæta fjárhús til að léttja störfin.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Erum þakklát því

fólki sem fórnar tíma sínum og kröftum í þágu bænda.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Þegar neytendur verða almennt búnir að átta sig á að skynsamlegast er að láta ofan í sig hreinar landbúnaðarafurðir, frá íslenskum fjölskyldubúum, þá mun íslenskum landbúnaði vegna vel.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Útflutningur hefur alltaf gengið hálf brösulega, alla vega hefur hann skilað litlu til okkar bænda, en nú síðustu misserin virðist þó hafa færst aukinn kraftur í útflutningi á

hinum ýmsu vörum á nýja markaði. En innanlandsmarkaður er og verður okkar mikilvægasti markaður og stækkar vonandi með auknum ferðamannastraum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, mjólk, smjör og súrmatur. Frystikistan geymir lambakjötið.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambafille og saltað hrossakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin: Þegar annar bóndinn kom heim með haförn klæddan í regnstakk, þegar hann átti að vera að smala eftirlegukindum.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Heimabakað vínarbrauð með sítrónu og límónu

Íslendingar voru fljótir að tileinka sér danska vínarbrauðshefð þegar Danir réðu hér ríkjum fyrr á öldum. Bakstur hefur ætíð verið stór þáttur í menningunni og það þótti merki um góðan búskap að bjóða upp á margar sortir með kaffinu.

Á seinni árum sjáum við meira af ýmiss konar tilbúnu sætabrauði eða deigi sem gjarnan er útbúið í útlöndum, fryst og sent hingað til lands í gámum. Deigið er síðan bakað í stórmörkuðum eða stóreldhúsum. Sitt sýnist hverjum um þessa þróun en ég ætla nú að bjóða upp á heimabakað vínarbrauð með gamla laginu, þ.e. þar sem deigið er búið til frá grunni. Fyrir þá sem vilja stytta sér leið er hægt að kaupa tilbúið smjördeig í flestum matvöruverslunum.

Deig

- › ¼ bolli volgt vatn
- › ¼ bolli nýmjólk
- › 2 teskeiðar ger
- › 2 bollar brauðhveiti
- › ½ bolli sykur
- › ½ tsk. salt
- › Ögn kardimommur eða 1 tsk. dropar
- › 1 msk. smjör
- › 1 stórt egg
- › 1 bolli ósaltað smjör (kalt)

Hellið mjólk og vatni í pott og velgið upp. Hellið í hrærivélaskál og hrærið sykri út í ásamt salti, kardimommum og hveiti. Bræðið smjórið á pönnu og bætið út í ásamt eggji og hrærið. Hitið blönduna í 60 °C. Látið kólna örlítið og bætið gemum í. Setjið í ísskáp í 30 mínútur.

Smjórið: Undirbúið einn bolla af smjóri. Setjið smjórið á plast filmu. Og aðra filmu yfir þá er auðvelt að rúlla með kökukefli út í réttmynding.

Deigið: Takið deigið út úr ísskápnum og fletjið út í réttmynding sambærilegan og smjórið.

Leggið saman báða hlutana. Brjótið saman tvisvar sinnum (3 lög). Gott er að kæla á milli svo smjórið bráðni ekki þegar verið er að fletja deigið út. Setjið aftur inn í kæli í 30 mínútur.

Endurtakið þetta þrisvar sinnum, kælið og mótið í þríhyrninga eða lengjur eftir því sem hentar.

Setjið deigið aftur í kæli í að minnsta kosti 1 klst. eða yfir nótt. Nú er deigið tilbúið til notkunar.

Sætabrauðsgerðin er auðveld í eðli sínu en ég bendi á eftirfarandi vefslóð á YouTube: <https://www.youtube.com/watch?v=sevB6yqejUc>

Hér er komið að fyllingunni (sjá innihald t.h.) og hún sett inn í vínarbrauðið. Þá er vínarbrauðinu lokað og um að gera að flétta saman deigið.

Penslið með hrærðu eggji og bakið við 200° C ofn í 25 mínútur. Takið úr ofninum og látið kólna. Sum vínarbrauð eru kláruð með glassúr eftir baksturinn.



Vínarbrauðsfylling

- › 100 g sykur
- › 1 matskeið hveiti
- › 1 matskeið Maizena-mjöl
- › Klípa af salti
- › 2 eggjarauður
- › 1 bolli rjómi

- › 1 tsk. smjör
- › 1 matskeið ferskur sítrónusafi (gott er að blanda sítrónu og límónu)

Blandið saman eggjarauðu og rjóma í miðlungsstórum potti. Sameinið sykur, hveiti, Maizena-mjöl og salt í pottinn. Hrærið eggjablöndunni í pottinn yfir

miðlungshita. Meðan blandan hitnar upp og byrjar að sjóða og þykkna þarf að hræra stöðugt. Þetta ætti að taka um 10 mínútur. Notið sem fyllingu í vínarbrauð eða smjördeigssnúða. Til viðbótar fyllingunni sjálfri er upplagt að setja frosin jarðarber eða önnur ber áður en lengjan er fléttuð saman. Þá er kjörið að nota ýmsar tegundir af hnetum til að gera vínarbrauðið ennþá lystilegra.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Langar að verða listakona

Nafn: Sara Dögg Eyvindardóttir.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Hrutur.

Búseta: Á Reykhólum.

Skóli: Reykhólaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?
Mér finnst skemmtilegast í myndmennt.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?
Hundur.

Uppáhaldsmatur: Kjötsúpa.

Uppáhaldshljómsveit:
One Direction.

Uppáhaldskvikmynd:
Step Up.

Fyrsta minningin mín:
Ég man þegar ég fór í fyrsta



Sara Dögg Eyvindardóttir

sinn í bað, það var þegar ég kom heim af sjúkrahúsinu, og þegar ég eignaðist fyrstu vinkonu mína hana Sölku.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?
Ég æfi fótbolta með litla bróðir mínum honum Sigurvin.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?
Þegar ég er orðin stór langar mig til að verða listakona.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?
Keyrði ein á fjórhjólinu hans pabba.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?
Vaska upp.

Gerðir þú eitthvað sérstakt í sumar?
Ekki í sumar en í fyrra fór ég til Flórida.

PRJÓNAHORNID

Fallegur hringtrefill

STÆRD

Um 25x150 cm, efnið er mjög teygjanlegt.

EFNI

3 dokkur Tyra no An 1122 en það er til í að minnsta kosti 14 litum – sjá www.garn.is – en auðvelt er að gera trefilinn breiðari og lengri og þá þarf fleiri dokkur.

PRJÓNAR

Prjónar nr. 6

AÐFERÐ

Fitjið laust upp 42 lykkjur og prjónið 1 umferð garðapryón.

Síðan er prjónað þannig.

Takið fyrstu lykkjuna óprjónaða, slá upp á, prjóna 2 l saman, þannig er prjónað út umferðina, síðasta lykkjan prjónuð slétt. Í næstu umferðum er farið aftan í lykkjurnar þegar prjónaðar eru tvær saman.

Gætið þess þegar þið skeytið saman dokkum að hafa endana á garninu á jöðrunum, það er auðveldara að ganga frá þeim þar af því hvað trefillinn er laust prjónaður.

Endurtekið þar til trefillinn hefur náð þeirri lengd sem þið óskið.

Prjónið þá 1 umferð slétt og fellið síðan laust af.

Gangið frá endum og saumið trefilinn saman á endunum. Þið ráðið því hvort þið snúið upp á



hann eða hafið hann sléttan þegar þið saumið hann saman.

Góða skemmtun.

Inga Pyri Kjartansdóttir

Vísnavinur



Jói í Stapa níræður

Jóhann P. Guðmundsson, betur kunnur sem Jói í Stapa, sem er þekktur vísnavinur, hélt upp á 90 ára afmælið sitt í fyrri viku.

Eftir Jóhann liggja m.a. ljóðmæli sem hann gaf út árið 2006 og nefndi Axarsköft og runnu þau út eins og heitar lummur. Síðan komu út Ný Axarsköft árið 2011. Rúnar Kristjánsson skáldavinur á Skagaströnd sendi Jóhanni kveðju í bundnu máli á afmælisdaginn.

22. janúar 2014
– hugsað til níræðs kapp:

Dagur Jóa dug mér þróað getur,
er sem glói andinn þá,
öflug fró mér dvelji hjá!

Bragur hans í blóði dansar lengi,
heiðurskransa gefið gull
gyllir mannsins ljóðafull!

Dagur Jóa geymir gróíð flæði,
andans ró þar á sitt hlað,
yndis nógan samastað!

Bækur

HRELLIR

– ævintýri um umhverfisvernd

Fyrir nýliðin jól kom út hjá bókaforlaginu Sölkun barnabókin HRELLIR – ævintýri um umhverfisvernd eftir Sigríði M. Örnólfsdóttur. Þessi skemmtilega og umhugsunarverða saga fjallar um Óla og Rósu sem eru átta ára, óveðursþúkann Hrelli, kynni barnanna af huldufólki og viðbrögð þeirra við mengun sem ógnar lífríki jarðar. Höfundurinn, Sigríður Margrét Örnólfsdóttir, er leikskóla-

kennari að mennt og hefur mestan sinn starfsaldur starfað tengt því. Sigríður er ekki úti á vinnumarkaðinum sem stendur en fæst við að skrifa. Árið 2012 kom út eftir hana barnabókin Ævintýri um álfa og tröll, sem barnabörnin hennar myndskreyttu. Frábær bók fyrir öll börn sem vilja hugsa um umhverfið.



Létt

			1					
		7		4	9			
					7	5		
		5	2			8	1	
2	9							
								7
				2				
6			3					5
	1		8	6		2	9	

Miðlungs

		6	3		7			
3						4		
				1	2			
				6	1		9	
		5					2	
	2				5	7	8	
						5	6	
	1			9				
9		8						7

Þung

	5	8					1	
1			4				8	2
2					5			
	6				9	3		
			3					
		2	1				6	
			7					3
5	3				6			7
	2					6	4	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur frá 1-9 í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línun.

Þrautirnar eru miserfiðar, sú sem er lengst til vinstri er léttust og sú til hægri þýngst en sú í miðjunni þar á milli.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



RYÐFRÍIR HITAKÚTAR
Vönduð vara Áratuga reynsla.
Blöndunarloki fylgir.
NORSK FRAMLEIÐSLA
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is



Liebherr R934 C beltagrafa
2010 árg. 4.050 vst. 32 tonn
1 skófla
Verð 17.900.000 + vsk.
Uppl. í síma 660-6051.

Hamm 3412 valtari
2007 árg. 1.668 vst. 12,2 tonn
Verð 7.400.000 + vsk.
Uppl. í síma 660-6051.

Thwaites AD 2,3 TDK dumper
2008 árg. 981 vst.
Verð 2.500.000 + vsk.
Uppl. í síma 660-6051.

MERKÚR
merkur.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Uppl. í síma 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Kerrur á einum og tveimur öxlum, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30 - www.brimco.is



Hringgerði til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Flugumýri 8, 270 Mos. Opið 13.00-16.30. Sími 894-5111 www.brimco.is



Brynningartæki. Úrval af brynningar-tækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur. Frábærar skeifur framleiddar skv.reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8. Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30 www.brimco.is



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is. Verð kr. 9.885,- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8. Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Nýr Belarus 1221.3 Verð kr. 5.145.000 án vsk. Rafvörur ehf. Dalvegur 16c. 201 Kópavogur. Uppl. í síma 568-6411. www.rafvorur.is



Haughræra. Lengd 5,6 til 7,6 metrar. 7,6 m kr. 650.000,- án vsk. Búvís, sími 465-1332. buvis.is




McCormick MC 115. Árg. '03. 110 hestöfl, ekin 3800 vst. Dekk Michelin. 600/65R34 og 480/65R24. Stoll ámoksturæki. Verð.Kr 4.300.000. án vsk. Búvís. Sími 465-1332.



John Deere 6140R. Árg. '12. Autoquad skipting og 40 km. Kassi. Frambúnaður, aflurtak og fjaðrandi hús. Dekk: Continental 650/65R38 og 540/65R28. Verð: kr.13.860.000. + vsk. Búvís. Sími 465-1332.



John Deere 6230 Premium Plus. Árg. '10. Autoquad ECO PLUS skipting og 40 km. kassi. Fjaðrandi hús,framhásing og ámoksturæki. Dekk: Michelin 540/65R38 og 480/65R24. Verð: kr. 9.880.000. + vsk. Búvís. Sími 465-1332.



Hohner-harmonikka til sölu. Yfirfarin og stillt og ásláttur mun grynri en á Hohner vanalega, líkari áslætti á ítölskum harmonikkum. Hún er í tösku sem sýnir vel aldurinn en er í lagi. Ólarnar eru ekki þær bestu en gætu dugað eitthvað. Verðhugmynd 100 þús. Uppl. í síma 892-0055.



Til sölu Isuzu Trooper árg '03, 7 manna, ekinn 198 þús, 38" breyting, 5,38 drif, loftlæsingar, 60L auka-tankur. Verð 1400 þús. Uppl. í síma 893-5781.



Ekki gleyma að panta lambamerkin vinsælu frá Chevillot. Sama lága verð og undanfarin ár!! Jötunn Vélar Selfossi og Akureyri, sími 480-0400.



Hrekklaustr og rólegt tveggja mán-aða tamið trippi, barna/fjölskyldu-hestsefni, undan hestinum Mola frá Skriðu, fengnúmer IS2008265382, brúnskjótt, skottott. Staðsett í Kjós. Verð 280 þús. eða tilboð. Frekari uppl. í síma 823-2394, Heiðís.



Nissan Patrol árg '08, nýsk. Ljósgrár 7 manna, ljóst leður. ssk, sólluga, DVD, dráttarkrókur, toppbogur, húddhlíf ofl. Nýleg nelgd 33 tommu dekk fylgja. Ekinn 119 þús. Sbl. 5.290 þús. Tilboð 3.990 staðgreitt. Uppl. í síma 893-2659.



Reck mykjuhrætur með 50 - 60cm. turbo sknúspaða fyrir 60 - 200 hö. traktor pto, 540-1000. lágmarkar eldneytiseyðslu í hræringu. Uppl. í símunum 587-6065 og 892-0016.



Á hagstæðu verði: Maschio hnífatætarar 235-260-285 cm. Pinnatætarar 300 cm. Snjóblásarar 2,29-2,59 m. Skekkjanlegar tennur 2,65 m. Uppl. í símunum 587-6065 og 892-0016.

Næsta Bændablað kemur út 20. febrúar



Til sölu uppgerður Fastrack 145 hö með tvöf.skráningu. hám.hraði 90 km. Tim Tyregod 15tn. verktakavagn með beygjuöxul. Verð fyrir settið 4 millj. Uppl. í síma 892-1208.



Til sölu Hitachi ZX35. Árg. '04, 3,3 tonn, 1.700 vinnustundir. Uppl. í síma 575-2400 eða hh@velafl.is, www.facebook.com/velafl



Til sölu Led vinnuvélaljós. Til viðbótar við 27W 6400kr og 48W 9.200kr. Þá á ég 45W stærð 145x97 3.300L 12.000kr. og 18w 1150L 5.500kr. Öll verð m.vsk. Uppl. á netfanginu umrot@vortex.is og í síma 893-0331.



Til sölu Toyota LC VX beinsk., commonrail. Árg. '01, ek. 219 þús km. Verð 1.460.000 kr., skoða skipti á ódýrari. Uppl. í síma 893-7110, Magnús.



Til sölu Isuzu 2.3 DLX árg '91, 35" Dekk. Ekinn 188.000, ný tímareim ofl. Verð tilboð. Uppl. í síma 693-9181.



Til flutnings, 38fm, 2 svefnherbergi, stofa og eldhús með nýlegri og góðri eldhúsinnréttingu. Eldavél, ísskápur og uppþvottavél. Pallur fylgir og nýlegur pottur getur fylgt. Uppl. í síma 892-4307, Þórður.

Til sölu 2 stk. vörubíladekk 385/65R-22,5 Michelin á felgum og 8 stk 295/80R-22,5 á felgum sóluð. Sturtuklefi frá sturta.is 90x110 ónotaður (flott græja). Renault Megane Scenic, 4x4 árg. '00 með slitna tíma-reim og bogna ventla en að öðru leyti í toppstandi. Uppl. í síma 849-4642, Egill.

Til sölu JCB-grafa 444, árg. '01 með bílaða skiptingu. Uppl. í síma 898-0433, Einar. Einnig New Holland 560 A rúllusamst., árg. '06, notk. 24 þ rúllur, ásett verð 2.450 þ., Fendt ámokstur-tæki, árg. '05, lítið notuð. Uppl. í síma 894-3395, Halldór.

Til sölu JCB 4CX Traktorsgrafa. Vél í ágætis lagi, árg. '92. ekinn 13 þús.vs. Upptekinn mótör, 2 skóflur. Verð 2,5 + vsk. Einnig til sölu tvöföldun. Uppl. í síma 892-5554.

Til sölu íslenskur fjárhundur blandaður með Labrador. Mjög falleg tik „Mejsi“. Blendingur, 6 mån. leitar að góðu heimili í sveit. Miðstærð af hundi, stutt hár. Sjá myndir á Bland.is. Hundar. Allir hennar hlutir fylgja með (25.000). Hafðu samband í sínum 552-5808 og 660-7748, Þormar.

Til sölu Toyota Landcruiser, árg. '97, ekinn 322 þús., ssk. blár á lit, 8 manna. Nýleg nagladekk á felgum fylgir. Ásett verð 850 þús. Uppl. í síma 691-4134. Sigurjón.

Til sölu Schulte 9600 snjóblásari, árg. '05. Verðhugmynd 950 þús. Einnig 2 sýnatökukassar fyrir Lely mjalta-róbót. Nývirði á stk. er 440 þús. Óska eftir tilboði. Uppl. í síma 894-3367.

Til sölu í Rangárvallasýslu vel þurrt hey í rúllum, gott í fé og hross. Á sama stað til sölu traktorsknúin rafstöð 12,4 kw. Uppl. í síma 892-8442.

Til sölu eru 4 Border Collie hvolpar. Til afhendingar í lok feb. Hreinræktaðir, svartir/hvítir undan tömdum hundum. Mjög áhugasamir en hugljúfir. Uppl. í síma 895-0834, Sigurður.

Til sölu Pajero, árg. '99, skoð. 2015. Keyrður 206 þús., 33" dekk. Verð 600 þús. stgr. Einnig kamína í sumarþ. eða heimili, ónotuð 7 kw, verð 250 þús. Uppl. í síma 691-2900.

Til sölu 25 rúllur af úrvals hestaheyi. Er á Suðurlandi. Uppl. í síma 892-0947.

Til sölu MMC Pajero stuttr, 2,8 dísel, árg. '98, ekinn 275 km., vel með farinn, góður bíll. Ásett verð 650 þús. Uppl. í síma 894-0727.

Til sölu nýleg fimm fleka bílskúrhurð, b: 2,4 og h: 2,5, einnig nýlegur bílskúrhurðamótör, Motorlift 700, stór flísa-sög, útihurðir úr áli og trémahony. Einnig mahonyfög með gleri, saman-brjótanlegur stigi og LG-örbylgjuofn. Er líka með ramp fyrir mótörhjóli til sölu. Uppl. í síma 663-4455.

Óska eftir

Kaupi allar tegundir af vínýlplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínýlplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com.

Gömul hjól. Er með mikla dellu fyrir eldgömlum hjólum. Leynist eitt slíkt í geymslunni þinni? Þarftu að losna við það? Hringdu þá í mig í síma 846-3635 eða sendu línu á bleosson@gmail.com. Ástand skiptir ekki máli. Minni á að pósturinn getur sent, á kostnað viðtakanda.

Óska eftir að kaupa gömul íslensk póstkort. Nefangið er flatey48@hotmail.com. Uppl. í síma 893-0878.

Óska eftir gömlum Volvo Amazon eða varahlutum í gamla Volvo bíla. Allt kemur til greina. Uppl. í síma 840-5088 eða senda tölvupóst á karelrnf@gmail.com

Óska eftir að kaupa notaða 2 stjörnu mógavél (Má vera bíluð). Uppl. í síma 893-7616 Kristinn.

Óska eftir bandsög og þykktarhefli, helst gömlu og góðu. Má þarfnast viðgerða. Uppl. í síma 691-3002, Jón R.

Ræktunarland undir garðyrkjurækt óskast 5-20 hektarar, helst við vatn, læk eða sjó. Óskast leigt (langtíma-leiga ekki minna en 25 ár) eða keypt á mjög góðum kjörum, úthús væri stór plús. Uppl. í síma 847-8432 eða á landis@simnet.is

Óska eftir heilum framstuðara á Toyota Land crusier 80, árg. '93. Uppl. í síma 866-7816, Benedikt

Óska eftir afrúllara, helst 3 farsa, þarf að vera í lagi en skoða allt. Uppl. í síma 892-3955, Sigurður.

Atvinna

Christian frá Berlín óskar eftir starfi á sveitabæ eða í litlum bæ úti á landi. Hann hefur komið nokkrum sinnum til Íslands og talar örlitla íslensku, ensku, frönsku, norsku og þýsku. Hefur reynslu af störfum á sveitabæ, við smíðar og sem ljósmyndari. Uppl. á trollwald@web.de

Breti með reynslu af sauðburði óskar eftir að starfa við sauðburð í vor/sumar. Hann hefur búið og unnið á Íslandi og getur útvegað meðmæli. Uppl. á aloeloehenry@gmail.com eða í síma 0046 (0)703838374

Óskum eftir að ráða til okkar ráðskonu á stórt sveitaheimili á Snæfellsnesi. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af eldamennsku og almennum heimilis-störfum. Uppl. á netfangið anna@fbmidhraun.is

Duglegur strákur á 15. ári óskar eftir að komast í sveit í sumar. Övanur en mjög áhugasamur og viljugur til að læra. Uppl. í síma 898-5223.

Dýrahald

Kettlingar fást gefins, kassavanir. Uppl. í síma 893-5518.

Húsnæði

Sumarhús til leigu, langtímaleiga upplagt fyrir hestafólk. Uppl í síma 866-3114 og á sigmar48@gmail.com

Til leigu herbergi í Laugardalnum, Reykjavík, 10 fm herbergi á forstofugangi með baðherbergi til leigu. Leigist með aðgangi að þvottavél og internetaðgangi á 35.000 krónur. Reykleysi og reglusemi áskilin. Áhugasamir sendi póst á dvergholt@talnet.is.

Menntun

Náttúru- og umhverfisfræði - BS nám. Markmið BS-náms í náttúru- og umhverfisfræði við Lbhl er að útskrifa nemendur með góða undirstöðu í náttúrufræðum og með sérþekkingu á íslenskri náttúru. Nánar á www.lbhi.is - Landbúnaðarháskóli Íslands.

Skrúðgarðyrkja í Garðyrkjuskólanum. Frábært nám á góðum stað! Allt sem viðkemur nýbyggingu, viðhaldi og endurgerð lóða. Undirstöðuatriði garðyrkjunnar. Nám á framhaldsskólastigi. Sveinspróf. Nánar á www.lbhi.is - Landbúnaðarháskóli Íslands.

Skipti

Er með 120 fm einbýlishús og 50 fm bílskúr á Suðurlandi í skiptum fyrir lítið jarðnæði en með húsum hvar sem er á landinu. Verð um 25 m. Vill selja Nalla með tækjum, 50 hestafla, vel gangfær. Verð 260 þús. Einnig 183 cm ámoksturstækjaskófla sem ný, verð 100 þús. Ferguson árg. '52 til uppgerðar. Verð 100 þús. Vill gerast umsjónarmaður eða staðarhaldari í sveit, er vanur. Uppl. í síma 865-6560.

Þjónusta

Bændur - verktakar! Skerum öryggis-gler í bíla, báta og vinnuvélar. Sendum hvert á land sem er. Skiptum einnig um rúður í bílum. Vinnum fyrir öll tryggingarfélagin. Margra ára reynsla. BílaGlerið ehf. Bíldshöfða 16 110 Rvk. Sími 587-6510.

Viðburðir

Hvanneyri útskriftarnemar 1979. Við fögnum 35 ára útskriftarafmæli frá Hvanneyri laugardaginn 26. apríl í Reykjavík. Komið verður saman að morgni og farið upp að Hvanneyri í skoðunarferð. En kvöldið verður síðan hátíðarkvöldverður í Reykjavík. Mikilvægt er að menn skrái sig fyrir 22. febrúar hjá eftirtöldum aðilum. Aðalsteinn Á. Baldursson: kuti@framsyn.is, Kolbrún Júlíusdóttir: kolsholt@islandia.is, Ólöf Ólafsdóttir: breidavad@simnet.is.



Krakkarnir í Krakkaborg með nýju bókina. Ingunn er til vinstri á myndinni og Erna Jóhannesdóttir, deildarstjóri á Krummadeild, til hægri. Markmiðið með áttinu er að auka fiskneyslu Íslendinga, ekki sist á meðal ungs fólks.

Mynd / MHH

Leikskólabörn í Krakkaborg fá fisk tvisvar í viku

Allur elsti árgangur í leikskólum landsins, um 4.500 börn, hefur fengið afhenta bókina um Fiskinn hennar Stínu sem unnin var upp úr ljóði Jóhanns G. Jóhannssonar og er liður í Fiskidag – landsátaki í fiskneyslu. Matís stendur fyrir áttinu og er því ætlað að gera

neytendur meðvitaðri um mikilvægi neyslu á fiski, lýsi og öðru sjávarfangi.

Átakið er styrkt af AVS-sjóðnum og stýrt af verkefnisstjórnunum Gunnþórunni Einarisdóttur og Ingunni Jónsdóttur hjá Nýsköpunarsviði Matís. Ingunn

mætti nýlega í leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi og afhenti þar elstu krökkunum ókeypis eintök af bókinni um Fiskinn hennar Stínu. Þá má geta þess að krakkarnir í leikskólanum fá fisk í matinn að lágmarki tvisvar í viku.

/MHH

Verndarsvæði Mývatns og Laxár:

Takmörkun á umferð hrossa

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fékk ósk um umsögn vegna takmörkunar á umferð hrossa á verndarsvæði Mývatns og Laxár, á milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal og var það til umræðu á fundi sveitarstjórnar á dögunum. Sveitarstjórn vísaði erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar.

Fyrir fundinum lá bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar á takmörkun á umferð hrossa á milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. Í bréfinu segir:

„Reiðleiðin milli Ljósstaða og Brettingsstaða er falleg leið. Hundruð og jafnvel þúsund hross fara leiðina á hverju ári. Ástand reiðleiðarinnar er hinsvegar þannig að það er óásættanlegt vegna gróðurskemmda af völdum hrossa. Landeigendur hafa óskað eftir því að leiðinni verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa.“

Svæðið tekið út árlega

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu getur



Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að takmarka umferð hrossa um svæðið. Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að annars vegar verði óheimilt að fara með lausa hesta ums væðið og hins vegar verður ekki heimilt að fara með meira en tvo hesta til reiðar um það.

Þá er gert ráð fyrir að svæðið verði tekið út á hverju ári og ákvörðun um frekari opnun eða lokun tekin út frá ástandi svæðisins. Umhverfisstofnun mun þá kynna ákvörðunina sérstaklega til allra hestamannafélaga landsins sem og ferðaþjónustuaðila sem eru með hestaferðir.

Ekkert brottfall eftir 10. bekk á Þórshöfn

Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn er nú komin á fullt skrið, en sex nemendur eru við nám í framhaldsskóladeildinni, þar af tveir sem sneru aftur eftir að hafa tekið haustönn á Laugum í Reykjadal. Þetta er fimmti veturinn sem deildin starfar og segir á heimasíðu Þekkingarseturs Þingeyinga að ánægjulegt sé að með tilkomu hennar hafi tekist að útrýma brottfalli nemenda eftir 10. bekk.

Allir nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi á Þórshöfn hafa annað hvort farið í framhaldsskóladeildina á staðnum eða lengra til.



Þórshöfn.

Mynd / HKr.

„Þetta styrkir deildina í sessi enda samfélagslegur hagr af því að mennta unga fólkið okkar. Nokkur spenna er í krökkunum fyrir komandi mánuði en þá fara nokkur þeirra ásamt

kennara í skólaferð til Kanaríeyja. Það er liður í Comeniusar-verkefni sem Framhaldsskólinn á Laugum tekur þátt í ásamt nokkrum öðrum Evrópulöndum,“ segir í frétt.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 20. febrúar

BÆKUR OG TÍMARIT TIL SÖLU:

Búnaðarbl. Freyr árg. 1903-1997	tilboð óskast
Árbók Þingeyinga árg. 1-38 innb.	35.000
Hesturinn okkar árg. 1-29 innb.	30.000
Sunnlenskar byggðir I-VI	20.000
Byggðir Eyjafjarðar 1990 I-II	8.000
Byggðir og bú S-Þingeyinga 1985	5.000
Byggðasaga N-Þingeyinga 1985	5.000
Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára I-II	8.000

Uppl. í sínum 892-5213 og 565-6187

White-Westinghouse
 - amerísk gæða heimilistæki



12 kg Þvottavél
 • Tekur heitt vatn > sparneytin
 • Stórt op > auðvelt að hlaða
 • Þvotta og orkuklassi A
 • Engin kol í mótör



RAFVÖRUR
 DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
 Sími 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

IB ehf. kynnir með stolti nýjan Ford F-350 Crew Cab 6,7l dísel



Ný vél 400HO, ný 6 gíra sjálfskipting, minni eyðsla
 Fyrsta sending í febrúar uppseld, næstu bílar koma í mars.

Verðdæmi:

Ford F-350 XLT	frá 7.390.000,- án vsk.
Ford F-350 Lariat	frá 7.880.000,- án vsk.
Ford F-350 Platinum	frá 8.730.000,- án vsk.

Höfum einnig á boðstólnum allar tegundir af Dodge Ram og GM pallbílum á góðu verði.

IB ehf - Fossnesi A, 800 Selfossi
S: 480-8080 - www.ib.is - ib@ib.is

Haughræur, framleiddar í Póllandi

Vönduð smíð úr heitgalf stáli og SS stáli.

Traktorsdrifnar hræur í mörgum útfærslum og lengdum, PTO 540

35 mm öxull úr 316 ryðfríu stáli,
 1 meter á milli lega.

Legur úr (lignofol) sýruhelt efni,
 notað sem leguefni í vatnstúrbínur.

Rafdrifnar innanhússhræur sem
 fara niður um rimlagólf.

7,5 KW, 9,2 KW, 11 KW, mótorstærðir.



Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefslóð: www.hak.is

BÚRIÐ

VETRAR

MATARMARKAÐUR

1. & 2. MARS Í HÖRPU

STÆRSTI MATARMARKAÐUR LANDSINS

UPPRUNI · UMHYGGJA · UPPLIFUN

Vilt þú selja matinn þinn?

Vegna mikillar eftirspurnar ætlar Ljúfmetisverslunin Búrið að fjölga matarmörkuðum og verður **Vetrarmarkaður Búrsins haldin í Hörpu helgina 1. og 2. mars næstkomandi.**

Búrið leitar eftir matvælaframleiðendum sem vilja selja sína framleiðslu beint til neytanda og vilja starfa með hugsjóninni hrein, bein og sanngjörn matvæli.

Hvort sem þú ert frumframleiðandi eða frumlegur framleiðandi viljum við heyra frá þér.

Endilega vertu í sambandi við Hlédísi, sími 8921780 eða sendu okkur línu á buridcheeseshop@gmail.com



Slow Food®

Grandagarður 35, 101 Reykjavík · Sími: 551 8400 · www.burid.is



Vinnufatnaður

Starfsfatnaður í fleiri og fleiri:

- Ísnet Bollakjörtn - Ösýrarárbrú 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flórun 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrantangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsdóttir - Pólsbergsgötu 1
- Ísnet / Ísnet Hafnarfjörður

Ösýrarárbrú 28 · 220 Hafnarfjörður · Sími 5288 500 · ifell@isfell.is



ÍSFELL
 www.isfell.is

isnet



Vélavit útvegur varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar
 Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!
Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 · Garðabær · Sími 5272600 · velavit@velavit.is

Sáðvörulistinn kominn

Nú er rétti tíminn til að huga að og tryggja sér sáðvörurnar fyrir vorið.
Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval.

Grasfræ til túnræktar		Yrki	kg/ha	Sekkur kg.
2000515	Grasfræblanda 1*		25	25
2000520	Grasfræblanda 2*		25	25
2000516	Grasfræblanda 1a*		25	25
2000521	Grasfræblanda 2a*		25	25
2000525	Grasfræblanda 3*		25	25
2000530	Grasfræblanda 4*		25	25
2002032	Vallarfoxgras	Snorri	25	10
2002028	Vallarfoxgras	Engmo	25	25
2003020	Vallarsveifgras	Sobra	18	25
2003030	Vallarsveifgras	Balin	18	25
2004013	Fjölært rýgresi	Calibra	35	25
2004020	Fjölært rýgresi	Bargala	35	25
2001022	Túnvingull	Gondolin	20 til 25	18
2004074	Hvítsmári	Undrom	5 til 6	10
2004087	Rauðsmári	Ares	5 til 6	10

* 1: Engmo 50% - Snorri 40% - Baron 5% - Dunluce 5%

* 2: Engmo 55% - Snorri 20% - Baron 25%

* 1a: Vallarfoxgras Tuukka 70% - Vallarfoxgras Tenho 20% - Vallarsveifgras Baron 5% - Fjölært rýgresi Dunluce 5%.

* 2a: Vallarfoxgras Tuukka 75% - Vallarsveifgras Baron 25%

* 3: Vallarfoxgras Tuukka 30% - Vallarfoxgras Tenho 30% - Hávingull Inkeri 30% - Vallarsveifgras Baron 5% - Vallarrýgresi Bargala 5%.

* 4: Vallarfoxgras Tuukka 25% - Vallarfoxgras Tenho 20% - Hávingull Inkeri 45% - Vallarsveif Baron 10%.

Grænfóðurfræ		Yrki	kg/ha	Sekkur kg.	Vaxtad**
2012015	Sumarrýgresi	Barspectra 2 (4 n)	35	25	50-60
2012020	Sumarrýgresi	Bartigra	35	25	50-60
2013015	Vetrarrýgresi	Barmultra (4 n)	35	25	70-100
2013024	Vetrarrýgresi	Turgo	35	25	70-100
2011014	Sumarhafrar	Belinda	180-200	25	75-110
2011016	Sumarhafrar	Belinda	180-200	600	75-110
2014021	Sumarrepja	Pluto	15	25	50-75
2015015	Vetrarrepja	Barcoli	10	25	90-120
2015025	Vetrarrepja	Hobson	10	25	90-120
2016061	Fóðurnæpur	Samson	1,5	1	100-130
2016014	Fóðurmergkál	Gruner Angeliter	9	1	120-150

** Vaxtadagar - eða nýtingartími frá sáningu. Oftast miðað við daga frá 31. maí.

Bygg til þroska		Yrki	kg/ha	Sekkur kg.
2022517	2ja raða	Kría	180-200	700
2022510	2ja raða	Kría	180-200	25
2023031	2ja raða	Filippa	180-200	700
2023010	2ja raða	Filippa	180-200	25
2023033	6 raða	Brage	180-200	600
2022017	6 raða	Lómur	180-200	700
2022010	6 raða	Lómur	180-200	25
2021005	6 raða	Tiril	180-200	40
2011081	Hafrar til þroska	Cilla	180-200	600
2011079	Hafar til þroska	Cilla	180-200	25

Sé óskað eftir tegundum sem ekki eru á listanum reynum við að útvega þær.

Hafið samband við verslanir okkar og samstarfsaðila um land allt



FB Reykjavík
Korngörðum 12
sími 570 9800



FB Egilsstöðum
Miðvangi 31
sími 570 9860



FB Hvalsveili
Hlíðarvegi 2-4
sími 570 9850



FB Selfossi
Austurvegi 64a
sími 570 9840

FB
FÓÐURBLANDAN
– í héraði hjá þér